

Hrifnust af smágerðum bílum

• bílar

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



Væntanlegir í langþráða Íslandsheimsókn

• vilja ekki sjá sitt að aftan

SÍÐA 42 ▶



4 dagar: **Grænland** 34.900 kr.

www.arcticwonder.com

# FRÉTTABLAÐIÐ

2. apríl 2005 – 87. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**


## LAUGARDAGUR



**BÍLAR ÁN ÁBYRGÐAR** Bandarískir bílar sem einstaklingar flytja hingað njóta ekki ábyrgðar hér og er bílaumboðunum ekki skylt að gera við þá. Milli 500 og 600 bílar eru fluttir inn í hverjum mánuði. **Sjá síðu 2**

**SKATTURINN TIL SKOÐUNAR** Samkeppnisstofnun skoðar gjaldskrá fasteignasala í kjölfar kvartana um að sumir fasteignasalar kynni verð sín án virðisaukaskatts. Því hækkji þóknun þeirra um fjórðung frá því sem gefið var upp þegar kemur að greiðslu. **Sjá síðu 2**

**RÁÐIST Á KENNARA** Líkamsrásir úr kennara eru daglegt brauð í sumum grunnskólum í Reykjavík. Proskabjálfi segir að með þjálfun og reynslu læri starfsmenn skólanna að finna þanþol barnanna svo draga megi úr þessum árásum. **Sjá síðu 4**



**ÞAÐ MÁ BÚAST VIÐ VINDSTRENG MEÐ** norðurströndinni en golu annars staðar. Rigning, slydda eða snjökoma sunnan- og austanlands. **Sjá síðu 4**



**H. C. ANDERSEN** Sinfóníuhljómsveitin heldur fjölskyldutónleika í Háskólabíói klukkan þrjú til að minnst fæðingar H. C. Andersen fyrir 200 árum. Örn Arnason leikari verður kynnrir og sögumaður.

Kvikmyndir	38	Myndlist	36
Tónlist	36	Íþróttir	30
Leikhús	36	Sjónvarp	40

**67%**

landsmanna lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.\*

Enginn annar fjölmiðill fyrir utan Ríkissjónvarpið nær til svo margra.

\*Gallup febrúar 2005

**FRÉTTABLAÐIÐ**

## Sagði sig frá starfinu

Auðun Georg Ólafsson tekur ekki við starfi fréttastjóra Útvarps. Hann segir fréttamenn hafa reynt að koma sér í vandræði með lævislegum hætti. Útvarpsstjóri hefur efasemdir um framgöngu fréttamanna.

**RÍKISÚTVARPIÐ** Auðun Georg Ólafsson hætti í gær við að taka starfi fréttastjóra Útvarps, nokkrum klukkustundum eftir að hann sat fund þar sem hann óskaði eftir góðu samstarfi við fréttamenn en kvaðst skilja þá sem ekki vildu starfa með honum og ákvæðu að hætta. Fréttamenn hvöttu hann á móti til að taka ekki starfinu. Eitt af því sem reyndist Auðuni Georg erfitt er viðtal við Ingimar Karl Helgason, fréttamann Útvarps, þar sem hann varð tvísaga um hvort hann hefði átt fund með Gunnlaugi Sævari Gunnlaugssyni, formanni útvarpsráðs. Auðun Georg telur Ingimar hafa lagt gildru fyrir sig í viðtalinu. „Í viðtali sem ég veitti fréttamanni Ríkisútvarpsins í dag í til-efni af því að ég hæfi störf var með lævislegum hætti reynt að koma mér í vandræði. Það tókst, þar sem ég vildi ekki rjúfa trúnað. En fréttamaðurinn var ekki hlutlaus; hann var málsaðili og honum tókst ekki að gera greinarmun þar á,“ sagði Auðun Georg í yfirlýsingu sinni í gær. „Ekki náðist í Markús Örn Antonsson útvarpsstjóra í gærkvöld en hann sagði í viðtali á Stöð 2 að setja mætti spurningarmerki við hvort fréttamenn hafi staðið rétt að verkum. „Ég segi það sem mína skoðun og hef nú haft orð á því í útvarpinu að það er furðu langt gengið í þessum fréttáflutningi og menn hafa notað sérhvert tækifæri sem

þeir hafa. Þeir hafa mjög víðtækt umboð, fréttamenn og dagskrárgerðarmenn Ríkisútvarpsins, til að koma að málflutningi sem er hagstæður þeirra málstað í þessu, inni í fréttum, inni í hinum og þessum dagskrárhornum, bæði í sjónvarpi og útvarpi,“ sagði Markús Örn. Jón Gunnar Grjetarsson, formaður Félags fréttamanna, vildi ekki tjá sig efnislega um þá gagnrýni sem Auðun Georg setti fram á fréttamenn í yfirlýsingu sinni. Hann fagnar þó þeirri ákvörðun Auðuns að taka ekki starfinu og telur hana mjög skynsamlega. „Hann er maður að meiri að hafa gert þetta.“

- bþg  
Sjá síður 6 og 8



**BERLÍNARMÚRINN** Ný viðhorfsrannsókn sýnir að margir Vestur-Þjóðverjar sakna tímans fyrir fall múrsins.

## Þýsk skoðanakönnun: Sjá eftir múrnum

**ÞÝSKALAND** Fjórði hver Vestur-Þjóðverji telur að lífið hafi verið betra fyrir fall Berlínarmúrsins. Þetta kemur fram í niðurstöðum viðhorfskönnunar sem gerð var á vegum háskólans Freie Universität í Berlín og þýsku skoðanakannastofnunarinnar Forsa. Samkvæmt frásögn dagblaðsins Berliner Morgenpost sýna niðurstöðurnar að þekktar klisjur um viðhorf Þjóðverja til sameiningar Austur- og Vestur-Þýskalands eigi sér raunverulega stöð í mörgum tilvikum. Ein þessara klisja er að Vestur-Þjóðverjar sakni múrsins vegna þess að uppbyggingin í Austur-Þýskalandi kosti vestur-þýska skattgreiðendur svo mikla peninga og sé baggi á efnahagslífi sameinaðs Þýskalands. ■

## Sviptingar á markaði: Nýtt met í Kauphöll

**VIÐSKIPTI** Úrvalsvísitalan hækk-aði um rúmt prósent í gær og endaði í 3.957 stigum. Vísitalan, sem mælir gengi stærstu fyrirtækja á markaði, hefur aldrei staðið hærra. Fyrra met var sett í byrjun október 2004 þegar Úrvalsvísitalan fór hæst í 3.947 stig en í kjölfarið lækkuðu hlutabréf hratt. Hækkunina í gær má fyrst og fremst rekja til þess að fréttir bárust af formlegum viðræðum milli fulltrúa KB banka og stjórnar breska banks Singer & Friedlander um kaup íslenska banks á þeim breska. Búast má við að verð á breska bankanum verði á milli 60 og 65 milljarðar króna ef af samningi verður.

- þk  
Sjá síðu 16



**FJÖLMENNI Á PÉTURSTORGI** Fjöldi fólks lagði leið sína á Péturstorgið og bað fyrir Jóhannesi Páli páfa II. Kaþólikkar söfnuðust saman víða um heim. Fjöldmennar samkomur voru haldnar víða í Póllandi þar sem páfinn er fæddur og hefur löngum verið hafður í miklum metum.

## Banalega Jóhannesar Páls II: Tugþúsundir báðu fyrir páfa

**PÁFAGARÐUR. AP** Tugþúsundir komu saman á Péturstorgi í gærkvöld til að biðja fyrir Jóhannesi Páli páfa II þar sem hann lá fyrir dauðanum í íbúð sinni í Páfa-garði. Sumir héldu á kertum, aðrir héldu höndum saman í bæn og margir grétu. Fólkið leit upp af flóðlystu Péturstorginu upp að íbúð páfa þaðan sem ljós skein út

um gluggann til marks um að páfinn væri enn á lífi. Fréttir birtust í ítölskum fjölmiðlum síðla dags í gær um að páfi væri látinn. Talsmenn Páfa-garðs báru það hins vegar til baka. Þó var viðbúið að páfi yfir-gæfi jarðlífið hvað úr hverju og sögðu menn ekki ólíklegt að það gerðist í nótt.

Talsmenn Páfa-garðs sögðu ástand páfa alvarlegt, andardráttur hans væri veikur og hjarta hans og nýru við það að gefa eftir. „Ég vonast eftir kraftaverki,“ sagði Luciana Biella, ítölsk kona sem var viðstödd guðsþjónustu en sagði þó erfitt að ímynda sér kraftaverk á þessari stundu. ■

Íris Auður Jónsdóttir fór með sigur úr bítum í hönnunarkeppni Henson:

**Markmiðið var að sigr**

SÍÐA 28 ▶

Bjarni Haukur Þórsson fékk leiklistarverðlaun í Sviþjóð:

**Kvótinn er í kollinum**

SÍÐA 20 ▶



## SPURNING DAGSINS

Ólafur, hvert var nú besta aprílgabb fjölmiðlanna í gær?

Mér fannst Coldplay-aprílgabb Morgunblaðsins best því þeir beittu „tálbeitu-gabbi“ við hljóð þess. Ef fréttin um Coldplay var ekki gabb þá allavega náðu þeir að láta mig halda að svo væri.

Segir Ólafur Teitur Guðnason, blaðamaður á Vísaskiptablaðinu, sem fylgist grannt með umfjöllun fjölmiðla á landinu.



**FISCHER FÉKK RÍKISFANGSBRÉFIÐ** Meðlimir stuðningsnefndarinnar og eiginkonur þeirra buðu Fischer og Miyoko Watai, unnustu hans, í kvöldverðarhóf.

Stuðningsnefndin:

## Hóf Fischer til heiðurs

**FISCHER-MÁLID** Stuðningsmenn Bobby Fischer, sem börðust fyrir lausn hans úr varðhaldi í Japan, héldu hóf honum til heiðurs í gærkvöld. Þar afhentu þeim honum ríkisfangsbréfið sem dómismálaráðuneytið gaf út til staðfestingar því að Fischer væri orðinn íslenskur ríkisborgari.

„Þetta var fagnaðarhóf stuðningsnefndarinnar til að halda upp á sigurinn í þessari frelsisbaráttu Bobby Fischer og fagna komu hans hingað til lands og því að hann skuli orðinn frjáls maður, Íslendingur. Við afhentum honum staðfestingu á því, sem fórst fyrir við komuna, af sérstökum ástæðum,“ segir Einar S. Einarsson í stuðningshópi Fischers.

- bps

## LÖGREGLUMÁL

**ÞRÍR LETTAR ÁKÆRÐIR** Lögreglustjórnin á Selfossi hefur gefið út ákærur á hendur þremur Lettum sem talið er að hafi starfað hér án tilskilinna atvinnuleyfa. Játúðu þeir brot sín og voru dæmdir hver um sig til eins mánaðar skil-orðsbundins fangelsis.

**KYNFERDISBROTAMÁL Í RANNSÓKN** Lögregla og sýslumaðurinn á Patreksfirði hafa nú til rannsóknar nýtt kynferðisbrotamál þar í bæ. Karlmaður er grunaður um misnotkun á unglingsstúlku og mun málið að lokinni rannsókn verða sent ríkissóknara.

Samkeppnisstofnun:

## Skoðar skattinn hjá fasteignasölum

**FASTEIGNAMARKAÐURINN** Samkeppnisstofnun er að skoða gjaldskrá fasteignasala með tilliti til þess hvort þeir gefi upp verð á þjónustu sinni með virðisaukaskatti eða ekki. Sigurjón Heiðarsson, lögfræðingur hjá Samkeppnisstofnun, telur að vanhöld séu á því.

„Reglan er sú að uppgefið verð skal vera endanlegt verð til kaupanda. Þetta gildir um alla. Það er óheimilt að gefa upp verð án þess að virðisaukaskattur sé innifalinn,“ segir hann.

„Við höfum fengið athugasemdir og kvartanir yfir því að þetta sé ekki gert í öllum tilvikum, fólk fær allt í einu viðbót, 24,5%, sem það á ekki von á. Rætt er um hvort rétt sé að koma upp einhverjum reglum sem fasteignasalar þyrftu að fara eftir. Þetta er í skoðun,“ segir hann.

Starfsmenn Samkeppnisstofnunar eru einnig að skoða heimild fasteignasala fyrir umsýslugjaldi.

Björn Þorri Viktorsson, formaður Félags fasteignasala, vildi



FOSSVOGUR

Starfsmenn Samkeppnisstofnunar skoða hvort fasteignasala gefi upp verð með virðisaukaskatti eða ekki. Lögfræðingur stofnunarinnar telur vanhöld á því. Kvartanir og athugasemdir þar um hafa borist stofnuninni.

ekki ræða þetta mál þegar leitað var eftir viðbrögðum hans.

- ghs

## DÓMSMÁL

**SEKT VEGNA FÍKNIEFNA** Héraðsdómur Austurlands dæmdi mann til greiðslu 56 þúsunda króna sektar ellegar tólf daga fangelsis vegna tveggja brota á fíkniefnalögum. Varð maðurinn tvívegis uppvis að því að geyma fíkniefni í íbúðarskála sínum að Kárahnjúkum.

## FANGELSI FYRIR HRADAN

**AKSTUR** Manni, sem ákærður var fyrir að aka réttindalaus 30 kílómetra yfir hámarks hraða, var engin linkind sýnd þegar mál hans var tekið fyrir í Héraðsdómi Austurlands. Hann fékk þriggja mánaða fangelsisdóm en maðurinn hefur margoft komist áður í kast við lögina af svipuðu til efni.

# Ábyrgðin fellur úr gildi við innflutning

Hægt er að hagnast um stórar upphæðir á því að kaupa bíla frá Bandaríkjunum en sumir kaupa líka köttinn í sekknum. Milli fimm- og sexhundrað bílar eru fluttir inn í hverjum mánuði. Stórir pallbílar vinsælastir.

**BIFREIÐAINNFLUTNINGUR** Hægt er að hagnast verulega á bifreiðainnflutningi frá Bandaríkjunum, en það er líka hægt að tapa. Þannig eru dæmi um að innfluttir bílar hafi komið bilaðir til landsins eða bilað skömmu eftir komuna og þá getur reynt eftirt fyrir fólk að fá leiðréttingu sinna mála frá seljanda. Engu skiptir þótt viðkomandi bíll sé í ábyrgð því sú ábyrgð gildir aðeins í Bandaríkjunum og eru íslensku umboðin ekki skyldug til að ganga inn í ábyrgðina. Talsverð áhætta fylgir því innflutningi sem þessum, en miðað við þá miklu aukningu sem orðið hefur setja menn það greinilega ekki fyrir sig þegar hagnaðarvonin er annars vegar.

Reikna má með að milli fimm- og sexhundrað bílar séu nú fluttir inn frá Bandaríkjunum í hverjum mánuði og hefur innflutningurinn margfaldast frá fyrri árum. Til dæmis jókst innflutningur á pallbílum til Íslands í janúar og febrúar á þessu ári um 400 prósent miðað við sömu mánuði í fyrra. Aðallega eru þetta stórir pallbílar sem fluttir eru inn, bílar sem eru yfir fimm tonn að þyngd og bera því ekkert vörugjald.

Lágt gengi dollars gagnvart íslensku krónunni er meginástæða þessarar miklu aukningar á innflutningi bíla frá Bandaríkjunum. Mesta breytingin er að bílainnflutningur einstaklinga hefur margfaldast en í mörgum tilfellum kaupa menn sér bíla gegnum netið og anna



AMERÍSKIR BÍLAR STREYMA TIL LANDSINS Stórir amerískir pallbílar eru nýjustu leikföng Íslendinga.

skipafélögin varla spurn eftir flutningum til landsins.

Dæmi eru um að menn hafi hagnast dával á innflutningi með þessum hætti. Þannig ræddi Fréttablaðið við mann sem keypti tvo Cheerokee jeppa árgærd 2000 á uppboðsvefnun E-Bay í fyrra og flutti til landsins. Hann greiddi um ellefu þúsund dollara fyrir hvorn bíl fyrir

sig eða nálægt 1,7 milljónum króna á þáverandi gengi. Miðað við gengi dagsins í dag væru þetta um 1,3 milljónir króna. Maðurinn seldi síðan annan bílinn á 2,4 milljónir króna og hagnaðist þannig um 700 þúsund krónur. Sá hagnaður væri kominn yfir eina milljón króna á gengi dagsins í dag.

ssal@frettabladid.is

Líkfundarmál:

## Súdani eftirlýstur

**DANMÖRK, AP** Danska lögreglan greindi frá því í gær að hún hefði gefið út alþjóðlega handtökuskipun á hendur tuttugu og sjö ára gömlum manni frá Súdan í tengslum við rannsóknina á morði á dönskum leigubílstjóra. Lík hans fannst sundurhlutað í miðborg Kaupmannahafnar um páskana.

Ove Dahl, yfirmaður morðrannsóknardeildar lögreglunnar í Kaupmannahöfn, vildi ekki gefa upp hvort hinn eftirlýsti væri grunaður um verknadinn, en sagði að hann væri „lykilmáður“ í rannsókninni, hann kvað vel þekktur í undirheimum Kaupmannahafnar undir viðurnefninu „Jagúarinn“.

Ökutækjaskráning:

## Öll met að falla

**BIFREIÐAINNFLUTNINGUR** „Við erum að slá öll met í skráningum bíla,“ segir Kristján Rúriksson, verkefnisstjóri hjá Umferðarstofu, en einn anginn af vaxandi bílainnflutningi frá Bandaríkjunum er álag á starfsfólk ökutækjaskráningar. Sem dæmi um þá miklu aukningu sem átt hefur sér stað þá voru nýskráningar ökutækja á tímabilinu janúar til mars á síðasta ári 3.740, en samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir fyrstu þrjú mánuði þessa árs hafa 9.545 ökutæki verið skráð hjá Umferðarstofu. „Þetta er aukning um 66 prósent og það segir sína sögu um hvað er að gerast,“ segir Kristján Rúriksson.

## APRÍLGABB

**EKKERT FJÖLTFELI** Ekkert varð af því að Bobby Fischer tefldi fjöltefli við almenning í Vetrargarði Smáralindar í gær. Frétt um fyrirhugað fjöltefli var aprílgabb.

Ríkisskattstjóri um fjárfestingar í útlöndum:

## Skattaparadísir vandamál

**SKATTAR** Skattayfirvöld á Íslandi hafa aukið eftirlit með eignum Íslendinga erlendis á síðustu árum í kjölfar þess að æ fleiri Íslendingar fjárfesta í útlöndum og eiga þar eignir af ýmsu tagi, svo sem fasteignir, hlutabréf eða bankainnistæður. Þannig sagði Fréttablaðið frá því í gær að skákmeistarinn Bobby Fischer ætti um 200 milljónir króna á bankareikningi í Sviss, sem hann yrði að telja fram til skatts hérlendis og greiða fjármagnstekjuskatt af vöxtum.

Að sögn Indriða Þorlákssonar ríkisskattstjóra hafa skattayfirvöld hér á landi aukið eftirlit sitt með málum af þessu tagi með samningum við skattayfirvöld annarra landa. Slíkir samningar eru ekki í gildi milli Sviss og Íslands en Indriði er þess

fullviss að svissnesk yfirvöld myndu veita slíkar upplýsingar ef grunur væri um undanskot undan skatti. Hann segir almennt ekki erfitt að fá upplýsingar frá Vestur-Evrópulöndum eða Bandaríkjunum; það eru skattaparadísir á borð við Cayman-eyjar sem eru stóri vandinn.

„Það er verið að vinna í þeim málum innan OECD en það byggist allt á því að þessi lönd séu reiðubúin að gera gagnkvæma samninga við önnur lönd um upplýsingaskyldu,“ segir Indriði.

- sps



RÍKISSKATTSTJÓRI Fylgist betur með eignum Íslendinga erlendis.

**HUSQVARNA 2005**  
**ENDURO HJÓL Á HVÍTUM NÚMERUM**

**12.303,- á mán\***  
Enn betri verð v. gengis

TE250 = 808.000 TE450 = 858.000 TE510 = 888.000 WR250 = 738.000

**PÚKINN.COM**  
GRENSÁSVEGI 14 s. 566-6820

Husqvarna hefur framleitt mótörhjul frá 1903 og á að baki 67 heimsmeistarattíla

ÓPIÐ TIL 13:00 VIRKA DAGA, LAUGARDAGA FRÁ 13:00 - 17:00

31. mars – 3. apríl 2005



ÍSLENSK AUGUNINGASTOFANISÍUS KÍ 2788 472005

# KRINGLU KAST



**Fimmtudagur**  
10.00 til 21.00

**Föstudagur**  
10.00 til 19.00

**Laugardagur**  
10.00 til 18.00

**Sunnudagur**  
13.00 til 17.00

Veitingastaðir  
og Kringlubíó  
eru með opið  
lengur á kvöldin.

**20<sup>til</sup> 50%**  
**afsláttur**  
af **nýjum** vörum

## Dagskrá á Kringlutorgi:

**Laugardagur kl. 14**

Kringlu-fitness upphitunarmót fyrir Íslandsmótið í fitness.

**Sunnudagur kl. 14**

Karióíkíkeppni fyrir börn. Páll Óskar tekur lagið.  
Skráning í sumarbúðirnar Ævintýraland.

**Opið 10 - 18 í dag**

**Kringlan**  
MED ALLT Á EINUM STAÐ

[www.kringlan.is](http://www.kringlan.is) upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 1.4.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	60,52	60,80
Sterlingspund GBP	114,19	114,75
Evra EUR	78,40	78,84
Dönsk króna DKK	10,52	10,58
Norsk króna NOK	9,57	9,63
Sænsk króna SEK	8,55	8,60
Japanskt jen JPY	0,56	0,57
SDR	XDR	91,37 91,91

Gengisvísitala krónunnar  
108,00 -0,07%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Álver á Norðurlandi:

# Helmingur Eyfirðinga vill álver

**STÓRIÐJA** Ríflega helmingur Eyfirðinga vill að álver rísi í nágrenni Akureyrar samkvæmt viðhorfskönnun sem Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, kynnti á fjölmennum opnum fundi um stóriðjumál á Akureyri síðastliðinn fimmtudag. Rúmlega þriðjungur íbúa Eyjafjarðarsvæðisins var andvígur álversfræmðum en rúm 12 prósent tóku ekki afstöðu. „Þetta kom mér dálítið á óvart. Ég taldi að viðhorf til álvers í Eyjafirði væri jákvæðara heldur en þessar tölur sýna,“ sagði Valgerður. Samkvæmt könnuninni jókst



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Ráðherra vildi ekki upplýsa á fundinum viðhorf Þingeyinga og Skagfirðinga til álvers á Norðurlandi en sagði þó að Þingeyingar væru jákvæðari en Eyfirðingar.

áhugi Eyfirðinga á álveri á Norðurlandi ef það yrði ekki reist í nágrenni Akureyrar en 65,7 prósent sögðust því fylgjandi, 21,9 prósent voru á móti en 12,4 prósent tóku ekki afstöðu.

Valgerður lagði áherslu á að Norðlendingar þyrftu að vera samstiga í undirbúningsvinnu vegna álvers en sagði tilraunir ráðuneytisins í þá veruna hafa skilað litlum árangri.

IMG Gallup framkvæmdi könnunina í febrúar og var úrtakið 2.400 manns í Eyjafirði, Þingeyjarsýslum og Skagafirði á aldrinum 16 til 75 ára. Svarhlutfall var 71,7 prósent.

## LÖGREGLUMÁL

**BÍLVELTA Í NORÐURÁRDAL** Bíl var ekið útaf í Norðurárdal í gærmorgun með þeim afleiðingum að ökumaður hans skarst lítillaga á höfði. Ökumaðurinn var fluttur á sjúkrahús til aðhlýningar en meiðsl hans reyndust ekki alvarleg. Talsverður krapi var á veginum þegar atvikið átti sér stað og er talið að það hafi átt sinn þátt í slysinu.

**FÍKNIEFNATÓL Á VÍÐAVANGI** Lögregla á Sauðárkróki fann um daginn mikið magn tóla til hassneyslu skammt fyrir utan bæinn. Tækin voru tekin til rannsóknar en ekki fundust neinar leifar efna. Nokkrir unglingar voru teknir til skýrslutöku í framhaldinu.

## Sjálftæðismenn: Metnaðarlaus R-listi

**BORGARRÁÐ** Sjálftæðismenn telja að Reykjavíkurlistinn hafi brotið sveitarstjórnarlög með því að leggja fram þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál borgarinnar svo seint á árinu.

Óskað hafði verið eftir fresti vegna stjórnkerfisbreytinga og breytinga á fjárhagsrömmum stofnana.

Sjálftæðismenn telja ástæðuna seinkun hjá öðrum sveitarfélögum.

„Það lýsir metnaðarleysi meirihlutans vel að dráttur annarra sveitarfélaga sé notuð sem afsökun fyrir þessum töfum,“ segja þeir í bókun í borgarráði.

-ghs

## Íslendingur í Noregi: Í fangelsi fyrir nauðgun

**DÓMSMÁL** Dómstóll í Ósló dæmdi í gær fjórutíu og tveggja ára gamlan íslenskan karlmann í tveggja ára og þriggja mánaða fangelsi fyrir að hafa nauðgað tveimur vinnufélögum.

Maðurinn var starfsmaður á dönsku ferjunni „Color Festival“.

Brotin sem hann var dæmdur fyrir áttu sér stað með viku millibili um borð í ferjunni er hún lá við festar í Ósló í janúar í fyrra.

Hálft ár af fangelsidóminum er skilorðsbundinn. Dæmda var gert að greiða konunum tveimur 100.000 norskar krónur í miskabætur, andvirði um einnar milljónar íslenskra króna. ■

# Reyna að draga úr árásum með þjálfun

Líkamsrásir á kennara eru daglegt brauð í sumum grunnskólum í Reykjavík. Proskapjálfi segir að með þjálfun og reynslu læri starfsmenn skólanna að finna út hvaða kennsluáferðir henti hverju barni.

**SKÓLAMÁL** Líkamsrásir á kennara eru daglegt brauð í sumum grunnskólum í Reykjavík. Huldís Franksdóttir, proskapjálfi í Öskjuhlíðarskóla, segir að með þjálfun og reynslu læri starfsmenn skólanna að draga úr þessum árásum.

„Maður kynnist barninu, áttar sig á því hvert þanþolið er og hvar þanmörkin eru og reynir að gæta þess að fara ekki yfir þau. Síðan beitir maður þeim áferðum sem henta hverju barni. Sum börn eiga erfitt með að taka á móti munnlegum fyrirætlum. Það veldur óöryggi í samskiptum og þau geta misst stjórn á sér. Þá verður maður að finna leiðir til að börnin skilji það sem ætlast er til og ofbjóða þeim ekki í kröfum. Þannig fækkar þessum atvikum,“ segir hún.

Kennarar og aðrir starfsmenn í 37 grunnskólum í Reykjavík hafa orðið fyrir 85 líkamsrásurum á síðustu tveimur árum. Vandinn er mestur í sérskólunum, Brúarskóla og Öskjuhlíðarskóla. Líkamsrásir eru gerðar þar daglega. Einnig eru líkamsrásir oft eða mjög oft í tveimur öðrum skólum í Reykjavík. Þetta kemur fram í svari Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur við fyrirspurn sjálftæðismanna um líkamsrásir nemenda á kennara.

Tæplega 100 börn eru í Öskjuhlíðarskóla og eru þau öll þroskaheft. Sum þeirra eiga við mjög alvarleg hegðunarvandamál að



ÖSKJUHLÍÐARSKÓLI

Líkamsrásir á kennara koma oft eða mjög oft fyrir í fjórum grunnskólum í Reykjavík. 85 líkamsrásir áttu sér stað í 37 grunnskólum í Reykjavík á síðustu tveimur árum.

stríða. Einar Hólm Ólafsson, skólustjóri Öskjuhlíðarskóla, segir að oft geti nemendur ekki stjórnað atferli sínu en það sé mikill minnihluti nemenda. Þetta sé samt sá veruleiki sem starfsmenn skólans búi við. Oftast séu nemendurnir dagfarsprúðir og hamingjusamir einstaklingar.

„Þessi börn eru í skóla og það er ekkert langtíma innlagnarúrræði í heilbrigðiskerfinu fyrir

geðveil börn á grunnskólaaldri. Barna- og unglingsgeðdeild greinir þau og er með göngudeildarþjónustu en ekki innlögn til langs tíma og þau verða að vera í skóla. Það er skólaskylda og það vantar úrræði fyrir þessi börn í heilbrigðiskerfinu, börn með geðvanda eru þar út undan,“ segir Gerður G. Óskarsdóttir, fræðslustjóri Reykjavíkur.

ghs@frettabladid.is

## Hvalfjardargöng: Lækka helstu gangagjöld

**SAMGÖNGUR** „Við höfum vissulega barist fyrir þessari lækkun um langa hríð enda um kjarabót að ræða fyrir alla þá sem um göngin fara,“ segir Gísli Gíslason, stjórnarformaður Spalar sem rekur Hvalfjardargöngin. Gjaldskrá ganganna lækkaði í gær um 38 prósent fyrir áskrifendur en sama gjald er þó áfram fyrir stakar ferðir, þúsund krónur.

**LOKSINS LÆKKUN** Áskrifendur greiða hér eftir aðeins 270 krónur fyrir hverja ferð um göngin en sama gjald verður áfram fyrir stakar ferðir.

Gísli segir að ræddar hafi verið ýmsar útfærslur á gjaldskrárlækuninni en sýnt þætti að flestir notendur nyttu góðs af þeim lækkunum sem nú taka gildi. Gjald áskrifenda í öllum flokkum lækkar úr 440 krónum á ferð í 270 krónur og notendur afsláttarkorta greiða 600 krónur í stað 700 áður.

- aðe

## EVROPA

**MÓNAKÓFURSTA HRAKAR** Batahorfur Rainiers III Mónakófursta eru mjög litlar. Þetta tilkynntu lækmar hans í gær, en furstinn hefur verið á gjörgæslu í meira en viku vegna veikinda í öndunarfærum, nýrum og hjarta. Albert prins tók við starfskyldum fursta á fimmtudag.

**NOREGSKONUNGUR UNÐAN HNÍFNUM** Haraldur V Noregskonungur gekkst í gær undir vel heppnaða hjartaskurðaðgerð. Opnað var fyrir stíflaða hjartaloku. Reiknað er með því að konungurinn verði í endurhæfingu í alla vega tvo mánuði en á meðan gegnir krónprinsinn Hákon skyldustörfum þjóðhöfðingjans.

Njóttu lífsins...

Opið í dag  
frá kl. 10 - 16


**exó**

Fákafen 9 - Sími: 568 2866 - www.exo.is


## Veðrið

**Breytilegar áttir** Það er að ganga lægð yfir landið sem hreyfist hægt og verða því vindáttir breytilegar um helgina. Í dag má reikna með norðaustan strekkingi á Norðvesturlandi og jafnvel nokkrum blæstri af suðaustri austast á landinu. Annars verður vindur skaplegur. Hitatölurnar nálgast frostmarkið víða í dag og því má reikna með slyddu eða snjókomu um landið sunnan- og austanvert, það ræðst að sjálfsgöðu af hitanum.


## Í dag



## Á morgun



## Mánudagur



## Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	10°C	sk.m.köflum	Glasgow	14°C	sk.m.köflum
London	16°C	léttskýjað	Stokkhólmur	11°C	sk.m.köflum
Paris	18°C	sk.m.köflum	Barcelona	15°C	léttskýjað
Frankfurt	14°C	sk.m.köflum	Helsinki	5°C	léttskýjað
Oslo	9°C	sk.m.köflum	Prag	12°C	heiskýrt
Róm	16°C	sk.m.köflum	Róm	16°C	sk.m.köflum
Amsterdam	15°C	sk.m.köflum	Amsterdam	15°C	sk.m.köflum

Kveðja,  
Guðrún,  
Arnardóttir  
náttúrufræðingur.

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Sýpris 100 sm og leirpottur **999 kr.**

**Þessa helgi fylgir leirpottur  
með eins metra háum sýpris**

## Tilboð

### Vorlaukar



**40%  
afsláttur**

### Fræ



**40%  
afsláttur**

### Greina- klippur


**699 kr.**



### Hekk- klippur

**999 kr.**

# VORÐAGAR



## Blómaálfar

9 sm	<b>99</b> kr.
15 sm	<b>319</b> kr.
25 sm	<b>799</b> kr.
35 sm	<b>1.699</b> kr.



Reykjavík • Kópavogi • Akureyri  
Selfoss • Reykjanesbær  
[www.blomaval.is](http://www.blomaval.is)



## KJÖRKASSINN

Ert þú með yfirdrátt í bankanum?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](http://visir.is)

Já	57,7%
Nei	42,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hljöpuðu 1. apríl?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](http://visir.is) og segðu þína skoðun



Forstöðumaður:

## Bogi á sjúkrahús

**RÍKISÚTVARPIÐ** Bogi Ágústsson, forstöðumaður fréttasviðs Ríkisútvarpsins, fór á sjúkrahús um hádegisbilið í gær vegna hjartaverkjjar. Elín Hirst er staðgengill hans og fer með ritstjórnarlega ábyrgð á RÚV þegar hann er fjarverandi.



**BOGI ÁGÚSTSSON**  
Á sjúkrahús vegna hjartaverkjjar.

- jss

Formaður útvarpsráðs:

## Var lagður í einelti

**RÍKISÚTVARPIÐ** Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, formaður útvarpsráðs, segir að ákvörðun Auðuns Georgs sé að sjálfstöðu vonbrigði. „Ákvörðunin er þó skiljanleg hjá þessum unga manni eftir þann hamangang og einelti sem hann hefur þurft að líða. Það er ekki í mannlegu valdi að berjast gegn ofurvaldi heillar fréttastofu sem leggur heilu fréttatímana undir sín viðbrögð,“ segir Gunnlaugur.

Spurður hvernig útvarpsráð muni bregðast við ákvörðun Auðuns segir Gunnlaugur málið ekki í höndum útvarpsráðs heldur útvarpsstjóra sem fari með valdið.

- sda

# Stendur heilshugar að baki starfsmönnum

Blaðamannafélag Íslands:

**RÍKISÚTVARPIÐ** Formaður Blaðamannafélags Íslands, Róbert Marshall, telur að Markús Örn Antonsson, útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins, hljóti að hugsa sinn gang nú þegar Auðun Georg Ólafsson hafi ákveðið að taka ekki við starfi fréttastjóra útvarpsfréttanna. Markús hafi í þriggja fengið vantraustsyfirlýsingu frá starfsmönnum sínum. Nær allir hafi þeir skrifað undir þá síðustu.

Róbert telur fréttamann fréttastofu útvarps ekki hafa farið offari í viðtali sínu við Auðun Georg í hádegisfréttum í gær: „Auðvitad er ég hryggur yfir því hve langt þetta mál var látið

ganga af yfirstjórnendum fyrir-tækisins. Þeir virðast ekki bera hag þess fyrir brjósti.“

Róbert segir þá fréttamann sem hafi sótt um starfið og síðar tjáð sig um ráðningu Auðuns Georgs ekki vanhæfa í starfið nú: „Það er lýðræðislegur réttur hvers manns að tjá sig um svona lagað. Þetta er opinber staða sem við eigum öll og það er enginn undanskilinn í þeirri umræðu.“

Blaðamannafélagið lýsti fullum stuðningi við baráttu og aðgerðir fréttamanna á fréttastofu útvarps í ályktun sem samþykkt var á stjórnarfundum í gær.

- aöe/gag



**RÓBERT MARSHALL** Segir Markús Örn Antonsson hljóta að hafa sett einhvers slags heimsmet í óvinsældum innan eigin fyrirtækis og í lélegum samskiptum við sitt undirfólk.



**FYRSTI FUNDUR NÝS FRÉTTASTJÓRA MED FRÉTTAMÖNNUM VAR SÁ SÍÐASTI**

Auðun Georg Ólafsson mætti ásamt Markúsi Erni Antonssyni útvarpsstjóra á fréttastofu Útvarps í gærmorgun og ræddi við fréttamenn. Á myndinni má auk þeirra meðal annars sjá fréttamennina Pálma Jónasson, Björgu Evu Erlendsdóttur og Hjalmar Sveinsson.

# Fréttastjóri í einn dag

Auðun Georg Ólafsson sagðist í gærmorgun enn ala von í brjósti um að leysa mætti vandann á fréttastofu Útvarps. Síðar um daginn dó sú von og hann sagði væntingar sínar til fréttastofunnar vera á misskilningi byggðar.

**RÍKISÚTVARPIÐ** „Ég eflist við hverja raun,“ sagði Auðun Georg Ólafsson eftir að hafa hitt starfsmenn Ríkisútvarpsins í gærmorgun, tæpum hálfum sólarhring áður en hann tilkynnti að hann sæi sér ekki fært að taka við starfi fréttastjóra fréttastofu útvarps.

Móttökur fréttamanna Útvarps-

ins í gærmorgun voru í takt við það sem á undan er gengið síðan útvarpsstjóri ákvað að ráða Auðun Georg í starf fréttastjóra. Á kynningarfundum sem hann mætti á, ásamt Markúsi Erni Antonssyni útvarpsstjóra og Boga Ágústssyni, forstöðumanni fréttasviðs, afhentu fréttamenn honum ályktanir þar sem sagði að þeir hygðust ekki vinna með honum. Auðun Georg kvaðst hafa fullan skilning á því að þeir fréttamenn sem ekki treystu honum myndu hætta störfum. Hann sagðist hins vegar mundu gera vel við þá sem kysu að starfa með honum. Hann kysu að menn sneru bókum saman og horfðu til framtíðar.

Auðun Georg kvaðst hvorki

hafa gert neitt rangt né neitt á hlut starfsmanna RÚV. Það eina sem hann hefði gert hefði verið að sækja um og fá fréttastjórastarfið. Eftir fundinn í gærmorgun kvaðst hann enn ala þá von í brjósti að sá vandi sem uppi væri á Ríkisútvarpinu leystist á farsælan hátt. Þegar leið á daginn virðist hann hins vegar hafa komist að þeirri niðurstöðu að sú von hans yrði ekki að veruleika.

Auðun Georg tilkynnti skömmu fyrir klukkan sex síðdegis að hann tæki starfinu ekki. Hann lýsti ástæðunum fyrir því að hann hugðist í fyrstu taka starfinu svo: „Drátt fyrir að vegið hafi verið að persónu minni með afar ósanngjörnum hætti, mannröð mitt svert með

röngum ásökunum, hreinum lygum haldið á lofti og mér allt að því hótad, ákvað ég engu að síður að mæta til starfa með opnum huga og gefa fréttamönnum á fréttastofu Ríkisútvarpsins tækifæri til að sýna að sanngirni, hlutleysi, réttlæti og fagleg vinnubrögð væru höfð að leiðarljósi.“

Þetta þótti honum ekki ganga eftir. „Ég hlakkaði til að takast á við skemmtilegt og ógrandi starf á fréttastofu sem naut trausts og þekkt var fyrir málefnaleg og fagleg vinnubrögð.“

Það er með miklum trega sem ég lýsi yfir að væntingar mínar voru á misskilningi byggðar,“ sagði Auðun Georg.

jss@frettabladid.is

## Hvar eru peningarnir þínir?

1. prentun á þrotum

2. prentun væntanleg

1.

Allar bækur  
Perinim Eymundsson  
og Bókabólar MM  
23. - 29. mars

Gleypa reikningar og afborganir nánast öll launin þín um hver mánaðamót? Veltirðu því stundum fyrir þér í hvað peningarnir hafa eiginlega farið?

- Borgar sig að kaupa eða leigja?
- Hvernig greiðum við niður skuldir á stuttum tíma?
- Hvenær er best að byrja sparnað?
- Hvernig sköpum við fjárhagslegt öryggi á efri árum?

Ókeypis  
hjálpargögn á  
**SPARA.IS!**

Ótrúlegur árangur á stuttum tíma og gjörbreyttur fjárhagur þegar litid er til lengri tíma.



Almenna bókafélagið  
edda.is

Viðtal Ríkisútvarpsins við Auðun Georg Ólafsson:

## Mundi ekki eftir fundi frá deginum áður

Þegar Auðun Georg Ólafsson, nýráðinn fréttastjóri Ríkisútvarpsins, kom til starfa í gær tók Ingimar Karl Helgason, fréttamaður Útvarpsins, viðtal við hann í hádegisfréttum. Hluti viðtalsins birtist hér:

**Ingimar Karl Helgason:** Hefurðu átt fundi með formanni útvarpsráðs nýlega?

**Auðun Georg Ólafsson:** Ekki nýlega nei.

**Ingimar:** Ég hef öruggar heimildir fyrir því að þú hafir hitt hann að máli eftir hádegi í gær?

**Auðun Georg:** Man nú ekki til þess. Man ekki alveg nákvæmlega hvenær það var.

**Ingimar:** Hvað hefði verið rætt á slíkum fundi?

**Auðun Georg:** Það er bara trúnaðarmál.

**Ingimar:** Þannig að þú viðurkennir að slíkur fundur hafi verið haldinn þrátt fyrir að þú neitir því?

**Auðun Georg:** Ég neitaði því ekkert að hann hafi farið fram en gef ekkert upp annað um það.

**Ingimar:** Varstu ekki að neita því að fundurinn hefði verið haldinn?

**Auðun Georg:** Fundurinn hefur verið haldinn en hann var bara trúnaðarmál.

**Ingimar:** Hver boðaði fundinn?

**Auðun Georg:** Það var bara trúnaðarmál.

**Ingimar:** Þaðst þú um fund eða formaður útvarpsráðs?

**Auðun Georg:** Ég bara, nú man ég ekki, ég held að ég hafi óskað eftir þeim fundi bara til þess að

meta aðstæður og fara yfir hvernig stæðan væri hér í nánahúss.

**Ingimar:** Hver var niðurstaðan á fundinum?

**Auðun Georg:** Niðurstaðan á fundinum var bara að halda sínu striki og ég veit ekki til þess að ég hafi gert neitt rangt og bara mæti hér til starfa og haldi mínu striki.

**Ingimar:** Mætti ég þá kannski spyrja, það er nú lítið eftir af þessu, af hverju neitaðirðu því í upphafi að fundurinn hefði verið haldinn?

**Auðun Georg:** Bíddu hvað áttu við?

**Ingimar:** Ég spurði þig hvort þú hefðir átt fund í gær og þú sagðir nei.

**Auðun Georg:** Mig minnti ekki hvenær nákvæmlega fundurinn fór fram.

**Ingimar:** Þetta var í gær.

**Auðun Georg:** Já, þá var hann í gær. ■



# HELGARSÞRENGJA




**9.990 kr**

Fullt verð kr. 11.990

**UNITED**

United UTV14X30  
14" SJÓNVARP með textavarp, Scart tengi og fjarstýringu.



**NYLON** ÁRITAR NÝJAN DVD DISK UM HELGINA!

Laugardagur 2. apríl í Kringlunni kl. 15:00

Sunnudagur 3. apríl í Smáralind kl. 15:00

**16.990 kr**

Fullt verð kr. 19.990



United UTV20X40  
20" SJÓNVARP með textavarp, Scart tengi og fjarstýringu.

**1.990 kr**

Fullt verð kr. 3.490

Philips HP4863  
Hljóðlátur 1600w HÁRBLÁSARI með 3 hita- og hraðastillingum.



**2.490 kr**

Fullt verð kr. 3.990

Philips HP4866  
Hljóðlátur 1800w HÁRBLÁSARI með 3 hita- og hraðastillingum.



**3.990 kr**

Fullt verð kr. 4.990



Philips HP4647  
SLÉTTUJÁRN með LCD skjá, löngum plötum, 17 stillingum og er 30 sek. að hitna í 100°.

**LCD SKJÁR  
KERAMIK PLÖTUR  
30 sekúndur að hitna!**

**12.990 kr**

Fullt verð kr. 14.990

**3.2  
MEGA  
PIXEL**



Olympus C370Z  
Digital MYNDAVÉL með 3,2 milljónir punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm (35mm samb.: 38 - 114mm) linsu, 1,5" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku, Auto Flass og Red Eye Reduction, tímaröfa, USB tengingu við tölvu og 12mb inna minni.

**24.990 kr**

Fullt verð kr. 29.990



United TVD5038  
21" SJÓNVARP með DVD spilara, textavarp, DTS digital out, RCA tengi, svefnrofa og fjarstýringu.

**MEÐ  
DVD**

**3.990 kr**

Fullt verð kr. 4.990



United RCD3352  
FERDATÆKI með útvarpi, segulbandi og geislaspilara.

**14.990 kr**

Fullt verð kr. 16.990



Philips MC150  
2x10w MÍKRÓSAMSTÆÐA með geislaspilara, segulbandi og útvarpi með stöðvaminnum og vekjara, Dynamic Bass Boost, 2 way hátölurum og fjarstýringu.

GILDIR TIL 7. APRÍL  
eða á meðan birgðir endast

## HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



www.hagkaup.is

grænt númer sími  
**800 6680 568 2255**

HAGKAUPA



## VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hversu gömul var Terri Schiavo þegar hún lést?
- 2 Hvað heitir markvörður kvennaliðs Vals sem fór á kostum gegn FH í fyrsta leik úrslitakeppninnar í handbolta?
- 3 Hver býður sig fram gegn sitjandi stjórnarmönnum í Frjálsa lífevrisjóðnum?

SVÖRIN ERU Á BLS. 42

# Markús Örn og útvarpsráð á fund nefndarinnar

Gunnar I. Birgisson formaður, Sjálfstæðisflokkurinn:



## Málið lýðskrum

„Við vorum með fund í menntamálanefnd í dag þar sem fram kom ósk frá Samfylkingunni að ráðning hins nýja fréttastjóra Ríkisútvarpsins yrði rædd. Mér finnst málið lýðskrum eitt saman. Það er ekkert nýtt í þessu máli,“ sagði

Gunnar áður en Auðun Georg ákvað að taka ekki starfinu. „Ég er hins vegar ljúfur maður og mun halda fund í nefndinni en geri það með fyrirvara svo hægt sé að boða fólk á fund nefndarinnar.“

Ráðning fréttastjóra Ríkisútvarpsins er ekki á færi menntamálanefndar heldur á ábyrgð útvarpsstjóra, sem ræður til útvarpsins.

Hins vegar finnst mér að starfsmenn og yfirmenn stofnunarinnar verði að setjast niður saman og ræða málin eins og gert er á öllum vinnustöðum þar sem upp kemur ágreiningur.“

Mörður Árnason, Samfylkingu:



## Útvarpsstjóri víki

„Þetta mál verður alltaf verra og verra. Útvarpsstjóri og formaður útvarpsráðs virðast ætla að keyra þetta í gegn á fullri hörku í staðinn fyrir að skoða sinn hug og beita skynseminni. Fréttastjórinn sjálfur hagar sér með eindæmum klaufalega,“

sagði Mörður. Skömmu síðar tilkynnti Auðun Georg að hann tæki ekki við starfinu.

„Við kröfðumst fundar í menntamálanefnd eftir að ljóst var að forsætisráðherra ætlaði ekki að svara fyrirspurnum um þetta mál á þinginu og verður sá fundur haldinn strax eftir helgi. Við munum fá meirihluta útvarpsráðs, útvarpsstjóra og fréttamenn Ríkisútvarpsins á fund nefndarinnar og vonandi gerir það eitthvert gagn. Eina lausnin á málinu er sú að þessi ákvörðun verði endurskoðuð eða útvarpsstjóri víki eða hvort tveggja.“

- sda

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



## NÝKOMIN TIL LANDSINS

Spurð um þær sögusagnir að Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri hverfi til annarra starfa svaraði Þorgerður: „Ekki svo ég viti,“ og bætti við: „Það kemur í ljós.“

## Menntamálaráðherra: RÚV leysi sjálft úr sínu

**RÍKISÚTVARPIÐ** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sagði áður en Auðun Georg Ólafsson hætti við að taka við starfi fréttastjóra hjá Ríkisútvarpinu að hún ætlaði ekki að skipta sér ekki að starfsmannaráðningum Ríkisútvarpsins. Hún sagði það alveg á hreinu.

„Ráðherra á ekki að vera að skipta sér að starfsmannamálum í hverri einustu stofnun fyrir sig. Þá fyrst yrði allt vitlaust,“ sagði Þorgerður.

- gag



**JÓN GUNNAR GRJETARSSON AFHENDIR HALLDÓRI BLÖNDAL ÁKALL FRÉTTAMANNA** Í ákallinu kemur fram að Auðun Georg hafi skýrt frá því á fyrsta fundi sínum með fréttamönnum Ríkisútvarpsins í gær að hann ætlaði að „gera vel við þá sem vildu starfa með honum en sagðist skilja og virða ákvörðun þeirra sem vildu það ekki og hættu störfum.“

# Hart deilt á ráðninguna

Þingmenn stjórnarandstöðu deildu hart á ráðningu fréttastjóra Útvarps. Kolbrún Halldórsdóttir sagði hann hafa sagt þjóðinni ósatt.

**RÍKISÚTVARPIÐ** Þingmenn stjórnarandstöðunnar voru ósattir í gærmorgun við að forsætisráðherra hafnaði því að ræða ráðningu nýs fréttastjóra Ríkisútvarpsins á Alþingi í gær í fjarveru menntamálaráðherra.

Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður Vinstri-grænna, óskaði eftir því á Alþingi í gærmorgun að ákall fréttamanna Ríkisútvarpsins til Alþingis yrði tekið til umfjöllunar á Alþingi. Fréttamenn hétu á alþingismenn að standa vörð um Ríkisútvarpið. „Hér er um mjög svo alvarlegt ákall að ræða sem ég tel að verði tekið til umfjöllunar á Alþingi. Ég tek undir það að neyðarástand sé að skapast í Ríkisútvarpinu,“ sagði Kolbrún.

„Ég tel verulega alvarlega hluti hér á ferðum, sérstaklega í ljósi þess sem við fengum að heyra í fréttum Ríkisútvarpsins í hádeginu, þar sem nýráðinn fréttastjóri leynir þjóð og fréttamanni því að hann hafi átt fund með formanni útvarpsráðs í gær. Fréttastjóri segir þjóðinni beinlínis ósatt og er síðan afturreka með það,“ segir Kolbrún. Hún bætti því við að hún teldi ljóst að ríkisstjórnin væri að beita áhrif-

um sínum á fréttastofnunni.

„Það er ófremdarástand á Ríkisútvarpinu,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri-grænna, og kvað óhjákvæmilegt að fá umræðu um málið á Alþingi án tafar. „Við trúum því ekki að öreyndu að það sé ætlunin að hafa Ríkisútvarpið óstarfhæft og logandi stafnanna á milli. Eins og ég segi þá liggur það þegar fyrir að starfsemi útvarpsins getur ekki farið fram með eðlilegum hætti eins og í pottinn er búið. Fréttastjórinn kann ekki til verka, hann ratar varla um húsið, sölumaðurinn, og þess vegna hefur verið ákveðið að yfirmaður fréttasviðs gegni starfinu tímabundið,“ sagði Steingrímur.

Margrét Frímansdóttir gagnrýndi að allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar væru fjarstaddir þegar umræðan fór fram. „Þetta er ákall til okkar og ósk eftir viðbrögðum, og því hljóttum við að óska eftir svörum með hvaða hætti þingið bregst við,“ sagði Margrét.

Tæpum sjö klukkutímum eftir umræðuna tilkynnti Auðun Georg að hann tæki ekki starfi fréttastjóra.

sda@frettabladid.is

# Hafa efnið ekki

Ég hugsa til þín á hverjum degi

Kynntu þér Sparibréf Landsbankans og aðrar sparnaðarleiðir í næsta útibúi, á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Eyddu í sparnað.

Landsbankinn  
Banki allra landsmanna  
410 4000 | www.landsbanki.is



## HALDIÐ Á ÞINGPALLA

Fréttamenn fjölmenntu á þingpalla og voru viðstaddir upphaf þingfundar þar sem rætt var um stöðuna sem komin var upp á Ríkisútvarpinu í gærmorgun. Hér ganga Sigrún Sigurðardóttir og Finnur Beck inn í þinghúsið.

## NEYÐARÁSTAND Á RÍKISÚTVARPINU

Fréttamenn Ríkisútvarpsins afhentu forseta Alþingis ákall til Alþingis í gærmorgun þar sem heitið var á þingmenn að standa vörð um Ríkisútvarpið, áður en Auðun Georg Ólafsson ákvað að taka ekki við starfi fréttastjóra.

Jón Gunnar Grétarsson, formaður Félags fréttamanna, sagði við það tilefni að á fyrsta fundi Auðuns Georgs Ólafssonar með fréttamönnum hafi blasað við ófögur mynd af þeim stjórnunaráttum sem hann vildi viðhafa. „Af þeim sökum hefur Félag fréttamanna sett saman ákall til Alþingis,“ sagði Jón Gunnar. Í ákallinu kemur fram að Auðun Georg hafi skýrt frá því á fundinum að hann ætlaði að „gera vel við þá sem vildu starfa með honum en sagðist skilja og virða ákvörðun þeirra sem vildu það ekki og hættu störfum. Jafnframt greindi hann frá því að hann hefði haft samband við nokkra menn og beðið þá að vera til taks ef núverandi fréttamenn legðu niður störf.“

Þá segir: „Þetta eru beinar hótanir af hálfu hins nýja fréttastjóra. Hans stefna er augljóslega að deila og drottina. Það á greinilega að kaupa menn til samstarfs við sig en losa sig við þá sem ekki fylgja nýjum síðum.“

Í ákallinu segir ennfremur að neyðarástand sé að skapast á Ríkisútvarpinu. Halldór Blöndal sagðist skyldi koma ákallinu á framfæri við þingmenn en sagði að ekki væri hægt að taka málið til umræðu á Alþingi í fjarveru menntamálaráðherra sem er í útlöndum.

NEYÐIN Í DARFUR **Gleymd?**  
Munið söfnunarsímann  
**907 2002**



„Þín mynd verður  
ekkert skárri eftir 15 ár“

Pétur Jóhann Sigfússon

500 kr. SMS inneign  
ef þú fyllir rafrænt á Frelsi

500 kr. SMS inneign\* fylgir öllum  
2.000 kr. rafrænum áfyllingum.  
Tilboðið gildir til 1. maí 2005.

\*Gjafainneign gildir innan kerfis Símanum í 4 vikur.



Góður myndasími með  
miklum möguleikum

Léttkaupsútborgun:  
**1.980 kr.**  
og 1.250 kr. á mán.  
í 12 mán.

Sony Ericsson K500

Verð aðeins:  
**16.980 kr.**

\*Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.

- Tri-Band 900/1800/1900 GSM
- Þyngd: 80 g
- Music Dj
- Íslensk valmynd
- Taltími: Allt að 7 klst.
- Litaskjár
- Myndavél
- Tekur upp hreyfimyndir
- 12 MB innbyggt minni
- MP3 spilar
- POP3 og IMAP tölvupóstur



Glæsilegur sími  
með myndavél

Léttkaupsútborgun:  
**1.980 kr.**  
og 1.750 kr. á mán.  
í 12 mán.


Sony Ericsson K700

Verð aðeins:  
**22.980**

\*Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.

- VGA myndavél
- 41 MB innbyggt minni
- Tekur og spilar hreyfimyndir
- Ljós f. myndatöku
- Íslensk valmynd
- POP3 og IMAP tölvupóstforrit
- Pólytónar og MP3 tónar
- MP3 spilar og útvarp
- Music Dj

## ADSL tilboð



Verð á búnaði:  
**2.490 kr.**

ÞRÁÐLAUST INTERNET\*\*

Stofngjald m.v.  
12 mánaða áskrift

## Kaupauki

- Þráðlaus USB tenging fyrir borðtölvu
- Spilun á Jewel Quest á netinu í einn mánuð



Innifalið í Internetáskrift hjá  
Símanum er m.a.:

- 5 netföng – 50 MB
- 50 MB heimasíðupláss
- Öflugar vírus- og ruslpóstvarnir
- Tilboð á tölvuleikjum á siminn.is/leikir og hugi.is/leikir
- Verðþak

\*\*Mánaðargjald frá 4.820 kr.

Með símunum\*  
fylgir 3.000 kr.  
inneign hjá



Flottur sími með  
miklum möguleikum

Léttkaupsútborgun:  
**2.980 kr.**  
og 1.000 kr. á mán.  
í 12 mán.

Motorola V300

Verð aðeins:  
**14.980 kr.**

\*Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.



Nú getur síminn þinn  
öskrað eins og ljón

Náðu þér í furðulega rauntóna á [siminn.is](http://siminn.is)

- 5 MB innbyggt minni
- MP3 spilar
- Handfrjáls hátalari
- Pólytónar og MP3 tónar
- Samkeyranlegur við Outlook

# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
KÁRI JÓNASSON

Tókýóskýrsla 1360 vísindamanna í 95 löndum sýnir slæma umgengni manna við náttúruna.

## Göngum betur um náttúru og auðlindir

Enn ein alþjóðleg skýrsla um umhverfismál og spjöll á náttúrunni hefur litið dagsins ljós. Hún lýsir umgengni mannsins við náttúruauðlindir heimsins og er umfangsmesta skýrsla um þetta efni sem birt hefur verið. Hún er þörf áminning í peninga-, framleiðslu- og sölukapphlaupinu sem tröllríður heiminum nú til dags. Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, flutti ávarp þegar skýrslan var kynnt og sagði að þjóðir heims ættu að nota hana til að breyta um stefnu hvað varðar umgengni við náttúruna. Skýrslan, sem kynnt var í Tókýó á miðvikudag, er unnin af 1.360 sérfræðingum frá 95 löndum. Þeir telja að aldrei fyrr hafi menn valdið jafn miklum skaða á náttúrunni og á síðustu árum. Aukin efnahagsumsvif og aukin matvælaframleiðsla hafi verið á kostnað umhverfisins, sem komi fram í því að vatn og andrúmsloft hafi spillst. Gagnrýnt er hve mikið land hafi verið tekið til ræktunar og óhófleg notkun tilbúins áburðar veldur skýrsluhöfundum miklum áhyggjum.

Skýrsla þessi er mikil að vöxtum, heilar 2.500 síður, og ætti að geta orðið grundvöllur að betri umgengni þjóða heims við náttúruna. Í henni er bent á leiðir til úrbóta á ýmsum sviðum og ef farið verður eftir þeim er ekki öll nótt úti varðandi verndun náttúrunnar og náttúruauðlinda. Á fundi þjóðarleiðtoga heims í til-efni aldamótanna síðustu var samþykkt ályktun um framtíðarhorfur í heiminum, en upplýsingar í Tókýóskýrslunni eru taldar geta komið í veg fyrir að þau markmið náist sem að var stefnt í ályktun leiðtoga.

Sérstakur kaflar í skýrslunni um fiskistofna og neysluvatnsbirgðir heimsins, en hvort tveggja er talið í mikilli hættu. Því er lýst hvernig ofveiði sums staðar á heimshöfundum hefur eyðilagt mikilvæga fiskistofna og hvernig stöðugt verður erfiðara að afla neysluvatns vegna athafna mannsins. Þarna er komið inn á atriði sem varða okkur Íslendinga sérstaklega. Ef rétt er á málum haldið ættum við að geta orðið fyrirmynd annarra varðandi fiskveiðar og nýtingu vatns. Við höfum þegar haft mikla reynslu af stjórnum fiskveiða sem margar þjóðir líta núorðið til og sækjast eftir þekkingu okkar og reynslu í að byggja upp fiskistofna á sínum heimamíðum. Fram til þessa hafa Íslendingar ekki verið stórtækir í vatnsútflutningi. Margsinnis hefur verið reynt að flytja út vatn en fjarlægðin frá stórum mörkuðum kemur líklega í veg fyrir að við verðum stórútflytjendur á því sviði. Hér rennur hins vegar mikið vatn til sjávar í orðsins fyllstu merkingu. Okkur hefur verið gjarnt varðandi jökulárnar að horfa fyrst og fremst á þær með virkjunargleraugum. Það verður hins vegar ekki lengra gengið í þeim efnum, enda næg orka í jörðu, viljum halda áfram á stóriðjubrautinni. Rétt utan borgarmarkanna eru hafnar miklar virkjunarframkvæmdir og á Hengillssvæðinu einu er talið vera meira afl í jörðu en umdeild virkjun við Kárahnjúka á að framleiða. Með skynsamlegri nýtingu orkulinda okkar ættum við að geta lagt okkar af mörkum til bættrar umgengni við náttúruna og komið þannig til móts við áskorun aðalritara Sameinuðu þjóðanna um að Tókýóskýrslan leiði til breyttrar og betri stefnu til verndar náttúrunni. ■

**ATHUGASEMD** Í sjónarmiðum gær dagsins var sagt að Markús Örn Antonsson hefði komið aftur til starfa hjá RÚV 1994. Þar skeikaði ári, hann kom til baka 1995 sem framkvæmdastjóri útvarps skipaður af Ólafi G. Einarssyni. Það var svo Björn Bjarnason sem skipaði Markús Örn útvarpsstjóra á nýjan leik frá 1. janúar 1998. -jk



## Opinn fundur um borgarmál

Borgarmálaráð Framsóknarflokksins efnir til opins fundar um borgarmál, laugardaginn 2. apríl, kl. 11:30 til 13:00, að Hverfisgötu 33, III. hæð.

Borgarfulltrúarnir Alfreð Þorsteinsson og Anna Kristinsdóttir munu flytja stutt ávörp og svara fyrirspurnum.

Boðið verður upp á morgunverð.

Borgarmálaráð Framsóknarflokksins.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Nýir bloggarar

Í netheimum hafa tveir nýir bloggarar vakið athygli. Annar er Björn Ingi Hrafnsson á slóðinni bjorningi.is. Þar er á ferð einn yngsti valdamaður þjóðfélagsins, aðstoðarmaður Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra. Hinn skrifar undir nafninu Alastair Campbell. Sá birtir sitt efni á vinsælu alþjóðlegu fríbloggi, blogspot.com. Björn Ingi hefur stundum verið kallaður spunameistari húsbónda síns, en þetta hugtak er komið úr breskri pólitík; þar kallast sá „spin doctor“ sem reynir að hagræða sannleikanum í þágu stjórnmálaforingja og afvegaleiða fólk og



fjölmiðla. Frægastur í þeirri stétt er einmitt Alastair Campbell, fyrrverandi blaðafulltrúi og aðstoðarmaður Tony Blair forsætisráðherra. Hefur hann verið kallaður ófyrirleitnasti áróðursmaður síðari tíma. Hann hraktist úr embætti sem frægt varð en hefur að undanförnu verið að undirbúa kosningabaráttu Blair og félagi með leynd í bakherbergjum Verkamannaflokksins.

### Enginn Campbell

Þótt sumum finnist að Björn Ingi hafi stundum verið úr hófi fram kappsamur fyrir húsbónda er hann sagður drengur góður og ekki hvarflar að neinum að líkja honum við Alastair Campbell að innræti – og raunar ekki heldur að snilli. En einhverjar taugar hefur Björn Ingi til Campbells því hann vísar lesendum

sínum á bloggidd hans. Njóta aðeins fimm aðrir bloggarar slíkrar upphefðar á síðunni: Björn Bjarnason, Össur Skarphéðinsson, Baldur Kristjánsson og Stefán Pálsson og svo þekktur bandarískur sjónvarpsmaður, James Carville.

### Tvær grímur

Það er gaman að lesa bloggidd hans Campbells eftir tilvisun Björns Inga. En hætt er við því að fljótt renni tvær grímur á lesendur. Er þetta hann sjálfur? Eða er verið að gera gys að honum? Er það kannski einhver háðfugl í breska íhaldsflokknum sem heldur á pennanum og ætlar að launa Campbell lambið grúa? Og megum við treysta því að Björn Ingi hafi húmor fyrir þessu frekar en að þarna hafi honum orðið hált á svellinu?

gm@frettabladid.is

## Dómsvald og fjölmiðlar

Önnur grein stjórnarskrár íslenska lýðveldisins gerir ráð fyrir þrískiptingu valdsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Um þetta er farið almennum orðum og án þess að kveðið sé sérstaklega á um nauðsyn þess að þessir þrjú þættir valdsins séu óháðir hver öðrum og vinni jafnvel með vissum hætti hver gegn öðrum til þess að forðast að of mikið vald safnist á fær hendur.

Kenning um þetta efni var fyrst sett fram af franska stjórnspekingnum Charles de Montesquieu í riti hans „Um anda laganna“ sem kom út í París 1748 og hefur mikið verið skrifað um hana síðan á fjölda tungumála. Hér á landi hefur þó ekki verið mikið um hana fjallað og þá helst af lögfræðiprófessorum. Stjórnarskrá Bandaríkjanna er hins vegar gegnsýr af þessum kenningum Montesquieu og lærðir sem leikir hafa þær á hraðbergi þegar deilt er um mörkin milli þessa þriggja þátta ríkisvaldsins. Því hefur oft verið vitnað í þessum dalkum til þeirra ummæla Madisons, fjórða forseta Bandaríkjanna, um þetta efni, að þar sem löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald komist á eina hendi, þar sé ógnarstjórn.

Um allan heim eiga réttindi borgaranna undir högg að sækja vegna ásælni ríkisvaldsins. Sérstaklega er þetta áberandi í Bandaríkjunum og á Bretlandi. Valdhafar reyna að telja þegnum trú um að vegna aðgerða hryðjuverkamanna þurfi þeir stóraknar valdheimildir til að njósna um borgarana, handtaka menn og hafa í haldi um ótakmarkaðan tíma án dóms og laga, jafnvel að beita pyntingum til að fá þá til að ljóstra upp um meinta félaga sína í illverkunum. Í kjölfar árásarinnar á Tvíburaturnana gengu Bush forseti og félagar hans á lagið og fengu þingið til að gefa framkvæmdavaldinu víðtækar heimildir til að fótumtroða grundvallarréttindi borgaranna við minnsta grun um að hægt væri að tengja þá við hryðjuverkahöpa, auk þess sem þingið framseldi vald sitt til að lýsa yfir stríði til forsetans, ef og þegar hann teldi slíkt nauðsynlegt öryggishagsmunum Bandaríkjanna. Með þessu hefur fram-

### Í DAG

ÁSÆLNI RÍKISVALDSINS

ÓLAFUR HANNIBALSSON



„Fólk, sem tekur öryggi fram yfir frelsið, á hvorugt skilið.“

kvæmdavaldið sölsa undir sig meira vald en nokkur forseti hefur áður haft í sögu Bandaríkjanna. Traustir og flokkshollir repúblíkanar úr innsta vinarhring Bush-fjölskyldunnar eru settir yfir njónastofnanir og afnumdar flestar þær hömlur sem þrískiptingu valdsins er einmitt ætlað að hafa til að tryggja jafnvægi milli valdaaðila. Benjamin Franklín komst eitt sinn svo að orði að fólk, sem tæki öryggið fram yfir frelsið ætti hvorugt skilið. Ef þau orð Franklíns verða að áhrinsorðum hefur al-Kaída og Ósama Bin Laden orðið vel ágengt.

En þótt löggjafarvaldið hafi beygst sig í duftið fyrir Bush hefur dómsvaldið þó ekki brugðist. Hæstiréttur felldi þann úrskurð í máli „óvinveittra vígamanna“ í haldi í Guantanamo á Kúbu, að þeim skyldi heimilt að leggja fyrir alríkisdómstól beinni um að mál þeirra yrði formlega tekið fyrir og úrskurðað um lögmæti frelsissviptingar þeirra og þeim gert kleift að svara grunsemdum ríkisvaldsins. Fremur en hættu á málssókn fyrir opnum tjöldum hefur ríkisvaldið þegar leyst einn fanga úr haldi og flutt hann til upprunlands síns, Sádi-Arabíu. Og núna nýlega fyrirskipaði umdæmisdómariinn Henry F. Floyd í Suður-Karólínu að leysa skyldi úr haldi ameríska borgarann Jose Padilla, sem varpað hafði verið í fangelsi sem „óvinveittum vígamanni“. Í dómnum sagði: „Rétturinn fær ekki séð að forsetinn hafi til þess nokkurt vald, hvorki beint eða óbeint, hvorki að stjórnarskrá né lögum, að halda gerðarbeiðanda

sem „óvinveittum vígamanni““ Að leyfa slíkt sagði Floyd dómari „væri ekki aðeins brot á reglum réttarríkisins og grónum hefðum landsins, heldur væri það jafnframt hreint svikræði við þær skuldbindingar sem þessi þjóð hefði undirgengist um aðgreiningu valdsins, sem tryggja lýðræðisleg gildi okkar og frelsi einstaklingsins“.

Mörgum þótti það firm mikil að lágtsettur dómari á fyrsta dómstigi, sem Bush hafði sjálfur skipað í embætti í hitteðfyrri, skyldi þora að bjóða framkvæmdavaldinu byrginn með svo afdráttarlausum hætti. En það vekur vissulega vonir um að þótt löggjafarvaldið hafi bognað fyrir ofurvaldi forsetans, þá eigi það enn eftir að sýna sig að sú þrískipting valdsins sem bandaríska stjórnarskráin byggir á, dugi til að tryggja það að ekki komi til þess ástands, sem Madison sá fyrir á sínum tíma. Dómstólarnir standi trúan vörð um rétt borgaranna gegn ásælni ríkisvaldsins. Frá dögum Montesquieu og Madisons hefur svo, að margra álit, bæst við fjórða valdið: Fjölmíðlarnir. Þeir eigi að gegna því hlutverki að veita öllum þáttum ríkisvaldsins aðhald með harðri og miskunnarlausri gagnrýni. Með birtingu Pentagon-skjalanna í miðju kalda stríðinu 1971 rufu bandarísk blöð langa hefð um að standa ævinlega með ríkisstjórn sinni í utanríkismálum. Nixon og Kissinger lögðu ofurkapp á að fá birtingu Pentagon-skjalanna stöðvaða á þeim forsendum að með henni væri öryggi landsins stefnt í voða og kröfðust því lögbanns.


Nýskipaður dómari, Murray Gurfein (sem Nixon taldi að hlyti að vera umhugað um frama sinn, sem væri undir sér kominn), sagði í úrskurði sínum gegn lögbannsbeiðninni: „Þeir, sem með völdin fara á hverjum tíma, verða að geta umborið þrasgjarna fjölmiðla, þrjúska fjölmiðla, allsstaðarnálæga fjölmiðla til þess að varðveita megi þau æðri gildi sem felast í tjáningarfrelsinu og rétti fólksins til að vita.“ Þetta er okkur hollt að hugleidda, þegar núverandi handhafar valdsins í okkar litla lýðveldi gera hverja atlöguna á fætur annarri að fjölmiðlunum og tjáningarfrelsinu. ■

Auðun Georg hættur við  
Hvað gerist næst?  
Hvaða afleiðingar hefur fréttastjórnamálið fyrir Ríkisútvarpið?

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN PÍNA VISIR

## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skattahlíð 24, 105 Reykjavík **ADAL-SÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: [ritstjorn@frettabladid.is](mailto:ritstjorn@frettabladid.is) og [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) VEFANG: [visir.is](http://visir.is) UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLSLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. [dreifing@posthusid.is](mailto:dreifing@posthusid.is) Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum á endurgjald. ISSN 1670-3871



## *Augljós kostur við bílakaup*

*Við erum sérfræðingar í bílafjármögnun.*

*Hafðu samband í síma 440 4400 eða kynntu þér málið á [glitnir.is](http://glitnir.is).*

*Breytum hugmyndum í veruleika*



Helgarblað

DV

Fórnarlamb  
RUV-stríðsinsBogi  
fluttur  
hjá hjartveikur  
á sjúkrahúsHefur  
þú séð  
DV í dag?

## Aftur í sölumennskuna

MAÐUR VIKUNNAR

AUDUN GEORG ÓLAFSSON  
SEM HÆTTI VIÐ AÐ VERÐA FRÉTTASTJÓRI ÚTVARPSINS

Seint í gær gafst „maður vikunnar“, Audun Georg Ólafsson fyrrverandi markaðs- og sölustjóri, upp og ákvað að skrifa ekki undir samning um ráðningu í starf fréttastjóra Ríkisútvarpsins. Starfsfólk stofnunarinnar hrósar sigri eftir uppreisn og mótmæli sem eiga sér enga hliðstæðu hér á landi. Yfirlýsing alls þorra starfsmanna Ríkisútvarpsins um vantraust á Markús Örn útvarpsstjóra vegna málsins er líka algjört einsdæmi og erfitt er að sjá hvernig útvarpsstjóra er fært að stjórna stofnuninni á næstunni eftir það sem á undan er gengið.

Fram eftir degi héldu menn að Audun Georg ætlaði að berjast til þrautar og í þá átt bentu ummæli hans í fréttaviðtölum og á fundum með fréttamönnum. Þá virtist hann ætla að taka á móti gagnrýninni og óánægjunni af fullum þunga, heyja taugastríðið og reyna jafnvel gagnsókn með uppsögnum og nýráðningum fréttamanna ef þess væri nokkur kostur. Þá töluðu menn um að hann hlyti að hafa svona óskaplega sterka sannfæringu fyrir því að hann væri réttur maður á réttum stað eða – sem ekki er ólíklegur – að hann teldi sig hafa vitneskju um að auk útvarpsstjóra stæðu miklir áhrifamenn í þjóðfélaginu þétt að baki honum.

Líklegt er að flestir telji þetta skynsamlega niðurstöðu. Og hún kemur ekki á óvart þegar haft er í huga að hann hefur verið undir miklu álagi að undanförunu. Fáir mundu þola þann þrýsting, neikvæða umtal og það óþægilega andrúmsloft sem umlukið hefur nýja fréttastjórn frá því að tilkynnt var um ráðningu hans í starfið í byrjun síðasta mánaðar.

Audun Georg er 34 ára gamall. Eftir stúdentspróf stundaði hann nám í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands og lauk þaðan BA-prófi árið 1994. Árin 1996 til 2001 nam hann við Kaupmannahafnarháskóla og hefur meistaraþráðu þaðan. Þessu námi til viðbótar hefur hann sótt ýmis námskeið og

stundað nám í japönsku og stjórnsýslufræðum við Tókýóháskóla í Japan árin 1997 til 1999. Ekki

Það sem menn fundu að ráðningu Auduns var hins vegar skortur hans á reynslu og þekkingu á sviði fréttastjóra- og blaðamennsku. Fréttastjórnastarfið á Útvarpinu snýst ekki um sölu- og markaðsmál heldur verkstjórn fréttamanna og þar vegur skilningur, reynsla og þekking á sviði fjölmiðlunar þyngst. Audun var að visu við afleysingastörf á Stöð 2 og Bylgjunni um hríð samhliða námi og fréttaritari í Japan, en það vegur harla lítið á móti þeirri reynslu og færni sem aðrir umsækjendur um fréttastjórnastöðuna gátu státað af. Sterkar vísbendingar um afskipti stjórnmálamanna af ráðningu Auduns Georgs í fréttastjórnastarfið urðu ekki til að lægja öldurnar á Útvarpinu. Starfsfólk þar er orðið langþreytt á afskiptum útvarpsráðs og ráðherra af starfsmannaráðningum og mál Auduns var kornið sem fyllti mælinn.



verður því annað sagt en að hann eigi að baki góða menntun enda er ekki um það deilt. Sama er að segja um stjórnumarreynslu sem sölu- og markaðsstjóri hjá Marel, hún virðist frambærileg þótt ferillinn sé stuttur. Lok segja þeir sem kunnugir eru persónunni að um sé að ræða ágætun dreng sem sé viðkunnanlegur í framgöngu og þægilegur í umgengni.

Athygli vakti að í viðtali í Ríkisútvarpinu í gær neitaði Audun Georg því að hafa hitt formann útvarpsráðs „nýlega“. Hann sagðist ekki muna nákvæmlega hvenær þeir hefðu hist síðast. Síðar í viðtalinu viðurkendi hann að þeir hefðu átt fund daginn áður! Þessi svör voru ekki til þess fallin að auka trúverðugleika hins nýja fréttastjóra og líklega var það vegna þeirrar algemnu hneykslnar sem ummælin vöktu sem hann kaus að draga sig í hlé. Í sjálfu sér skiptir það engu máli hvort eða hvenær Audun hittir formann útvarpsráðs en það ber vott um slaka dómgreind að segja ósatt í fréttaviðtali. Audun Georg Ólafsson er ekki ófundsvörður af þessu máli í heild en þeir sem þekkja hann vel segja að það sé töggur í drengnum og að hann eigi eftir að sýna sig og sanna á þeim vettvangi þar sem menntun og hæfileikar hans nýtast betur en á sviði fjölmiðlunar. ■

TEIKNING: HELGI SIG. - HUGVERKAIS

## Þörf pólitískra afskipta

Mál Íslendingssins Arons Pálma Ágústssonar, sem hlaut 10 ára fangelsisdóm í Texas fyrir minni háttar afbrot sem hann framdi þegar hann var 11 ára gamall, hefur vakið bæði reiði og undrun hér á landi.

Fyrir rúmu ári tók ég mál Arons Pálma upp á Alþingi og beindi þeirri spurningu til þáverandi utanríkisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, hvort hann væri tilbúinn til að beita sér með beinum hætti fyrir lausn þessa sorglega máls, t.d. með því að hafa samband við stjórnvöld í Texas eða Washington til að umræddur Íslendingur gæti lokið afplánun sinni hér á landi. Ég lagði mikla áherslu á að aðkoman yrði að vera pólitísks eðlis en ekki eingöngu á vettvangi embættismanna.

Í umræðunni á þinginu á þeim tíma tók Halldór vel í þá umleitun og sagðist ætla að beita sér í málinu. Nú er lítið rúmt ár og ekkert bólar á drengnum heim þrátt fyrir einhverjar tilraunir íslenskra stjórnvalda í þá átt.

Nú er hins vegar nýr húsbóndi tekinn við í utanríkisráðuneytinu. Davíð Oddsson hefur sagt í fjöl-

## UMRÆÐAN

MÁL ARONS  
PÁLMAÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON  
ALÞINGISMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR

„Ég lagði mikla áherslu á að aðkoman yrði að vera pólitísks eðlis en ekki eingöngu á vettvangi embættismanna.“

miðlum að hann telji að ráðuneytið hafi gert allt sem það getur gert í þessu máli. Það má vel vera að leiðir embættismannanna í ráðuneytinu séu fullreyndar en hins vegar hafa hinar pólitísku leiðir ekki verið fullreyndar. Á sínum tíma var það mat þeirra sem komu nálægt málinu að það bæri að grípa til annarra leiða en þeirra sem embættismenn gætu beitt. Ein

þeirra væri aðkoma stjórnmálamanna að málinu.

Það verður að viðurkennast að sum milliríkjamál leysast ekki fyrr en þau komast á borð stjórnmálamanna. Í svona málum getur aðkoma stjórnmálamanna skipt sköpum.

Við höfum fordæmi í máli Sophíu Hansen þar sem stjórnmálamenn reyndu að beita sér gagnvart þarlendum stjórnvöldum, þótt það hafi því miður ekki dugað til í því tilvik. Einnig er rétt að hafa í huga að mál umrædds einstaklings hefur verið til umfjöllunar á skrifstofu ríkisstjóra Texas og þar af leiðandi á pólitískum vettvangi. Það eitt eykur líkurnar á að afskipti utanríkisráðherra geti hreyft við málinu.

Ég vona því að núverandi utanríkisráðherra, Davíð Oddsson, beiti sér í málinu en sætti sig ekki við fullreyndar tilraunir embættismanna. Aðalatriðið er að hér er um að ræða íslenskan ríkisborgara sem hefur verið beittur miklum órétti og því eigum við að beita öllum okkar leiðum til að koma honum til hjálpar. ■



14.900

### Gasgrill, Omega 200 EX

Grillflötur 50x36 sm, 6.2 Kw, tvískiptur brennari, emeluruð grillgrind, hitagrind, hliðarborð neistakveikja, þrýstijafnari, hraunsteinar  
3000235



### Gasgrill, Outback Hunter EX

Grillflötur 60x50 sm, 11,8 Kw, 3 brennarar úr steypujárni. Hjálmur með postulínsemeleringu, grill og grillgrind húðað með postulínsemeleringu sem gefur góða vörn gegn háum hita og ryði. Auðþrífanlegur lekabakki, hitamælir á hlíf, aðfellanleg hitagrind, hraunsteinar  
3000237

38.900



Húsmiðjan býður nú vaxtalaus lán á völdum vörum. **e6 tilboðið** stendur fyrir engautborgun og enga vexti í 6 mánuði.\*  
\*e6 tilboðin gilda aðeins fyrir korthafa Visa.

### Gasgrill, Outback Trooper EX

Grillflötur 48x50 sm, 7.87 Kw, tveir brennarar úr steypujárni, hjálmur með postulínsemeleringu grill og grillgrind er húðað með postulínsemeleringu sem gefur góða vörn gegn háum hita og ryði, auðþrífanlegur lekabakki, hitamælir á hlíf  
3000236

31.900



### Kynning á heitum pottum í Skútuvogi í dag frá kl 10-14



### Taktu grillið í gegn fyrir sumarið



#### Grillsteinar

2999326

1.495



#### Grilllakk

400 ml.  
7068737

995



#### Grillbursti

2999126

425

# Vertu klár ...fyrir vorið



**HÚSMIÐJAN**

...ekkert mál



2.690



**CRAZY CREEK T30** Góðir línuskautar fyrir byrjendur.  
Stærðir: 31-34. kr. **2.690** Verð áður **kr. 3.690**



**NÝJAR  
VÖRUR!**



2.990



**CHAMPION CREWN TEE S LOGO** Aðsniðinn bolur úr teygjanlegu efni. Litir: Rauður, grár, svartur. Stærðir: S-XL. kr. **2.990**.

4.990



**CHAMPION FUNKY PANTS S LOGO** Léttar og þægilegar buxur úr teygjanlegu efni. Litir: Rauðar, gráar, svartar. Stærðir: S-XL. kr. **4.990**.



**PUMA** **7.990**

**PUMA HOOD JOGG JKT** Renndur jakki með hettu. Litir: Blár, svartur. Stærðir: S-XL. kr. **7.990**



Við leggjum okkur 100% fram við að bjóða ávallt upp á lægsta verðið. Ef þú hefur keypt vöru í INTERSPORT og finnur sömu vöru á lægra verði í annarri verslun, þá **endurgreiðum** við þér mismuninn. Sýna þarf kassakvittun. **Gildir í tvær vikur frá kaupdegi, gildir um allar vörur nema útsölu- eða tilboðsvörur.**



PUMA REPLI CAT LOW og REPLI CAT MID Flottir götuskór. Margir litir. Stærðir: 36-46. kr. **7.990**

# 7.990

VERÐ ÁÐUR **9.990**



## VORLÍNAN ER KOMIN! FLOTTAR VÖRUR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA



### 4.990

PUMA LS CAT TEE Aðsniðinn síðerma bolur úr bómull.  
Litir: Blár, svartur. Stærðir: S-L. kr. **4.990**



### 2.490

PUMA BIG ARHC SS TEE Stuttermabolur úr bómull.  
Litir: Gulur, blár, dökk-blár, rauður. Stærðir: 128-176.  
kr. **2.490**



### 4.490

PUMA PARA PANTS Vandaðar buxur fyrir krakka.  
Litur: Svartar. Stærðir: 128-176. kr. **4.490**

**Opið**  
alla daga

# INTERSPORT®

Póstverslun  
VIÐ SENDUM HVERT  
Á LAND SEM ER



Club Intersport

östud.11 - 19 • Laugardaga 11 - 18 • Sunnudaga 13 - 18 • Intersport Selfossi sími 480 7009 • Mán. - föstud. 09 - 21 • Laugardaga 10 - 21 • Sunnudaga 10 - 21

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 3.957 +1,04% Fjöldi viðskipta: 368  
Velta: 3.914 milljónir

## MESTA HÆKKUN

↑ Og fjarskipti 2,69%  
KB banki 2,27%  
Burðarás 1,41%

## MESTA LÆKKUN

↓ Fiskeldi Eyjafjarðar -30,77%  
Fiskimarkaður ísl. -1,79%  
Lífæknisjódurinn -1,25%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 40,70 -0,49% ... Atraka 6,10 -  
... Bakkavör 31,70 -0,31% ... Burðarás 14,35 +1,41% ... FL Group 13,80  
+0,73% ... Flaga 5,35 -0,56% ... Íslandsbanki 12,60 +1,20% ... KB banki  
540,00 +2,27% ... Kögun 60,30 - ... Landsbankinn 15,00 +0,33% ...  
Marel 56,70 -0,70% ... Og fjarskipti 4,20 +2,69% ... Samherji 12,25 - ...  
Straumur 10,40 +0,97% ... Össur 84,00 +0,60%

## viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## Peningaskápurinn...

## Allt á floti

Klukkan 13.32 að breskum tíma barst orðsending frá stjórn Singer & Friedlander til bresku kauphallarinnar um viðræður stjórna bankans og KB banka um yfirtöku á félaginu. Það var ekki fyrr en klukkan eitt á íslenskum tíma (tvö á breskum) sem lokað var fyrir viðskipti með hlutabréf í KB banka í íslensku kauphöllinni. Á þessum 28 mínútum áttu sér stað viðskipti með bréf KB banka fyrir rúmar 140 milljónir króna og fór verðið úr 538 í 541. Þetta þýðir að árvökulir fjárfestar sem sáu fréttina í bresku kauphöllinni gátu á þessum tíma keypt bréf í KB banka út frá mikilvægum fjárhagslegum upplýsingum sem aðrir fjárfestar höfðu ekki. Mikil viðskipti höfðu átt sér stað með bréf KB banka áður en fréttatilkynningin birtist í bresku kauphöllinni. Verðið hækkaði úr 530

krónum á hlut í byrjun dags upp í 540 um hádegisbil í tæplega eins milljarða viðskiptum. Rann þá upp fyrir mörgum að sú skrítna gengishækkun sem hafði orðið á bréfum KB banka árla dags var ekkert aprílþabb.

## Burðarás græðir

Burðarás græðir ríkulega ef KB banki kaupir Singer & Friedlander á því verði sem hafði myndast við lokun markaða í gær. Bókfærður eignarhlutur Burðarás í breska bankanum var 5,1 milljarðs virði um síðustu áramótin en miðað við síðasta lokagengi Singer & Friedlander, 322 pens á hlut, er verðmæti hlutarins nú um sex milljarðar króna. Væntanlega ganga stjórnendur Burðarás þokkalega sáttir frá borði, fjárfestingin skilaði góðum arði á skömmum tíma, en vitað var að KB banki var allt annað en kátur með það að keppinauturinn skyldi elta hann svona í fjárfestingum.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

Líf skilaði 1.249 milljóna króna hagnaði í fyrra en árið 2003 var hagnaður félagsins 29 milljónir króna. LÍF seldi á árinu fjögur dótturfyrirtæki til Atorku.

Sparisjóður Vestmannaeyja hagnaðist um 121 milljón króna í fyrra samanborið við 123 milljónir árið áður.

Björn Víglundsson, Ágúst H. Leósson og Pétur Pétursson hafa verið ráðnir til starfa hjá Tryggingamiðstöðinni.

Laxeldisfyrirtækið AquaChile hefur fengið lánað 1,5 milljarða króna lán til endurfjármögnunar og lánar Íslandsbanki meirihluta fjárins. AquaChile er annað stærsta laxeldisfyrirtæki í heimi.



FRÁ STARFSSTÖÐ VERÐBRÉFAMIÐLARA Hækkunar á hlutabréfaverði hafa verið hraustlegar eftir áramót og mikið um að vera hjá þeim sem höndla með verðbréf.

## Úrvalsvísitalan aldrei hærrí

Nýtt met var slegið í Kauphöllinni í gær þegar Úrvalsvísitalan fór í 3.957 stig.

Úrvalsvísitalan náði hæstu hæðum í gær þegar hún endaði í 3.957 stigum. Fyrra metið var sett 8. október 2004 þegar hún endaði í 3.947 stigum.

Mestu munaði um að hlutabréf í KB banka og Burðarási, tveggja stærstu hluthafanna í breska bankanum Singer & Friedlander, hækkuðu skarpt. Tilkynnt var um að stjórnir Singer & Friedlander og KB banka hefðu hafið viðræð-

ur um mögulega yfirtöku KB banka á breska bankanum.

„Markaðurinn hefur verið á stöðugri siglingu frá því fyrir áramót þannig að þetta var spurning um hvenær en ekki hvort að þessum áfanga yrði náð,“ segir Atli B. Guðmundsson sérfræðingur í greiningardeild Íslandsbanka.

Hækkun Úrvalsvísitölunnar frá áramótum er nú átján prósent en það er miklu meiri hækkun en flestir sérfræðingar gerðu ráð fyrir að yrði á öllu árinu. Sjó félag í Úrvalsvísitölunni hafa hækkað um meira en tuttugu prósent.

- epa/- þk

## Samningaviðræður um kaup á Singer

Formlegar viðræður um kaup KB banka á öllu hlutafé í Singer & Friedlander eru hafnar. Við tíðindin hækkuðu hlutabréf í báðum félögum og bréf Singer um 15 prósent. Líklegt verð er á milli 60 og 65 milljarðar.

Verð á hlutabréfum í bæði KB banka og breska bankanum Singer & Friedlander hækkaði snögglega í kauphöllum í Reykjavík og Lundúnum í gærmorgun. Í lok dags hafði KB banki hækkað um 2,3 prósent en Singer um 14,8 prósent.

Í kjölfarið barst tilkynning til bresku kauphallarinnar um að viðræður um kaup KB banka á breska bankanum væru komnar af stað og lokað var fyrir viðskipti á báðum stöðum.

Áhugi KB banka á því að eignast Singer & Friedlander er ekki nýr af nálinni. Tilkynningin í gær markar því ekki óvænt tímamót heldur er hún staðfesting á því að formlegar viðræður hafi átt sér stað. KB banki á þegar um tuttugu prósent hlutafjár í bankanum. Til-



KOMNIR AF STAÐ Í NÝJAN LEIÐANGUR Sigurður Einarsson stjórnarformaður og Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, hafa ekki setið auðum höndum við stækkun bankans. Nú standa yfir viðræður um kaup á breska bankanum Singer & Friedlander.

kynningin í gær var send út þar sem snöpr hækkun varð á hlutabréfaverði bankans í gærmorgun sem bent gæti til þess að upplýsingar um samningaviðræður stjórna bankanna hefðu verið farnar að kvisast út.

Hvorki Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, né Tony Shearer, forstjóri Singer & Friedlander, vildu tjá sig nánar við Fréttablaðið um stöðu samningaviðræðanna. „Viðræðurnar eru á því stigi að það er ekki tímabært að við tjáum okkur,“ segir Hreiðar Már. „Ég get því miður ekki sagt neitt til viðbótar því sem fram kemur í tilkynningunni,“ segir Shearer.

Markaðsgengi Singer & Friedlander í gær var um 560 milljónir punda sem samsvarar ríflega 63 milljörðum íslenskra króna. KB banki er talinn líklegur til þess að vera tilbúinn að greiða í kringum

550 milljónir punda fyrir bankann. Gengi pundans gagnvart krónunni kemur ekki til með að skipta máli í ákvörðun KB banka þótt það hafi áhrif á upphæðina í krónum talið.

Í samanburði við verð á íslenskum bönkum er Singer & Friedlander talinn ódýr. KB banki mun einnig telja að kaup á bankanum skapi færi til að auka mjög starfsemi sína í Bretlandi. Singer & Friedlander hefur beint kröftum sínum mjög að eignastýringu og einkabankajónustu en ekki lagt áherslu á fyrirtækjaráðgjöf og verðbréfamíðlun. Á þessum sviðum er líklegt að KB banki sjá tækifæri til að styrkja bankann ef af sameiningu verður.

Burðarás á tæplega tíu prósent hlut í Singer & Friedlander og fullýrt er að fjöldi íslenskra fjárfesta hafi keypt bréf í félaginu á síðustu misserum.

thkjart@frettabladid.is

Ókeypiss hemla-  
og höggdeyfaskoðun fyrir  
eigendur.



ASKJA býður Mercedes-Benz eigendum upp á ókeypiss prófun á hemlabúnaði og höggdeyfum alla laugardaga í apríl og maí. Í nýjum og glæsilegum húsakynnum ÖSKJU er meðal annars fullkomin skoðunarstöð þar sem á skömmum tíma er hægt að meta ástand bifreiða. Þannig má bregðast fljótt við sé þörf á viðgerð eða viðhaldi.

Tilboð á smurþjónustu og hemlaviðgerðum. Opíð í dag frá kl. 9–16.



Mercedes-Benz

ASKJA - Laugavegi 170 - 105 Reykjavík - Sími 590 2100 - www.askja.is

Glucomed  
BYGGJA UPP LIÐRÍSK

Fyrir fólk með liðkvilla vegna slitgigtar eða yfirálags

Fæst í apótekum

Stigahúsateppi

Suburlandsbraut 10  
Sími 533 5800

STRÖND

www.slmnet.is/strond

» FASTUR

birta

» PUNKTUR





JÓN ÞORSTEINN JÓNSSON Stjórnarformaður Sparisjóðs vélstjóra á aðalfundi í gær.

## Áhugi á sameiningu

**Forsvarsmenn SPV hafa hug á að sameinast smærri sjóði.**

Sparisjóður vélstjóra (SPV) leitar að tækifærum til að kaupa eða sameinast öðrum sparisjóðum. Þetta kom fram í máli Jóns Þorsteins Jónssonar, stjórnarformanns SPV, á aðalfundi sjóðsins í gær.

Jón Þorsteinn telur að í því fjármálaumhverfi sem sparisjóðirnir búi við verði þeir að líta til sameininga. Hann lagði þó áherslu á að við slíkan samruna yrði SPV stærri aðilinn og því leiðandi.

Fram kom að síðasta ár hafi verið eitt besta árið í sögu sparisjóðsins en hagnaður SPV var um 700 milljónir króna. Árið í ár lofar góðu. Sparisjóðurinn hefur mikla burði til vaxtar, enda er eiginfjárlutfall sjóðsins hátt.

Miklar umræður spunnust meðal stofnfjáreigenda um breytingatillögu stjórnar SPV á samþykktum um að stofnfjáreigendum yrði heimilt að eiga ótakmarkað magn af stofnfjárbréfum, svo framarlega sem eignarhluturinn færi ekki yfir 5% af heildarstofnfé. Var sú tillaga felld.

Sitjandi stjórn var endurkjörin en Guðmundur Geir Gunnarsson og Helgi Laxdal náðu ekki kjöri.

- eþa


## Hækkar verðmat

Íslandsbanki gaf í gær út nýtt verðmat á Landsbankann. Að mati greiningardeildarinnar er bankinn 126 milljarða virði og telur því að verð hlutabréfa eigi að vera 15.

Á markaði í gær hækkuðu bréf Landsbankans og fóru í 15.

Síðasta mat Íslandsbanka á Landsbankanum gaf hlutabréfa-verðið 10,9 en það var um miðjan mars. KB banki gaf síðast út greiningu á Landsbankann í maí í fyrra og var niðurstaðan sú að hlutabréfa-verð í Landsbankanum ætti að vera 7,5.

- þk



# Nýju Rollerblade línuskautarnir eru komnir!

**Stækkanlegir línuskautar fyrir börn 9.990 kr.**

**Dömu- og herralínuskautar frá 9.990 kr.**



BIENSKA AUGLEGGINGASTOFNAN/SÍJÓÐS ÚTI 27.04.05 0121805

## ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNN SÍMI 545 1580

## N Ý T T K A F F I H Ú S



Erum að stækka aðstöðu fyrir viðskiptavinum okkar og af því tilefni bjóðum við upp á fyrir þá sem versla í dag, sérbökuð vinarbrauð FRÍTT og blöðrur og sleikjó fyrir krakkana. (meðan birgðir endast)

Verið velkomin  
Starfsfólk Bakarans á hjólinu.



Café - Konditori

Bakarinn á hjólinu • Álftheimum 6 • Sími: 553 6280 • www.bakari.is

ÉMILE ZOLA (1840 – 1902)  
fæddist þennan dag.



„Ég er listamaður... og hingað kominn til að lifa lífinu upphátt.“

Franski rithöfundurinn Émile Zola var upphafsmaður hreyfingar natúralisma í bókmenntum og vildi að skáld ynnu líkt og náttúruvísindamenn. Rannsaka átti manninn og mannsandann og benda á mein samfélagsins.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## AFMÆLI



Arný Snæbjörnsdóttir, Seljalandi 5, Reykjavík, heldur upp á afmæli sitt í dag, en hún verður níu á mánuðaginn. Arný tekur á móti gestum í Víkingasal Hótel Loftleða milli klukkan

tvö og fimm í dag. Blóm og gjafir eru afþökkuð en á staðnum verður söfnunarkassi frá Umhyggju, félagi til stuðnings langveikum börnum.

Torfi Jónsson, kennari og myndlistarmaður, er sjötugur í dag.




Sigurður H. Richter dýrafæðingur er 62 ára í dag.



Jón Hjaltalín Magnússon verkfræðingur er 57 ára í dag.



Ástríður Pálsdóttir sameindalíffræðingur er 57 ára í dag.



Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálagstofnunar, er 47 ára í dag.



Anna Rósa Sigurðardóttir leikkona er 36 ára í dag.



Elskulegur eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,

**Bernharð Steingrímsson**

Tungusíðu 2, Akureyri,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri þriðjudaginn 29. mars.

Sigurbjörg Steindórsdóttir

Steingrímur Bernharðsson

Berghildur Erla Bernharðsdóttir

Bernharð Stefán Bernharðsson

Björg Marianna Bernharðsdóttir

Steingrímur Magnús Bernharðsson

og afabörn.



Fróðleikur af gardur.is



Brautryðjandi meðal karla:

## Jón Helgason biskup

Jón Helgason var fæddur í Görðum á Áltanesi 21. júní 1866, sonur Helga prests Hálfðanarsonar, síðar lektors Prestaskólans, og konu hans Þórhildar Tómasdóttur. Stóðu að honum kunnar ættir, m.a. afa hans, Fjölnismannsins fræga, Tómasar Sæmundssonar, prófests á Breiðabólstað. Jón stundaði nám við

Reykjavíkarskóla 1880-86, lauk þá prófi og sigldi samsumars til Kaupmannahafnar, þar sem hann lauk ýmsum háskólaprófum við góðan orðstír á næstu árum, síðast embættisprófi í guðfræði 1892. Hann var við kennslu í Reykjavík 1892-93, starfaði við kirkju í Danmörku 1893, lauk enn tveimur prófum frá prestaskóla í Höfn 1894 og ferðaðist svo um Þýskaland með styrk frá stjórnarráði Dana. Þar kynntist hann þýzku Biblíugagnrýninni og ritum forkólfa frjálslýndu guðfræðinnar. Eftir fráfall föður hans var sótt eftir því við Jón að hann kæmi að Prestaskólanum í Reykjavík sem fastur kennari, og lét hann til leiðast, þótt hann langaði að setjast að í Danmörku og taka þar prestvígslu. Honum var veitt 1. kennaraembættið við Prestaskólann þá um sumarið. Um haustið tókst hann jafnframt á hendur að halda uppi aukagöðsþjónustum við Dómkirkjuna, var vígður til prests í því skyni voruð eftir og hafði þann starfa á hendi í 13 ár.

...

Meira á gardur.is



Hægt er að setja inn ævidrög látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.

## PETTA GERÐIST

# Fyrsta bíóið hefur sýningar

Þennan dag árið 1902 hóf fyrsta kvikmyndahúsið sýningar í Los Angeles í Bandaríkjunum. Bíóið var í sirkustjaldi og nefndist „Rafmagnsleikhúsið“. Meðal fyrstu mynda sem sýndar voru var „Kafaldsbýlur í New York“. Aðgangseyrir var tíu sent fyrir klukkustund- ar langa sýningu.

Evrópskir og bandarískir uppfinningamenn höfðu unnið að kvikmyndatökuvélum síðan á seinni hluta niunda áratugar 19. aldar. Í lok 19. aldar gátu áhorfendur farið á kvikmyndasýningar og nokkrar „kvikmyndaverksmiðjur“, eins og framleiðslufyrirtækin voru kölluð framán af, höfðu verið stofnuð.

Árið 1896 hóf Thomas Alva Edison kvikmyndasýningar á fjölleikasýningum milli þess sem trúðar og loftfimeikamenn tróðu upp. Stuttar kvikmyndasýningar voru algengar í fjölleikahúsum um aldamótin 1900 og voru yfirleitt í lok dagskrárinnar.

Árið 1901 fóru bandarískir fjöllestamenn í verkfall og urðu kvikmyndir þá meginuppistaða skemmtidagskrár fjölleikahúsa. Í upphafi framleiðslufyrirtækin voru ekki leigt einstaka myndir af fram-

leiðslufyrirtækjunum heldur þurftu þeir að kaupa þær. Því gat verið dýrt að skipta reglulega um myndir í sýningu. Í ársbyrjun árið 1902 fór kvikmyndaframleiðandinn Henry Miles að leigja sýningararréttinn að myndum sínum og lagði þar með grunninn að því dreifingarkerfi sem þekktist í dag. Fyrsta kvikmyndahúsið opnaði árið 1902 og fyrr en varði spruttu bíóin upp eins og gorkúlur og fyrr en varði voru kvikmyndasýningar ein vinsælasta afþreying almennings.



THOMAS ALVA EDISON

## MERKISATBURÐIR

- 1801 Breski flotinn undir stjórn Nelsons flotaforingja gjörsigrar danska flotann við Kaupmannahöfn.
- 1928 Jóhanna Magnúsdóttir fær lyfsöluleyfi, fyrst íslenskra kvenna.
- 1930 Haile Selassie var lýstur keisari Eþíópíu.
- 1982 Argentína gerði innrás á Falklandseyjar og hóf þannig Falklandseyjastríðið.
- 1992 John Gotti var dæmdur í ævilangt fangelsi í New York fyrir morð og skipulagða glæpastarfsemi.
- 1996 Rússneskur togari tekinn við ólöglegar veiðar úr af Reykjanesi, sá fyrsti síðan lögsagan var færð út í 200 mílur árið 1975.

## TÍMAMÓT: SÝNINGUM LÝKUR Á FYRSTA HLUTVERKINU

# Tregablandin gleði að sjá á bak Línu

Núna um helgina eru allra síðustu sýningar á leikritinu um Línu langsokk í Borgarleikhúsinu, en þær hafa staðið yfir í um eitt og hálf ár. Hlutverk Línu langsokks hefur verið í höndum Ilmar Kristjánsdóttur leikkonu og var hennar fyrsta hlutverk eftir útskrift úr Leiklistarskóla Íslands. „Ég var byrjuð að æfa Línu þegar ég var enn þá í nemandaleikhúsinu og „debutteraði“ með Línu,“ sagði Ilmur og hikaði aðeins þegar hún var spurð hvort hún væri fegin að sjá á eftir hlutverkinu. „Það er svona tregablandin gleði. Þetta er búið að vera ótrúlega gaman en nú horfir maður fram á veginn og hlakkar til að takast á við eitthvað nýtt.“

Ilmur er þó ekki horfin af sviðinu því eftir nokkra daga verður frumsýnt verkið Terroristar þar sem hún er í einu hlutverka. Þá segir hún „ákveðið sumarverkefni“ vera í bígerð, en verður hin leyndardómsfyllsta þegar gengið er á hana um hvað þar er á ferð. „Það er eiginlega leyndarmál enn þá því ekki er búið að fastnegla hlutina.“ Hún sagði þó að um



ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR

væri að ræða leikhúsvær en ekki kvikmynd. „Annars bið ég bara eftir næstu b í ó m y n d,“ sagði Ilmur og kvað hafa verið afskaplega gaman að leika í kvikmyndinni Dís sem út kom í fyrra. „En það er allt útlit fyrir að ég þurfi að skrifa hana sjálf.“ Ilmur segir mikinn mun á vinnuferli og aðkomu leikarans eftir því hvort unnið er á sviði



LÍNA LANGSOKKUR Á FULLU Sýningar á Línu langsokk hófust haustið 2003, en síðustu sýningar eru núna um helgina. Ilmur Kristjánsdóttir fer með aðalhlutverkið í sýningunni, en Lína var hennar fyrsta hlutverk í atvinnuleikhúsi.

eða fyrir myndavélina. „Það er náttúrulega bara algjör draumur að fá að fást við bæði, ef guð lofar. Bíóbransinn er bara þannig að það er ekki úr fjölda hlutverka að móða.“

Ilmur óttast ekki að persónuleiki Línu langsokks hafi smitast yfir á hana eftir þennan langa tíma í gervi hennar og segist í raun „rétt ætla að vona“ að það hafi gerst. „Lína býr yfir frelsi í

sál sinni, bæði í lífi og starfi. Svona ákveðnu hispursleysi,“ sagði hún og taldi hlutverkið í raun hafa verið ákveðinn happafeng þar sem hún var nýskriðin úr skóla. „Þetta var dálítill eldskirn og ýtti svolítið á eftir mér inn í leikhúshéiminn. En ég er annars afskaplega sátt á þessum tímamótum, kveð Línu með tregablandinni gleði og leyfi nýju að taka við.“

## ANDLÁT

**Arnar Önfjörð Björgvinsson**, Skúlagötu 68, Reykjavík, lést sunnudaginn 20. mars. Útförin hefur farið fram í kyrriþey.

**Jakóbina Guðrún Júlíusdóttir**, Austurbýggð 17, Akureyri, lést miðvikudaginn 23. mars.

**Erna Sigurðardóttir**, Sjávargrund 6a, Garðabæ, lést miðvikudaginn 30. mars.

**Hákon Bjarnason** lést á gjörgæsludeild Landspítala, Hringbraut, miðvikudaginn 30. mars.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

742 Karlagnús (Karl mikli), konungur Franka.

1725 Casanova, ævintýramaður og rithöfundur.

1805 Hans Christian Andersen, rithöfundur.

1891 Max Ernst, listmálari.

1914 Sir Alec Guinness, leikari.

1926 Jack Brabham, Formúluökumaður.

1928 Serge Gainsbourg, söngvari.

1939 Marvin Gaye, söngvari.

1945 Linda Hunt, leikkona.

1947 Emmylou Harris, söngkona.

1947 Camille Paglia, rithöfundur og feministi.

1960 Linford Christie, íþróttagarpur.



## JARÐARFARIR

14.00 **Guðrún Elsa Guðlaugsdóttir**, Herjólfsgötu 14, Vestmannaeyjum, verður jarðsungen frá Landakirkju.

14.00 **Gunnar Sigurðsson**, Leirulækjarseli, verður jarðsungen frá Borgarnesarkirkju.

14.00 **Helga Engilbertsdóttir**, Ísafirði, verður jarðsungen frá Ísafjarðarkirkju.

14.00 **Ingibjörg Sveinbjörnsdóttir**, frá Möðruvöllum í Kjós, Dvalarheimlinu Grund, Reykjavík, verður jarðsungen frá Reynivallakirkju í Kjós.

14.00 **Ivar Páll Ársælsson**, Hlíðarlandi, Árskógsströnd, verður jarðsungen frá Stærta-Árskógsarkirkju.

14.00 **Stefán Jónsson**, bóndi, Grænumýri, Skagafirði, verður jarðsungen frá Flugumýrarkirkju, Blönduhlíð, Skagafirði.

14.00 **Sveinbjörn Bárðarson**, flugumferðarstjóri, Smárahlið 7c, Akureyri, verður jarðsungen frá Skúta- staðarkirkju.

# Vaxtalaus verðsprenngja

**50%  
afsláttur**

	Verð nú:	Verð áður:
<b>Fataskápur</b> Vnr. 654128	9.999,-	19.999,-
<b>Rúm</b> Vnr. 654126	6.499,-*	12.999,-*
<b>Skrifborð</b> Vnr. 654129	6.499,-	12.999,-
<b>Kommóða</b> Vnr. 654130	6.499,-	12.999,-
<b>Náttborð</b> Vnr. 654127	2.499,-	4.999,-

\*Rúm án dýnu

Allt á mynd\*

**2.999**<sub>kr</sub>

á mán. í 10 mánuði\*

Heildarverð **29.990,-**  
Verð áður **59.980,-**

\*Rúm án dýnu

\*Lántöku- og stimpilgjald ekki innifalið



**Sængurverasett**

100% bómullarsatín, margir litir, Vnr. 675422



**Sængurverasett**

100% bómull, hvítt, drapp, Vnr. 675421



**Sængurverasett**

100% bómull, hvítt, drapp, Vnr. 675419

Gildir til 04.04.05 eða meðan birgðir endast.

Fæst einungis á Akureyri og Smáralind.

**HAGKAUP**  
Skemmitilegast að versla

# Kvótinn er í kollinum

Leikstjórinn Bjarni Haukur Þórsson fær stundum óstöðvandi hláturskast yfir hversdagslegum aðstæðum vina og vandamanna. Hann á auðvelt með að sjá hið skondna við daglegt líf, eftir því sem hann segir sjálfur, en þessar sömu gamanlinsur hafa gert lifibrauð hans æ vænna og ævintýralegra. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir leyfði Bjarna Hauki að hlæja að sér.

„Ég hef alltaf verið áhugasamur um mannlegt eðli og finnst hún byggður á alvöru lífsins skemmtilegri en hárkollur og eftirhermur í trúðslátum,“ segir Bjarni Haukur sem þessa dagana leikstýrir eigin gamanþáttum fyrir TV4 í Svíþjóð. Sagan er um Hannes sem hefur nýtt ástarsamband og erfiðleikana sem koma upp í sambúðinni.

„Þetta er ný útfærsla á sjónvarpsþáttum sem ég skrifaði og leikstýrði fyrir TV2 í Noregi og heitir Hos Martin. Fyrsta serían var í 26 þáttum sem teknir voru upp vikulega fyrir framan 400 áhorfendur, og nú er byrjað að taka upp næstu 26 þættina fyrir haustið. Sænsku þættina, sem heita Hon og Hannes, geri ég öðruvísi, meira í átt við *comedy drama*, með tveimur myndavélum í stað fjögurra, úti og inni á setti, og leikstýri tólf af þeim þáttum sjálfur.“

## Fékk sænsku leiklistarverðlaunin

Bjarni Haukur hefur veðjað á sjálfan sig í Svíþjóð og Noregi síðastliðin fjögur ár. Hann býr enn á Íslandi en í uppvestinum átti hann nokkur ár í Svíþjóð þegar foreldrar hans voru í námi.

„Ég kann ofsalega vel við mig á Norðurlöndunum því þau liggja nálægt manni í menningu, tungu og fólkinu sjálfu. Ég hef verið að brólta þetta í útlöndum og fór með tvær hendur tómar til að freista gæfunnar. Það hefur kostað ómælda vinnu, en er nú loks farið að skila sér. Lykillinn reyndist að vera með eitthvað í höndunum sem maður trúir á og góðan sannfæringarkraft. Með það veganesti er allt mögulegt þótt þessi bransi snúist í aðalatriðum um það að þekkja rétta fólkið. Þetta er heimur réttra sambanda og nú hefur mér tekist að byggja upp mjög gott net fagfólks, hvort sem það er

fólkið á sjónvarpsstöðvum Norðurlanda, framleiðendur eða bestu leikararnir.“

Bjarni setti upp söngleikinn *Grease* í einu virtasta leikhúsi Svía, Göta Lejon á liðnu hausti. Fremstu leikarar Svíþjóðar, sem og dansarar og tónlistarmenn hafa gert sýninguna að listaverki og í mars fékk sýningin Sænsku leiklistarverðlaunin.

„Grease fékk fern verðlaun: fyrir besta söngleikinn, besta dansinn, besta aðalleikarann og bestu aukaleikkonuna. *Grease* hefur oft sinnis verið settur á svið í Svíþjóð en mig langaði að gera það á ferskari hátt en áður. Það hefur verið ánægjulegt að upplifa hve vel hefur gengið, en sýningar eru enn í gangi og verða áfram næsta vetur.“

## Mistök í lagi

Bjarni Haukur stimplaði sig inn í þjóðarsál Íslendinga þegar hann fór með hlutverk Hellisbúans 1998 til 2001. Sá einleikur hefur síðan verið sýndur í leikstjórnum Bjarna Hauks í Noregi og Svíþjóð, og verður settur upp í Japan á hausti komanda.

„Ég var 26 ára þegar hundrað þúsund manns komu að sjá Hellisbúann. Slík velgengi er varasöm og auðvelt að halda að eftirleikurinn verði auðveldur. Í upphafi vonar maður að hlutirnir gangi upp og þegar slíkt gerist fær maður byr undir báða vængi og meira sjálfstraust. Þá verður í lagi að eitthvað mistakist. Eftir Hellisbúann skrifaði ég og setti upp einleikinn Haukinn en þá kom enginn. Í fyrstu var ég æðislega hissa, en skildi svo að það var verkið sem var ekki nógu gott og aðsóknarleysið ekki persónulegt. Ég tel mikilvægt að lenda í mótlæti á leiðinni, því maður lærir meira á



ÞÚSUNDÞJALASMIÐUR Bjarni Haukur Þórsson útskrifaðist sem leikari úr virtum leiklistarskólum New York-borgar en hefur gert minnst af því að leika undanfarin ár. Hann fékk ríkulegar vöggugjafir og stendur jafnfætis í handritsgerð, leikstjórn, leik og framleiðslu leikins efnis á sviði sem í sjónvarpi.



ÚR SMÍÐJU BJARNA HAUKS Hér má sjá verk Bjarna Hauks í sænskum og norskum leikhúsum og sjónvarpi.

floppum en velgengi,“ segir Bjarni hugsi og bætir við: „Þeir sem standa af sér hrakningar verða sterkari fyrir vikið. Haukurinn var það besta sem gat komið fyrir mig.“

Bjarni Haukur hefur sýnt síðar að hann er á réttri hillu sem handritshöfundur, framleiðandi, leikstjóri og leikari.

„Það á vel við mig að skrifa fyrir sjónvarp, en ég er þó sennilega sterkari framleiðandi en rit höfundur, og eftir því sem ég leik-

stýri meira finnst mér sú vinna æ skemmtilegri. Hún á ágætlega við minn karakter; sameinar skipulag og listir.“

## Tíu ára leikhússtjóri

Bjarni Haukur var á barnsaldri þegar leiklistargögn lagði fyrir hann snörur sína.

„Það eru að vísu einhverjir listamenn í familfunni, en ég er einkasonur og hef trúlega fengið of mikla athygli. Tíu ára hélt ég úti leikhúsi í kjallaranum heima á Lindargötu þar sem ég skrifaði, leikstýrði og lék sjálfur, bæði einleiki og stærri leikrit, allt eftir hentugleik hvað náðist í marga. Þetta lá því ljóst fyrir og seinna hélt ég til New York í leiklistarnám. Það hafði mikil áhrif á mig, enda hvetjandi að búa í borg sem er svo rík af leikhúsi, bíói og sjónvarpi. Ég drakk það allt í mig.“

Bjarni Haukur hefur ekki leikið sjálfur á sviði í mörg ár, ekki síðan í Þjóðleikhúsinu að hann lék í Bláa hnettinum og Vilja Emmu.

„Það er gaman að leika en ég sakna þess ekkert svakalega. Ég er með sjö verkefni í undirbúningi og mun ekki leika sjálfur í neinu þeirra. Ég vil sem minnst segja um verkefni á þessu stigi, en get upplýst að eitt þeirra er leikstjórn á *The Sunshine Boys* eftir Neil Simon í China Teatern í haust, með tveimur af þekktustu leikurum Svíþjóðar, þeim Brasse Brännström og Magnus Härenstam.“

Þrátt fyrir ört vaxandi velgengi segist Bjarni Haukur ekki orðinn veraldlega ríkur.

„Ég hef það ágætt, en andlegt ríkið dæmi skiptir mig meira máli en beinharðir peningar. Mér hefur

alltaf fundist skrítið þegar menn fara út í þennan bransa í því augnamiði að verða ríkir, en ekki af hugsjón. Það er áhættusamt að setja upp sýningar en maður verður alltaf betri og betri. Ég hef auðvitað margoft spurt mig hvurn djöfulinn ég er að gera og hví í ósköpunum ég uppsker ekki meira, en það kemur. Á meðan ég get fætt og klætt fjölskyldunna er ég glaður og sáttur.“

## Nýir kaflar

Rifflar frá  
**24,900,-**

**SPORTVÖRUGERÐIN**  
SKIPHOLT 5 562 8383

www.sportvorugerdin.is

**ALVEG ÖTRULEGT  
URVAL VEIÐILEYFA**

**LAX-A**

**Lax og silungur**  
Yfir 40 Lax og silungsveiðiar í Öllum verðflokkum. Frekari upplýsingar Lax-a ehf. S. 557 6100 veidileyfi@lax-a.is www.lax-a.is





Laxá á Refasveit. Eignum til lausar stangir. Uppl. í síma. S. 898 3440, 824 5406 & 893 0630.




Hreindýra og silungsveiði á Grænlandi, sumaríð 2005. Hafíð samband í s. 568 3030 & www.hl.is/veidi & andri@hl.is

## Hestamennska



Istölt 2005 miðasala. Miðasala á Istölt 2005 sem fer fram 9. apríl er hafin. Istölt, Bæjarlínd 2, S:555 1100

Til sölu fallæg, þæg en viljug vel ættuð meri, 10 vetra, tilboð óskast. S. 862 3643.



## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kiktu inn á [www.leigulistinn.is](http://www.leigulistinn.is) eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Sumarhús á Spáni. Höfum úrval af góðum íbúðum til leigu/sölu á Alicante svæðinu. Uppl. í s. 567 1596/694 7196/ e.mail.gumsig@terra.es

Til leigu 60 fm 3 herb. íbúð í Hfj. Langtímaleiga Leigist með húsg. S. 849 6069

3 herb.80 fm. í Kóp.,V. 75 þ. Allt innifalið. Engin geymsla.laus strax.150 þ.trýgg. S. 844 7964.

Falleg 3. herb. með svölum til leigu í Gaugshólum.111 Rvk.Frá 4.apríl. 70 þús.+ tryggingar. S. 849 0152/847 7147.

Til langtímaleigu 3 herb. íbúð á efri hæð við Skipasund. Allt sér. S. 581 3142.

Sumar á Spáni.Til leigu hús v.strönd.Sagundo,Valencia.200 m2.3 baðh.sundl.kr.50.000 s.899 3760

Til leigu herbergi með aðgang að eldhúsi. sturtu. og þvotta. S:8938839

Herbergi til leigu á Bergþórsgötu með sérinngangi, sameiginlegu baðherbergi, stofu og eldhúsaðstöðu. Leigist á 30 þ. á mánn. 2 mánn. fyrirfr. Laus strax. Sími 692 1681.

2ja herbergja íbúð til leigu í 5 mánuði í 101. Tilvalið yfir sumartímann. Uppl. í s. 587 8734 & 897 7299.

3 herb. íbúð á svæði 112 til leigu. Neðri hæð í sérþýli. Uppl. í síma 897-2924

Til leigu 16 fermetra snyrtilegt íbúðarherbergi á svæði 109. Aðgangur að WC og sturtu. Tengi fyrir sjónvarp og síma. Ísskápur, örbylgjuofn og rúm getur fylgt. Leiga 20 þús. á mánuði. Upplýsingar í síma 863 3984.

Björt 70 fm 2ja h. íbúð í Teigahverfinu. 80 þús. á mánn. Laus 1/4. Reykleysi og reglusemi áskilin. Uppl. í s. 869 4546.

Nýjar stórglæsilegar leiguíbúðir með öllum tækjum. Langtímaleiga. 2ja herbergja í Reykjavík. Sjá heimasíðu Átt-haga ehf.: [www.atthagar.is](http://www.atthagar.is)

Til leigu snyrtileg stúdíóíbúð með eða án húsgagna, er á svæði 101, nærri Lsp. Uppl. í s. 866 8732.

Til sölu 59 fm. 2ja herbergja íbúð, 3 h. Hraunbæ 38. Verð 11.5 m. Góð fyrir skólafólk. Uppl. í s. 893 3475.

2ja herb. 50 fm. íbúð til leigu í Selás-hverfi. Leiga per. mánn. 60 þús. Innifalið rafm. og hiti. S. 899 6749.

Til leigu 15 fm notalegt herbergi, leigist eingöngu bílstjórum yfir nótt. S. 869 9873.

2ja herbergja íbúð á svæði 109 til leigu. Uppl. í s. 821 8120.

### Ódyrt!

3 herb, sumarhús til leigu í Torevieja á Spáni. 20 þús, vikan. Uppl. í s. 849 8331 eða spanarhus@visir.is

Kvk. samleigjandi óskast í ca 3 mánn. Aðeins reglusamt fólk kemur til greina. Persónuuppl. og sími óskast sendar á [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is) merkt "samleigjandi 01".

Snyrtilegt herb. til leigu í Hafn. með aðg. að öllu. Uppl. í s. 823 6465.

Mjög snyrtileg 2ja herb aukaíb. í tvíþýli í Hfj. til leigu, laus strax /langtímal. S. 846 0976.

### Ódyrt!

3 herb, sumarhús til leigu í Torevieja á Spáni. 20 þús, vikan. Uppl. í s. 849 8331 eða spanarhus@visir.is

## Húsnæði óskast

30 ára mamma og 8 ára dóttir. Óskum eftir fallegri íbúð á höfuðborgarsvæðinu, má vera fyrir utan. Ekki væri verra ef að húsgögn gætu fylgt, frá og með 10. júní -. Eum yndislegar dúllur. Uppl. í s. 869 9883 & 848 3501.

Fyrirtæki óskar eftir 3. herb., íbúð í Rvk. til leigu. Uppl. í s. 554 4030 & 895 4030.

4ra herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu óskast til leigu fyrir 1. júní. Uppl. í s. 616 6439, 867 3944 og 517 1763.

4ra manna fjölsk. óskar eftir 3-4 herb. íbúð til leigu frá 1. maí. langt.leiga. s. 564 3512 e.kl. 18.

Ungt par m. barn og lítinn hund óskar eftir 2-3 herb. íbúð á höfuðsvæðinu. Uppl í síma 899 6220 og 899 6230.

Konu á miðjum aldri vantar 2ja herb. íbúð á sv. 101/105/107. Aðeins sanna-gjörn leiga kemur til greina. Uppl. í s. 846 0725.

Íbúð í breiðholti eða grenndinni óskast. 2-3 herberja. Til 5mánaða. Staðgreiðslu heitið fyrir allan tímann strax. Uppl. 869-7794.

Óska eftir stúdíó/2ja herb.íbúð á svæði 112. Reglusemi og skilvísun greiðslum heitið. Upplýsingar í síma 696 5308.

Kona óskar eftir 65-70 fm. íbúð á Rvk. svæðinu.(ekki í blokk eða kjallara). Reglusemi og öruggar greiðslur. S. 554 0062.

Óska eftir 2ja herb. eða stúdíóíbúð. Er með hund. Uppl. í s. 695 2557.

4ra manna fjölsk. óskar eftir íbúð(4ra herb.) sem fyrirt. Uppl í s.866 7743 616 6296.

Óska eftir 3ja herbergja íbúð í Reykjavík, skilvísun greiðslum heitið. Uppl. í s. 820 0537 Sissa.

Einstæða móður í góðri vinnu vantar 2-3 herb íbúð sem fyrst, uppl í s 696 0839

Sextug kona óskar eftir 2ja til 3ja herb. íbúð. 100% umgengi, reyklaus og reglusöm. Greiðslugeta 50 þús. á mánn. Uppl. í síma 848 2236.

2 reglusamar stúlkur óska eftir 2 herb. íbúð á sv. 101 eða nágr. Frá 21.05. Skilvísun gr. heitið. Anna s. 865 5140 eða Ólóf s. 697 3718.

## Sumarbústaðir



BÚSTADASMÍÐJAN SYÐRI BRÚ auglýsir til sölu vönduð heilsárs fristundahús búin öllum helstu þæindum húsin eru til sínis á staðnum. Sími 862 0512 & 860 8066.



### Nú er rétti tíminn !

Vönduð bjalkahús 23 fm og 37 fm ásamt 10-15 fm lofti til sölu. Altækni s/f 461 1111 og 869 9007 Nánari uppl. [www.bjalkahus.com](http://www.bjalkahus.com)



Sníðum sumarhús eftir óskum. Eignum einnig til teikningar af húsum. Sann-gjart verð. Uppl. í síma 893 1712 & 897 4814.

### NULL

Til sölu vandaður 51,4 fm + 16 fm vilt loft, fullkláraður að utan, einangraður að innan. Staðgreitt 4,3 millj. Nánari uppl. í s. 896 4999.



Til sölu þessi gullfallegi heilsársbústaður, 65 m2 næstum fullbúinn með innréttingum o.fl. Til sínis að Lækjarmel í Mosfellsbæ um helgina. Tilboð óskast. Uppl. í síma 551 0703 & 695 4363.

Sumarbústaður m. heitum potti til leigu í nágr. Flúða. Uppl. í s. 486 6683, 898 6683 Guðbjörg.

Stálgrindur undir 30 - 40 fm2 sumarhús. 10x20 stál. Uppl. í s. 696 2265.

## Atvinnuhúsnæði

28 fm húsnæði til leigu fyrir snyrtilegan iðnað, skrifstofu eða verslun á jarðhæð í Garðabæ. Uppl. í síma 894-0135, 897-8755

Herbergi til leigu í miðbæ Reykjavíkur (101). Upplýsingar í síma 822 3539.

Til leigu 100 fm iðnaðarhúsnæð við Dalshraun Hafnarf. S. 868 1451.

## Geymsluhúsnæði



**P. ÁRNASON**  
FALDASKÁLINN  
Vesturstr. 30b • 707 Kópavogur  
Sími 568 8830 • [www.pa.is](http://www.pa.is)

## Gisting

Gistiheimili Halldoru Hvidovre/Köben Ódyr og góð gisting [www.gistiheimil-id.dk](http://www.gistiheimil-id.dk) 0045-24609552

Gisting miðsvæðis. Fullbúin studio herbergi með sér eldhúsi og baði. Allt nýtt. Verð frá 5.000. Bolholt Guesthouse 824 5054.

### NULL

Stúdíóíbúð til leigu í eina nótt eða fl. Sími 8221941

## ATVINNA

### Atvinna í boði



**Skólafólk athugið !**  
Pósthúsið vantar duglegt fólk til starfa við dreifingu. Finn aukapeningur. Nánari upplýsingar í síma 585 8330.

### Talar þú Finnsku?

Skúlasón leitar að finnskumælandi fulltrúum í þjónustuver sitt, þarf einnig að tala íslensku. Vinnutími er alla virka daga frá kl 8:00-17:00 og alla laugardaga frá kl. 08:00-13:00.

**Vinsamlegast hafði samband í síma 575 1500 og talið við Helgu milli 08:00 - 16: 00 Skúlasón ehf, Laugavegi 26, s. 575 1500, [www.skulason.is](http://www.skulason.is)**



### Skólafólk athugið !

Pósthúsið vantar duglegt fólk til starfa við dreifingu. Finn aukapeningur. Nánari upplýsingar í síma 585 8330.

Viltu aukatekjur 25 þús-? og vinna með góðu fólki? Hafðu þá samband. Fanney s. 698-7204.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 [www.HalldoraBjarna.is](http://www.HalldoraBjarna.is)

Rafvirki óskast strax. Þarf að geta unnið sjálfstætt. Aðal vinnu svæði Suðures. Uppl. Guðmundur 863 3868 & 456 4552.

### American Style

Í Skipholti, Kópavogi og Hafnarfirði óskar eftir hressum starfsmönnum í afgreiðslu. Um er að ræða framtíðarstarf í reglulegri vaktavinnu. Erum einnig að leita að starfsmönnum í hlutastarf á gríllíð. Leitum um einstaklingum sem hafa góða þjónustulund, eru 18 ára eða eldri og eru áreiðanlegir. Umsóknaryfublað á [americanstyle.is](http://americanstyle.is) og á öllum American Style veitingastaðum.

### Aktu Taktu Okkur vantar gott fólk!

Vilt þú vinna með hressu og harðduglegu fólki? Vilt þú stundum vera í frii á daginn og stundum á kvöldin? Við bjóðum vaktavinnu, samkeppnishæf laun, fæði í vinnutíma og góðan starfsanda. Erum að leita að fólki, 18 ára og eldri, á veitingastað okkar í Skúlagötu. Um er að ræða bæði hlutastarf og fullt starf. Umsóknaryfublað á [aktutaktu.is](http://aktutaktu.is) og á öllum Aktu Taktu stöðum.

Starfsmann vantar til ræstinga á Selfossi eftir kl 19.00. Uppl. rh@rh.is eða í síma 863 0080

Viðskiptafræðingur BS, óskast til að vinna viðskiptaáætlun. Möguleiki á þátttöku í viðskiptahugmynd og/eða framtíðarstarfi. Uppl. [olafuro@internet.is](mailto:olafuro@internet.is)

Óska eftir mönnum, helst vönnum þakpappalögnum. Uppl. í s. 896 4947 og 896 5424.

Óska eftir fólki á dekkjaverkst. og smurstöð. Óska einnig eftir rafstöð. S. 587 4700 & 699 4009.

Strafsmenn óskast á vélaverkstæði út á landi. Uppl. í s. 467 3145 & 467 3125.

Óska eftir fólki á dekkjaverkst. og smurstöð. Óska einnig eftir rafstöð. S. 587 4700 & 699 4009.

KJÖTSKURÐUR & PÖKKUN. Káess kjötvinnsla í Kópavogi óskar eftir 2 starfsmönnum, einn í kjötskurð og einn í pökkun. Vinnutími frá 07,20 til 15,20 virka daga. Uppl í síma 587 0522

Starfskraftur óskast aðrahvora helgi í söluturn í Kópavogi. Uppl. í síma 554 5350.

### Ræsting

Gæðaræsting ehf. óskar eftir starfsmanni í ræstingar á svæði 101 3svar í viku eftir kl. 17. Uppl. í s. 898 7537.

Hressó, Austurstræti 20 óskar eftir starfsm. í dag-, kvöld- og helgarvinnu. Óskum eftir jákvæðu og duglegu fólki. Uppl á staðnum

Hressó Austurstræti 20 óskar eftir kokki í fullt og hlutastarf. Leitum af stundvísun og áreiðanlegum kokki. Uppl á staðnum

### Foldaskálinn

Foldaskálinn, sem er söluturn í Grafarvogi, vantar hress starfsmann í kvöld og helgarvinnu. Áhugasamir hafi samband við Óskar í síma 897 7466.

### Arnarverk ehf.

Óskum eftir vönnum grófumönnum og bílstjóra. Mikil vinna. Uppl. í síma 864 2387.

Heilsa og Fegurð óskar eftir vönnum naglafræðing. uppl gefur Linda í 899-8090.

### Veitingahúsið skólalábrú

Óskar eftir að ráða aðstoðar fólk í veitingasal, reglusemi og snyrtimennska áskilin, uppl í s 562 4455.

### Nonnabiti

Starfskraft vantar í fullt starf og hlutastarf, reyklaus. Uppl. í s. 551 2312 (milli 14-18, ekki svarad í háð.), 899 1670. Umsóknarblöð á staðnum.

### Byggingavinna

Óskum eftir starfsmönnum í ýmis störf á byggingastað. Uppl. í s. 846 2986.

Óskum eftir vönnum málmsmiði úr bæði svörtu og ryðfriú, um er að ræða staðla smíði og sérsmiði. Umsóknir sendist á [glöfaxi@simmet.is](mailto:glöfaxi@simmet.is) eða s. 553 4236 á skrifstofutíma.

Starfskraftur óskast í fiskvinnslu. Uppl. í s. 898 8007.

## Smíða glugga,

opnanleg fög, fræsi, glerja, mála, hurðásetningar, parketl. ofl. Tek við tilboðum, geri tilb. tímav. Allt eftir óskum.

**Hagstætt verð. Hjalti: 8924592**  
gemyið auglýsinguna

## UPPBOÐ

### Sýslumaðurinn á Húsavík

## UPPBOÐ

Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík, sem hér segir:

Þórey ÞH-303, skipaskrárnúmer 6664, þingl. eig. Stefán Þór-oddsen, gerðarbeiðendur Bygðastofnun og Lifeyrissjóður Norðurlands, fimmtudaginn 7. apríl 2005 kl. 10:30.

**Sýslumaðurinn á Húsavík,  
1. apríl 2005.**

### Sýslumaðurinn á Húsavík

## UPPBOÐ

Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:

Austurröð 4, Kópaskeri, söluskáli, þingl. eig. Rústir ehf, gerðarbeiðandi Sparisjóður Þórshafnar og nágr, föstudaginn 8. apríl 2005 kl. 10:00.

Bakkavegur 2, Þórshöfn, þingl. eig. Sigurður Ómar Jakobsson gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, föstudaginn 8. apríl 2005 kl. 13:00.

Ehl. gp. í Grímsstöðum 2, Skútustaðahreppi, þingl. eig. Kjartan Þ Sigurðsson, gerðarbeiðandi Áburðarverksmiðjan hf, fimmtudaginn 7. apríl 2005 kl. 14:30.

Garðarsbraut 39, 0201, Húsavík, þingl. eig. Valgerður Kristjánsdóttir og Sigurður Jóhannsson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Óliuverslun Íslands hf, fimmtudaginn 7. apríl 2005 kl. 11:00.

**Sýslumaðurinn á Húsavík,  
1. apríl 2005.**

Aðstoðarmaður í bakarí óskast. Helst vanur. Reyklaus. Uppl. í s. 893 7370 og 820 7370.

### Afgreiðslu og lagerstarf

Við leitum að stundvísun og dugmiklum starfskrafti til afgreiðslu, útkeyrslu og til lagerstarfa. Umsóknir sendist á [eico@eico.is](mailto:eico@eico.is)

Ferðabj. Snjófell, Arnarstapa óskar eftir fólki í matreiðslu og þjónustu í sumar. Húsnæði á staðnum. Uppl. í síma 435 6783 og 894 5150.

Véltækni hf óskar eftir að ráða steypubílstjóra og verkamenn í kantsteypu. Upplýsingar í síma 696 8900.

Starfsfólk óskast 22 ára og eldri í afgreiðslu. Kvöld-nætur og dagvinnu. Uppl. í s. 699 3328.

Starfsfólk óskast í dag-,kvöld-og helgarvinnu, 18 ára og eldri. Upplýsingar í síma 899 4194.

Yfir vélstjóri óskast til afleysinga á 200 tonna línubát uppl í síma 8944612

### STEINSTEYPUSÖGUN!

Vantar starfsmann í steinsteypusögun og kjarnaborun. Uppl. í síma 893 3236.

### Pylsvagn/Barónsstígur

Óska eftir að ráða starfskraft, hressan og sjálf

## Vissir þú ...

...að Emílio Scotto frá Argentínu ók meira en 735.000 kílómetra um 214 lönd og landsvæði á mótörhjól frá 17. janúar 1985 til 2. apríl 1995?

...að stysti dagur reikistjörnu er hjá Júpíter en hún snýst um möndul sinn einu sinni á hverjum níu klukkutímum, 55 mínútum og 29,69 sekúndum?

...að lengsta á heims er talin vera Nil en hún rennur 6.695 kílómetra frá ystu upptökum árinna í Búrúndí?

...að minnsta karta í heimi er af undirtegundinni Bufo taitanus beiranus en stærsta dýrið hefur mælst 24 millímetra langt?

...að heimsins elsta geit var McGinty sem varð 22 ára og fimm mánaða en hún dó í nóvember árið 2003 í Bretlandi?

...að fjölmennasta ríki heims er Kína en árið 2003 voru íbúar ríkisins 1.286.975.468 sem er meira en heildarfjöldi jarðaríúa fyrir 150 árum?

...að lengst starfandi borgarstjóri sögunnar var Edmond Mathis í Frakklandi en hann var borgarstjóri Ehuns í Frakklandi í 75 ár?

...að stærsta smásöluvirktaeki í heimi miðað við verslanir er Wal-Mart í Bandaríkjunum en það rak 4.688 smásöluverslanir um allan heim í lok janúar 2003?

...að stærsta hlynsrópshátíð í heimi er haldin í Elmira í Ontario í Kanada en hún laðaði að 66.529 gesti 1. apríl árið 2000?

...að stærsti glerórói heims hangir úti fyrir ráðhúsi West Point í Alabama í Bandaríkjunum en hann er 5,1 metra há?



**Pantið strax**  
Fyrstur pantar  
fyrstur fær

**B. Magnússon/ Kays**  
Austurhrauni 3, Gbæ  
Pöntunarsími 555-2866  
Opíð mán- fös 10-18 og lau 11-14  
www.bmagnusson.is

addition  
Nýi fatalistinn  
kominn!



Silfurhringur  
m/ Sirconia  
kr. 1.990

Silfurmen  
m/ Sirconia  
kr. 1.390

**Flottar  
Fermingargjafir**

Opíð  
til kl 18<sup>00</sup>  
alla daga

ICELAND  
GIFTSTORE  
RAMMAGERDIN

S.551-1122 • Hafnarstræti 19

## heilsa o.fl.

### Á ÞRÍÐJUDÖGUM

- ✓ Allt fyrir líkama og sál
- ✓ Auglýsingasíminn er 550 5000
- ✓ auglysingar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ  
- mest lesna blað landsins



**Nýtt  
Argos  
extra**

Stærri listi  
Yfir 13000  
vöruflokkar

**Pantið núna!**  
T.d. fyrir fermingar, brúðboðuplopp  
afgreiddubrestur er um 3 vikur

Mikil lægra margfeldi +  
lækkun á 2000 vöruflokkum!

**B. Magnússon/ Kays**  
Austurhrauni 3, Gbæ. Sí: 555-2866  
www.bmagnusson.is  
Opíð frá 10-18 og lau 11-14



## LANGUR LAUGARDAGUR!



Laugarvegi 38 - sími 551-0766

**ECCO**

# Chevrolet gæði, frábært verð!

Við kynnum Chevrolet Lacetti Station, veglegan og einstaklega vel búinn bíl á frábæru verði. Staðalbúnaður innifelur m.a: 1,8 ltr. 122 hestafla vél, regnskynjara á framrúðu, TCS veggrips-stýringu, spólvörn, þokuljós, útvarp með 5 diska geislaspillara og kassettutæki, 8 hátalarar, rafknúnar rúðuvindur og útispeglar, leðurklætt velti- og aðdráttarstýri og m.fl.

Allt þetta fyrir aðeins  
**kr. 1.699.000** beinskíptur  
kr. 1.899.000 sjálfskíptur



Nýtið ykkur hagstætt gengi!

Kilof SE  
kr. 1.199.000,-

Lacetti sedan  
kr. 1.499.000,-

Lacetti cab  
kr. 1.599.000,-

Lacetti cab Station  
kr. 1.699.000,-

Tacuma cab  
kr. 1.689.000,-

Evanda sedan  
kr. 2.399.000,-

Bílabúð  
**Benna**

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 • Sími 590 2000 • www.benni.is

Komdu, skoðuðu og reynsluaktu Chevrolet Lacetti.

Opíð virka daga 09 - 18. Laugardaga 12 - 16.

**CHEVROLET**

# Sóleyjarimi 1-7 Grafarvogi



Fyrir 50 ára og eldri  
[www.soleyjarimi.is](http://www.soleyjarimi.is) **Glæsilegar íbúðir**

## Sölusýning í dag milli kl 14 og 16

Glæsilegar 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir í 4-6 hæða lyftuhúsi. Eftirsóttur staður í göngufæri við Spöngina, sem er nýr verslunar og þjónustukjarni. Fallett útsýni og stutt í golf, sund o.fl. Íbúðirnar sem eru mjög aðgengilegar eru fyrir 50 ára og eldri, hannaðar af Kristni Ragnarssyni arkitekt. Íbúðunum er skilað fullbúnum án gólfefna nema á baðherbergjum sem eru flísalögð á veggjum og gólfi ásamt hita í gólfi. Íbúðirnar eru frá 60 fm upp í 106 fm frá 12,9 millj. - 22,8 millj. Húsinu er

skilað fullfrágengnu að utan með steinaðri áferð, og áklæðning að hluta. Hluti svalaganga er klæddur með hertu gleri. Lóð verður frágengin með gras-svæðum, hellulögðum gangstéttum og malbikuðum bílastæðum, þar af hluti sérmerktra stæða í bílageymslu. Öllum íbúðum á efri hæðum fylgja mjög góðar svalir, en hellulögð verönd á jarðhæð.

Allar nánari upplýsingar og teikningar á [www.soleyjarimi.is](http://www.soleyjarimi.is) og á skrifstofum söluaðila





## FASTEIGNASALA

Dan V.S. Wiium hdl.,  
lögg. fasteignasali  
SÍMI 533-4040  
FAX 533-4040  
www.kjoreign.is

Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali, sími 896 4013 • Ólafur Guðmundsson, sölustjóri, sími 896 4090 • Sigurbjörn Skarphéðinsson, lögg. fasteignasali • Kristinn Valur Wiium, sölumaður, sími 896 6913 • Dröfn Friðriksdóttir, ritari • Rakel Róbertson, ritari.



### MÁVAHLÍÐ:

Mjög góð efri sérhæð um 117,8 fm. í fjórþýlishúsi. Suður-svalir. Tvær saml. stofur og þrjú svefnherbergi.



Saml. suður lóð. Góð staðsetning. **Laust fjótlega.**  
**VERÐ: 24,7 MILLJ.** nr. 5107



### BOÐAHLEIN

VIÐ HRAFNISTU HAFNARFIRÐI. Mjög gott raðhús á einni hæð um 84,0 fm. og bílskúr um 22,4 fm. Vel staðsett hús í góðu viðhaldi. Rúmgóðar stofur og tvö svefnherbergi. Hellulögð stett og timburverönd á móti suðri.  
**LAUST STRAX. VERÐ: 25,9 MILLJ.** nr. 5102



### MELABRAUT

SELTJ. Rúmgóð og falleg 3ja herb. íbúð á miðhæð um 93,9 fm. Parket og náttúruflísar á gólfum. Baðherbergi flísalagt. Tvennar svalir. **Laus í maí. Verð: 18.8 millj.** nr. 5082

### KIRKJUTEIG-UR LAUS STRAX

Mjög góð 3ja herb íbúð í kjallara í fjórþýli. Íbúðin skiptist í flísalagt anddyri, stofu, tvö rúmgóð herbergi, eldhús með nýlegri innréttingu, baðherbergi og útigeymslu. Parket á gangi, stofu og herbergjum. Stærð 77.4 fm. **Sérinnangur. Frábær staðsetning við Laugardalinn. Laus strax., VERÐ: 15,8 Millj.** nr. 5096



### MEISTARAVELLIR

MEISTARAVELLIR: Rúmgóð og falleg 4ra herb. endaíbúð um 100,5 fm. á efstu hæð. Suðvestur svalir. Gott útsýni. Þvottahús í

íbúð. Parket. Góð staðsetning. **Laus fjótlega. VERÐ: 18,9 millj.** nr. 5100

### SELJAHVERFI LAUS STRAX

Rúmgóð 4ja herb endaíbúð á 1.hæð. Stærð 110,8 fm ásamt 32,2 fm stæði í bílageymslu. Forstofan er flísalögð með skáp.



Eldhúsið er rúmgott með borðkrók, flísar. Stofan er björt með hurð út á góðar suður svalir, parket. Herbergin eru 3, öll með parketi á gólfum. Stór geymsla í kjallara. **Laus strax. Verð: 17,9 millj.** nr. 5054



Sími 533-4800

## MIÐBORG

fasteignasala

Laugavegur 182 - 105 Reykjavík  
Fax 533-4811 - midborg@midborg.is

**-Örugg fasteignaviðskipti!**

Opið mán.-fös. frá kl. 9-18, lau. frá kl. 11-14 Allar eignir á netinu: [www.midborg.is](http://www.midborg.is)



Björn Þorri, hdl., lögg. fastsali Karl Georg, hrl., lögg. fastsali Þorlákur Ómar, Sölustjóri. Kristján, sölumaður. Magnús, sölumaður. Sigurður, sölumaður. Friður, ritari. Perla, ritari. Þórunn ritari.

## Sóleyjarimi 1-7 í Grafarvogi



# OPIÐ Í DAG!

**OPIÐ Í DAG LAUGARDAG  
OG Á MORGUN SUNNUDAG  
MILLI 12.00 OG 15.00.**



Glæsilegar 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir fyrir 50 ára og eldri í 4-6 hæða lyftuhúsi á mjög eftirsóttum stað. Fallegt útsýni er úr íbúðunum og stutt er í útiveru, golf, verslanir og alla þjónustu. Íbúðirnar eru hannaðar af Kristni Ragnarssyni arkitekt og er skilað fullbúnum án gólfefna, með vönduðum eikar- og mahónýnnréttingum og glæsilegum stáltækjum. Stæði í bílageymslu fylgir fyrir allar 3ja og 4ra herbergja íbúðir.

Íbúðirnar eru frá 60 fm til 106 fm og kosta frá 12,9 til 22,8 millj. kr. Húsinu verður skilað fullfrægungu að utan með steinaðri áferð, en klætt áklæðningu að hluta, á stigahús og útbyggingar. Einnig verður hluti svalaganga klæddur með hertu gleri. Lóð verður skilað frágenginni með malbikuðum bílastæðum, steiptum gangstéttum og grassvæðum þar sem við á á lóð. Þak er steinsteypt og einangrað að ofan og þétt með þakdúk. Öllum íbúðum á efri hæðum fylgja góðar svalir en hellulögð verönd með jarðhæðum.



Skrifstofa Miðborgar við Laugaveg 182 á 4. hæð.

### Skrifstofa Miðborgar

við Laugaveg 182 verður opin í dag laugardag og á morgun sunnudag milli 12-15.

## Flóðbylgjur og samreksbelti

### HVERNIG MYNDAST TSUNAMI?

Svar: Flóðbylgjur verða einkum til í tengslum við lóðréttar hreyfingar á hafsbótunum eða tilfærslur á massa sem leiða til þess að vatn kemst á hreyfingu. Alþjóðaróðið tsunami er japanskt að uppruna og merkir hafnarbylgja á frummálinu. Jarðskjálftar eru algengasta orsök flóðbylgna en eldgos og skriðuföll geta líka valdið umtalsverðum flóðbylgjum, jafnvel stærri en skjálftar gera. Stundum eru orsakirnar samsettar og flóknar. Til dæmis getur skjálfti valdið skriðuföllum sem síðan koma af stað flóðbylgju. Eldfjallaey getur hrúnið í sjó fram í tengslum við eldgos og komið þannig af stað mjög stórra flóðbylgju.



**FLÓÐBYLGJA** Flóðbylgja reið yfir Tæland á öðrum degi jóla með skelfilegum afleiðingum. Flóðbylgjur verða einkum til í tengslum við lóðréttar hreyfingar á hafsbótunum eða tilfærslur á massa sem leiða til þess að vatn kemst á hreyfingu.

stormöldur. Hún er hins vegar miklu hættulegri vegna bylgjulengdarinnar og hins gríðarlega vatnsmassa sem fylgir á eftir. Sjórinn gengur því langt inn á landið og skolar öllu burt. Bylgjan er sjaldan ein á ferð og stundum er hæsta bylgjan ekki sú fyrsta. Fyrsta útslagið getur jafnvel verið niður á við þannig að fyrstu ummerki um bylgjuna eru mikið útfiri. Þetta hefur stundum orðið fólki skeinuhætt sem þyrpist niður í fjöru til að sjá undrið en verður síðan fyrir öldunni þegar skyndilega hækkar aftur í sjónum.

### Stærstu jarðskjálftar verða við samreksbelti

Eins og áður sagði eru neðansjáv- arjarðskjálftar algengir á samreksbeltum og hafa stærstu jarðskjálftar sem mælst hafa á jörðinni verið í tengslum við slík flekamót, þar með talinn skjálftinn mikli við Súmötru í desember 2004, í Chile 1960 og Alaska 1964. Samreksbelti eru sérlega algeng umhverfis Kyrrahafið og því eru skjálftaflóðbylgjur tíðar þar. Að meðaltali valda skjálftaflóðbylgjur tjóni tvisvar á ári við Kyrrahafið, og á 10-12 ára fresti verða þar til flóðbylgjur sem valda tjóni víða umhverfis hafið.

### Skjálftar á fráreksbeltum valda sjaldan flóðbylgjum

Skjálftar á fráreksbeltum, svo sem Atlantshafshryggnum eða Indlandshafshryggjunum valda mjög sjaldan flóðbylgjum. Kemur þar tvennt til. Skjálftar með umtalsverðar lóðréttar upptaka-hreyfingar verða einkum á hryggjarásunum og ná þeir sjaldan stærðinni 6. Stærri skjálftar verða á þvergangjum hryggjanna en þeir eru sniðgengisskjálftar og lóðréttar hreyfingar í upptökum þeirra eru hverfandi. Samreksbelti sem snúa að Indlandshafi og Atlantshafi eru fá og því eru stórar skjálftaflóðbylgjur ekki algengar í þessum höfum. Þær eru þó ekki óþekktar og er skjálftinn við Súmötru dæmi um það.

### Jarðskjálftinn í Lissabon 1755

Í Atlantshafinu varð frægasta skjálftaflóðbylgjan til í skjálftanum mikla við Lissabon árið 1755. Borgin fór þá gjörsamlega í rúst, fyrst vegna titrings, þá brutust út miklir eldar og síðan gekk flóðbylgja á land. Þessi skjálfti átti upptök á flekaskilum milli Evrasíuflekans og Afríkuflekans sem liggja um Gíbraltarsund og tengjast Atlantshafshryggnum við Azoreyjar.

### Hreyfingar á sjávarbotni koma af stað flóðbylgju

Upptök skjálftaflóðbylgjunnar sem skall á löndum við Indlandshaf þann 26. desember 2004 má rekja til jarðskjálfta á sjávarbotni. Neðansjávjarðskjálftar eins og þessi valda því að sjávarbotninn hreyfist upp og niður sem kemur hreyfingu á sjóinn og þar með fer flóðbylgja af stað. Slíkt á sér einkum stað í tengslum við samreksbelti svo sem eyjaboga og virka meginlandsjaðra. Þar mætast jarðskorpuflekar og þrýstingur á flekaskilunum byggist smám saman upp. Þegar jarðskorpan brotnar undan þrýstingnum fellur hann skyndilega og hreyfing kemst á sjávarbotninn en við það rykkist til gríðarlegur massi af vatni. Hreyfingin kemur svo af stað skjálftaflóðbylgju.

### Hraði bylgjunnar er í réttu hlutfalli við kvaðratrótina af sjávardýpinu

Flóðbylgjur sem verða til vegna hamfara í eða við sjó hafa oft þann eiginleika að bylgjulengd þeirra er mikil og getur skipt tugum eða hundruðum kílómetra. Þegar bylgjulengd vatnsbylgju er sambærileg við eða meiri en vatnsdýpið gildir að hraðinn er í réttu hlutfalli við kvaðratrótina af sjávardýpinu. Á úthafinu þar sem dýpi er víða 4000 – 5000 m verður hraðinn á bilinu 200 – 220 m/s eða 710 – 800 km/klst. Á landgrunninu er dýpi oft á bilinu 200 – 400 m og þar verður hraði flóðbylgjunnar miklu minni, 45 – 65 m/s eða 160 – 225 km/klst.

### Útslag bylgjunnar vex á grunn-sævi

Á opnu úthafi verður bylgjunnar lítið vart. Útslag hennar skiptir þar fáeinum metrum en vegna þess að bylgjulengdin er tugir kílómetra verður hallinn á sjávarfletinum lítill. Þegar bylgjan kemur á grynna vatn verður breyting á. Hraði hennar fellur og fjarlægð milli bylgjufaldanna minnkar. Orkan í bylgjunni dreifist þá á minna rúmmál í sjónum og útslag hennar vex. Þegar hún skellur á ströndinni er hún því oft orðin há og brött. Áhrifin geta breyst ef lögun strandarinnar gefur tilefni til. Alda sem fer inn eftir trektarlagi firði getur magnast mjög þar til hún skellur á ströndinni í fjarðarbotninum. Nes geta varið ströndina hlémegin. Sömuleiðis getur aldan endurkastast frá strönd og breytt um stefnu.

### Vatnsmassi sem fylgir flóðbylgjum er gríðarlegur

Flóðbylgja sem nálgast strönd er ekki endilega hærri en venjulegar

Páll Einarsson, prófessor í jarðeðlisfræði við HÍ.

Fylgitexti: Í kjölfar jarðskjálftans mikla sem varð skammt frá eyjunni Súmötru í Indlandshafi á annan dag jóla 2004 og flóðbylgjunnar sem hann hratt af stað, barst Vísindavefnum mikill fjöldi spurninga um flóðbylgjur og jarðskjálfta. Við bendum lesendum Fréttablaðsins á fleiri svör um þessi efni á slóð Vísindavefins vísindavefur.hi.is, til dæmis svör við spurningunum: Hvaða hlutar Reykjavíkur væru í hættu ef flóðbylgja kæmi vegna eldgos í Snæfellsjökli, hversvegna heyrir í jarðskjálfta áður en hann kemur, væri hægt að senda viðvörn um jarðskjálfta meðan bylgjurnar eru á leiðinni, ef allir Kínverjar stykkju niður af stól á sama tíma, kæmi þá jarðskjálfti og hverjar eru helstu tegundir jarðskjálftabylgna?



Ævintýralandið  
Ísland!



# FERÐATORG 2005

Smáralind 1.-3. apríl

**Vinningar dregnir út á tíu mínútna fresti • Kajak  
Lifandi kanínur • 150 kg. rostungur • Sprang  
Golfvellir landsins kynntir • Söngur og skemmtun  
Birgitta Haukdal og Vignir • Myndasýning Ragnars Th.  
Ferðafrömuður 2004 valinn • Vöflur og veitingar**

Ókeypis aðgangur



Við erum 10 ára – opið um helgina - frábær afmælistilboð

# 50%

afsláttur af glænýjum  
vor og sumarvörum  
á alla fjölskylduna

## REGATTA

GREAT OUTDOORS™

Akureyri - Reykjavík - Keilavík  
Opið laugard. 10 - 18, sunnud. 13 - 17, virka daga 10 - 18

# ÚTIVIST & SPORT

Akureyri - Strandgata 3 Sími 464-4450 Reykjavík - Faxafeni 12 Sími 533-1550 Keilavík - Hafnargata 25 Sími 421-3322

Peir eru stórir, litríkir, skærir og koma á óvart. Breyta lifi manns ef heppni er í för. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir ræddi við Helga Hermannsson og Heimi Jónasson dagskrárstjóra um nýjasta æðið í íslensku sjónvarpi: íslensk-útlenska format-þætti.

# Heimsyfirráð eða dauði

Íslendingar eru hrifnir af íslensku sjónvarpsþætti og finnst þeim síst fá nóg af því. Margir eiga kærar minningar um íslenskar sjónvarpsþætti fortíðar, sjá í rósrauðum bjarma *Undir sama þaki*, *Heilsuþættið í Gervahverfi*, *Fornbókabúðina* og *Sigla himin fley* og vilja sjá meira af slíku. Enn er skortur á íslensku sjónvarpsþættaframleiðslu sem þeirri sem byggðist á íslenskum skáldskap og handritum, en orðið æ algengara að sjá veglega sjónvarpsþætti keypta beint frá útlöndum og íslenskaða upp að íslenskum aðstæðum, þar sem frægar sem óþekktar sjónvarpsþættingar fara í fótspor útlendra fyrirrennara sinna.

Í sjónvarpsheiminum eru þættir sem þessir kallaðir format-þættir, en alls hafa fimm slíkir titil dagsins ljós í íslensku sjónvarpi. Það var

Stöð 2 sem reið á vaðið og keypti fyrsta format-sjónvarpsþáttinn, sem var spurningaþátturinn *Viltu vinna milljón* og í kjölfarið kom matreiðsluþátturinn *Einn, tveir & elda*, hæfileikakeppnin *Idol Stjörnuleit* og nú síðast skemmtiþátturinn *Það var lagið* með Hemma Gunn. Skjár einn byrjaði með sinn fyrsta format-þátt í vetur, sem er tiltektaþátturinn *Allt í drasli*, en þrír þáttanna koma frá framleiðandanum FremantleMedia, meðan *Viltu vinna milljón* kemur frá Celador og *Einn, tveir & elda* frá Endemol.

Ríkissjónvarpið hefur enn ekki keypt leyfi að format-þætti, en sjá má kunnuglega takta í þáttagerð allra sjónvarpsstöðvanna þegar horft er til sjónvarpsþætta heimsbyggðarinnar og víst að margt er fengið að láni erlendis frá.

Helgi Hermannsson dagskrárstjóri á Skjá einum:

## Format-þættir komnir til að vera

„Okkur langaði að prófa format-þátt sem væri ekki of umfangsmikill og okkur fannst hugmyndin myndin,“ segir Helgi Hermannsson dagskrárstjóri á Skjá einum, en þar á bæ hafa menn í fyrsta sinn keypt format af sjónvarpsþætti FremantleMedia sem upprunalega heitir *How Clean Is Your House* en heitir *Allt í drasli* í íslensku útgáfunni.

Þótt *Allt í drasli* sé eftir ákveðinni uppskrift, segir Helgi enga nýjung að íslenskir þættir séu með skýra tilvísun í útlendar fyrirmyndir.

„Þetta er þrjúþætti. Í fyrsta lagi eru það alíslenskir þættir, svo stæðir og skrumskældir og þá þeir sem kallaðir eru format, eins og við höfum séð hjá Stöð 2 í *Einn, tveir og elda*, *Idol*, *Viltu vinna milljón* og nú *Það var lagið*. Þá kaupa íslenskar sjónvarpsstöðvar framleiðsluleyfi á ákveðnum þáttum, fá uppskriftina, grafík, tónlist, lógó og tilheyrandi set-up.

gengið hefur í íslensku sjónvarpi árum saman.

„*Spaugstofan* er vinsælasti þáttur landsins, þótt hann sé í raun mjög líkur þjóðfélags-speglum sem finnst annars staðar í heiminum. Þá er *Laugardagskvöld með Gísla Marteini* að heita má íslensk framleiðsla, en að sama skapi eins og hver annar viðtalsþáttur í Bretlandi.“

„Og að sögn Helga er *Allt í drasli* bara byrjunin á format-þáttum Skjás eins.“

„Við höfum hug á að gera *Bachelor* strax í haust, svona til að byrja með. Format er komið til að vera sem hluti af sjónvarpsdagskránni og er að gera það gott um allan heim. Má nefna danskar útgáfur af *Queer Eye for the Straight Guy* og *America's Next Top Model* sem hafa svinvirkað þar í landi. Fólk vill uppgjör og er orðið vant því að einn stendur eftir. Þá er ekkert sem stoppar að Íslendingur komi með konsept að

Heimir Jónasson dagskrárstjóri á Stöð 2:

## Viljum ná fram Vá!-áhrifum

„Er nokkuð orðið orginal, nema Björk?“, spyr Heimir Jónasson dagskrárstjóri innlestrar dagskrár á Stöð 2, spurður hvort einhver þáttanna á stöðinni sé alíslenskur í hugviti og framleiðslu, en slær því auðvitað fram í glenski.

„Þáttur Jóns Ársæls *Sjálfstætt fólk* og þáttur Evu Maríu *Einu sinni* var eru báðir íslenskir frá grunni, unnir út frá hugmyndum þeirra sjálfra. Ekkert format af þáttum þeirra er til í heiminum, en víst orðið æ minna um orginal hugmyndir í sjónvarpsheiminum enda sagt að af hverjum tíu hugmyndum sem þróaðar eru slái að eins ein í gegn, meðan tvær standi undir sér en restinni er hætt.“

*Idol Stjörnuleit* er fjórði format-þátturinn sem Stöð 2 kaupir framleiðsluleyfi af, en þátturinn er upphaflega sköpunarverk FremantleMedia, eins og nýjasti format-þátturinn *Það var lagið*. Áður hefur Stöð 2 sýnt íslenskt format af *Viltu vinna milljón?* og *Einn, tveir & elda*.

„Format-þættirnir eru að svinvirka en fólk upplifir *Idol* sem íslenskan þátt. Í honum eru íslenskar hetjur með vonir, væntingar og vonbrigði. Þátturinn er sniðinn að íslenskum aðstæðum,“ segir Heimir sem fær leiðbeiningar, reglur og aðstoð erlendra eigenda í byrjun þáttagerðar.

„Erlendis hefur lengi tíðkast að kaupa formöt en hérlendis hefur verið lenska að „stela“ formötum. Dæmi um slíkt er spurningaþátturinn *Þetta helst*, sem er breskt format og *Djúpa laugin* eða *Dating Game* frá Sony, sem er eitt frægasta format í heimi.“

Heimir segir Stöð 2 reyna að ná fram því sem hann kallar „Vá!-áhrif“ með format-þáttunum.

„Eitthvað sem fær fólk til að segja: Vá!, og kemur á óvart. Þegar við byrjuðum með *Viltu vinna milljón?* tóku að myndast raðir fyrir utan húsið því fólk vildi ná sér



HEIMIR JÓNASSON DAGSKRÁRSTJÓRI Á STÖÐ 2: „Format-þættirnir eru að svinvirka en fólk upplifir *Idol* sem íslenskan þátt. Í honum eru íslenskar hetjur með vonir, væntingar og vonbrigði. Þátturinn er sniðinn að okkar menningarheimi og íslenskum aðstæðum.“

Það var lagið. Þátturinn hefur gengið vel í Norður-Evrópu þar sem ríkir sterk sönghefð og fólk safnast saman til að syngja.“

Heimir segir öruggt að *Idol Stjörnuleit* verði haldið áfram, en óvíst sé hvort þátturinn hefji göngu sína aftur á hausti komanda eða snemma á nýrinu.

„Við erum alltaf að skoða hvað er í gangi, hvað aðrir eru að gera og hvar straumurinn liggur, en værum vitlaus að halda ekki áfram með *Ídolið*. Í þessum bransa er ekkert skothelt, en með því að kaupa format kaupum við öryggisnet í leiðinni; þátturinn er búinn að sanna sig í öðrum löndum. Stefnan er að gera færri en stærri þætti. Stóra viðburði þar sem fólk hefur ekki séð annað eins í gæðum, útliti og skemmtun. Um leið sköpum við hundruð manns atvinnu því eftir að við byrjuðum með innlenda fram-

FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL



HELGI HERMANNSSON, DAGSKRÁRSTJÓRI Á SKJÁEINUM: „Okkar dyr eru alltaf opnar fyrir hugmyndum og allir fá fund sem vilja. Þannig hafa komið inn ýmsar góðar hugmyndir af götunni, eins og *Djúpa laugin*, *Brúðkaupsþátturinn Já* og *Atvinnuáðurinn* á sínum tíma.“

Þetta er þróunin því í dag er mjög erfitt að koma með orginal hugmynd að sjónvarpsþætti sem ekki hefur verið gert áður. Með formati er ekki verið að finna upp hjólið aftur, heldur ganga inn í ákveðna grunnvinnu sem búið er að vinna. Þetta kemur til mestmegnis af fjárhagsástandum, því þegar tími og peningur eru af skornum skammti, verður freistandi að kaupa úthugsaðar og tilbúnar lausnir að utan.“

Helgi segir þá format-þætti sem Íslendingar hafa þegar kynnst hafa alla virkað vel á erlendum sjónvarpsmarkaði.

„Þeir hafa byggt upp áhorf og selt auglýsingar, og með því erum við að kaupa okkur inn í þætti sem auka líkur á að virki vel hér, í stað endalausra tilrauna í þáttagerð sem gjarnan eru dæmdar til að mistakast. Ótölulegur fjöldi íslenskra þætta hafa verið framleiddir í gegnum tíðina en fljótt horfið út af dagskrá aftur, og fáir þættir sem virkilega hafa slegið í gegn og eru enn á dagskrá.“

Helgi nefnir *Spaugstofuna* sem dæmi um vinsælan þátt sem

sjónvarpsþætti og selji sem format út í heim, rétt eins og við dubbum upp Íslendinga til að standa vaktina í íslenskum formötum á útlöndum þáttum. Í sjónvarpi er búið að prófa næstum allt og ekkert nýtt undir sólinni, því í grunninn eru þetta allt sömu hugmyndirnar. *Idol* er þannig ekkert annað en söngva- og hæfileikakeppni og búið að gera ógrynni af söngvakeppnum í gegnum tíðina á hundruðum sjónvarpsstöðva.“

Þegar SkjárEinn hóf göngu sína var íslensk þáttagerð áberandi og Helgi segir stefnuna enn vera þá sömu.

„Okkar dyr eru alltaf opnar fyrir hugmyndum og allir fá fund sem vilja. Þannig hafa komið inn ýmsar góðar hugmyndir af götunni, þótt stundum séu þær líka of dýrar eða stórar fyrir íslenskt sjónvarp. En öllum er velkomið að láta ljós sitt skína. Þannig kom *Djúpa laugin* til okkar, sem og *Brúðkaupsþátturinn Já* og *Atvinnuáðurinn* á sínum tíma. Íslendingar eru því síst eftirbátar annarra þegar kemur að hugmyndum góðra sjónvarpsþætta.“

### Tíu vinsælustu sjónvarpsþættirnir í íslensku sjónvarpi í febrúar

ÞÁTTUR	SJÓNVARPSSTÖÐ	ÁHORF
<b>Idol-stjörnuleit</b>	Stöð 2	49,5
<b>Spaugstofan</b>	Rúv	48,6
<b>Idol-stjörnuleit símakosning</b>	Stöð 2	44,3
<b>Fréttir</b>	Rúv	43,3
<b>Laugardagskvöld með Gísla Marteini</b>	Rúv	39,3
<b>Örninn</b>	Rúv	35,3
<b>Fréttir</b>	Stöð 2	33,5
<b>Gettu Betur</b>	Rúv	32,2
<b>Kastljós</b>	Rúv	27,5
<b>Ragnar í Smára</b>	Rúv	27,5

Heimild: Fjölmiðlakönnun IMG Gallup febrúar 2005

í myndlykla til að sjá það sem hinir voru að tala um. Þátturinn gekk mjög vel, þrátt fyrir að vera þá dýrasta sjónvarpsþætti sem við höfðum gert. Í framhaldi ákváðum við að fara út í *Idol Stjörnuleit*, sem var miklu dýrara, flóknara og stærra format, en gefur fólk þá upplifun að sjá eitthvað sem það hefur ekki séð áður og fær gæsa-húð yfir. Formatíð hefur reynst okkur vel og við höfum mikla trú á

leiðslu á format-þáttum hefur það skilað sér í meira áhorfi, áskriftum og almennt góðu gengi fyrirtækisins, sem á móti eykur svigrúm og fjármagn til frekari innlestrar dagskrárgerðar og um leið aukins starfsöryggis fólks í sjónvarpsframleiðu og kvikmyndagerð,“ segir Heimir, alsæll með format-þættina og jákvæð margfeldnisáhrif þeirra í sjónvarpsrekstrinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/FRÍÐRIK ÖRN



**AÐEINS**  
**4.990,-**  
Verð áður 7.900,-

Glæsilegt ferðatæki með  
CD spilara og útvarpi

**AÐEINS**  
**9.990,-**  
Verð áður 12.900,-

Ferminargræja á frábæru verði  
með CD spilara, FM útvarpi,  
kassettutæki, fjarstýringu  
og fleiru

**AÐEINS**  
**17.900,-**  
Verð áður 24.900,-

Sony DSCP73  
4.1 milljón dila 3x aðdráttur, 6x  
stafrænn aðdráttur, hreyfimynd  
með hljóði 1,5" LCD skjár,  
MemoryStick Pro

**AÐEINS**  
**3.490,-**  
Verð áður 5.900,-



Hárblásari og krullubursti  
í tösku

**AÐEINS**  
**3.990,-**  
Verð áður 7.900,-



Frábær púlsælir fyrir  
þá sem vilja ná árangri  
í íþróttum

**AÐEINS**  
**14.990,-**  
Verð áður 17.900,-



Ferminargræjan í ár er með  
kassettutæki, CD spilara sem spilar  
MP3 og Fm útvarpi  
fjarstýringu og fleiru

**AÐEINS**  
**3.990,-**  
Verð áður 5.900,-



Hárklippisett  
með nefhárasyrti,  
rakvél og skærum

**AÐEINS**  
**6.990,-**  
Verð áður 8.900,-



Fjölkerfa DVD spilar  
með fjarstýringu spilar  
MP3, VCD, SVCD,  
skrifaða diska  
og fleira

**AÐEINS**  
**4.990,-**  
Verð áður 7.900,-



Talstöðvar með  
hleðslutæki og  
hleðslurafhliðum

**AÐEINS**  
**2.490,-**  
Verð áður 4.900,-



Andlitsgufa,  
hreinsar  
og frískar  
húðina

**AÐEINS**  
**990,-**  
Verð áður 1.990,-



Útvarpsvekjaraklukka

**AÐEINS**  
**89.990,-**  
Verð áður 109.900,-



Örgjörvi - AMD Athlon Sempron 2800+  
Vinnsluminni - 256MB DDR RAM 2 Slots  
Harðdiskur - 40GB  
Drif - CD-RW/DVD-Rom sambyggð drif  
Skjár - 15" TFT skjár  
Minniskortalesari  
Mótald - 56K og 10/100 Ethernet  
Stýrikerfi - Windows XP Pro

**AÐEINS**  
**1.990,-**  
Verð áður 4.900,-



Krullubursti  
með auka  
burstum



**expert**



Skútuvoði 2 | sími: 522 9000

Opið virka daga kl. 11.00 - 18.30 | laugardaga kl. 10.00 - 18.00 | sunnudaga kl. 13.00 - 17.00

Birt með fyrirvara um villur.

## HENSON Í SÓKN

Úrslitin í Hönnunarkeppni Henson voru kynnt í Ráðhúsinu miðvikudaginn 30. mars. Alls bárust 2.783 tillögur í keppnina frá 694 einstaklingum. Halldóri Einarssyni, eiganda Henson, fannst vera kominn tími til að halda alvöru hönnunarkeppni. Sér í lagi vegna velgengni Henson síðustu ára. Fyrirtækið var stofnað fyrir 36 árum og hefur alla sína tíð lagt áherslu á íþróttafatnað. Það náði ákveðnum toppi á níunda áratugnum en var í hálfgerðum dvala um tíma. Fyrir nokkrum árum vaknaði Henson aftur til lífsins þegar Henson-gallarnir komust aftur í móð. „Ég fór frá fyrirtækinu í ákveðinn tíma og á meðan héldu konan mín og dóttir fyrirtækinu gangandi. Þegar ég kom til baka settum við allt á fullt. Það gekk eftir og nú gengur alveg þrýðilega. Við höfum líka verið að leggja meiri áherslu á að hanna sérstakan fatnað fyrir íþróttakonur,“ segir Halldór og

rifjar upp söguna um það þegar Henson var við það að slá í gegn úti í hinum stóra heimi. „Í kringum 1990, löngu áður en útrás Íslendinganna hófst, var fyrirtækið Henson's Sport USA stofnað en það var í eigu stórs fyrirtækis í Ameríku. Þeir voru við það að koma Henson vörunum inn í stórar verslunarkæj-ur í Ameríku þegar fyrirtækið var nappað af skattalögreglunni og veldið hrundi í einni andrá. Merkið hefur aldrei verið eins nálægt því að slá í gegn og verða alþjóðlegt íþróttamerki,“ segir Halldór. Í dag segist hann vera mjög afslappaður og ekki finna fyrir neinni þörf til að slá í gegn í útlöndum.

„Ég er búinn að prófa, það gekk ekki upp og ég get ekki verið annað en sáttur. Í dag framleiðum við allt hér á Íslandi. Gallarnir sem komust í úrslit í hönnunarkeppninni eru þegar komnir í framleiðslu og væntanlegir í verslanir,“ segir Halldór Einarsson í Henson.



VERÐLAUNAGALLAR Krístrún Guðmundsdóttir hafnaði í þriðja sæti (tv.) og Fanney Antonsdóttir varð í sæti númer tvö.



ÍRIS AUÐUR JÓNSDÓTTIR Stundar nám við hönnunarskólann Istituto Europeo Di Design á Spáni.

## Markmiðið var að sigra

Íris Auður Jónsdóttir, fatahönnunarnemi á Spáni, sigraði í hönnunarkeppni Henson. Hún hannaði nýstárlega útgáfu af Henson-galla sem nýtist vel til daglegra nota. Í verðlaun fékk hún ferð með Iceland Express, 100 þúsund krónur í peningum og farþölvu frá Tæknavali. Hún segist ekki vera farin að spá í hvert skuli halda eða hvernig peningunum verði varið. Efst á baugi hjá henni er að klára skólann í sumar og flytja aftur til Íslands.

Hönnunarneminn Íris Auður Jónsdóttir hefur dvalið í Madrid síðastliðin fjögur ár þar sem hún hefur stundað nám í fatahönnun við Istituto Europeo Di Design. Hún ber skólanum vel söguna og segir að hann hafi orðið fyrir valinu því hún hafi fengið svo góðar viðtökur þegar hún heim sótti skólann í fyrsta skipti. Istituto Europeo Di Design er upprunalega ítalskur skóli en hann er talinn vera einn af bestu hönnunarskólum á Spáni. Íris Auður er á síðasta ári og lýkur námi í sumar. Hún segir Spánardvölinu hafa verið mjög ánægjulega, enda hafði það verið draumur hennar lengi að flytjast til Spánar. Íris Auður ætlar að flytja til Íslands í sumar en hún og kærasti hennar segjast vera orðin svolítið þreytt á því að vera „útlendingar“. Móðir hennar lét hana vita af hönnunarkeppni Henson og ákvað hún strax að

taka þátt. „Mér fannst ég verða að vera með í þessari keppni, enda sá ég fram á að þetta væri góð kynning fyrir mig ef ég myndi vinna. Ég ætla bara að vona að þetta auðveldi mér að fá vinnu þegar ég kem heim,“ sagði Íris þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hennar. Íris Auður sendi alls fimm tillögur inn í keppnina en sigurgallinn er fyrsta hugmyndin sem kom upp í kollinn á henni. „Ég hafði það að leiðarljósi að gallinn væri til daglegra nota en ekki til íþróttaiðkunar. Ég var búin að kynna mér vel hvernig íþróttagallar væru uppbyggðir varðandi sauma og annað. Litavalið kom svo bara af sjálfu sér, en ég valdi bara þá liti sem mér finnst fallegir.“ Aðspurð um það, hvort hún sé mikill Henson-aðdáandi segist hún hafa fylgst með merkinu í gegnum tíðina en hafi aldrei átt eigin galla. „Áhuginn á fatahönnun kviknaði þegar ég flutti til Spánar. Upphaflega ætlaði ég að fara í meira listnám en ég er mjög ánægð með að hafa valið fatahönnunina. Ég kunní ekki að sauma þegar ég byrjaði í skólanum en ég er búin að læra óskaplega margt. Í skólanum mínum er námið mjög fjölbreytt. Ég hef lært allt frá saumaskap og sníðagerð upp í ljósmyndun og markaðsfræði,“ segir Íris Auður. Eins og staðan er núna er hugur hennar farinn að leita til Íslands og hlakkar hana til að koma heim.

„Ég er frá Akureyri en við ætlum að flytja til Reykjavíkur í sumar og svo kemur bara í ljós hvaða möguleikar eru í boði. Ég ætla bara að vona að ég fái starf við hæfi þar sem ég fæ að teikna og hanna. Ég er ekki farin að hugsa mikið lengra,“ segir hún alsæl með sigurinn.

FERSK HÖNNUN Íris Auður var ekki lengi að hrista teikningu af þessum galla fram úr erminni. Röndunum á buxunum var breytt áður en gallinn fór í framleiðslu.



Mynd eftir Harold Bilson

## Velkomin í Gallerí Fold í dag

Í dag höldum við myndlistarveislunni áfram í Galleríi Fold við Rauðarárstíg og í Kringlunni.

Allir listunnendur eru hjartanlega velkomnir.

Sérstök kynning verður á vaxtalaus listmunalánunum.

Allir sem ganga frá umsóknum um listmunalán í dag fá grafíkverk eftir Kristján Davíðsson að gjöf.



Sjáumst í Galleríi Fold

Opið laugardag, 11-16

Rauðarárstíg 14-16, sími 551 0400  
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is





# LANDSINS MESTA ÚRVAL?

Eitt mesta úrval landsins af heimilistækjum.

Allt í eldhúsið og meira til frá virtum framleiðendum s.s.

**PHILIPS**

 **Whirlpool**

 **DeLonghi**

 **Bompani**

 **Bauknecht**

**BEKO**

**UNITED**

 **INDESIT**

**GeneralFrost**

**TecnoWind**

**VESTFRØST**

**ÚTLITSGALLAÐ:** Lítið útlitsgallaðar  
vörur seldar með góðum afslætti.

**GASELDAVÉLAR:** 15-30% afsláttur  
af gaseldavélum.



**Heimilistæki**

SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is



### Aðal frétt vikunnar

#### Jafntefli við Ítali á útivelli

Íslenska knattspyrnulandsliðið hristi af sér slæmt gengi síðustu mánaða og náði markalausum jafntefli gegn Ítölum á útivelli þrátt fyrir að leika án Eids Smára Guðjohnsen og missa þrjá byrjunarliðsmenn í meiðsli frá leiknum við Króata á laugardaginn.

# sport

sport@frettabladid.is

### HINAR ÞRÍJÁR FRÆKNU LANDSLIÐSMÍNÚTUR: KÁRI ÁRNASON GEGN ÍTÖLUM Á MIÐVIKUDAGINN:

## Vildi láta hann finna fyrir því

Kára Árnason, leikmaður Djurgarden í sænsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu, vakti mikla athygli þegar hann þreytti frumraun sína með íslenska landsliðinu í vináttuleik gegn Ítölum sem lyktaði með markalausum jafntefli. Kári kom inn á sem varamaður á 74. mínútu en dvaldist ekki lengi á vellinum því hann fékk að líta rauða spjaldið fyrir gróft brot á einum leikmanni ítalska liðsins.

„Ég sá bara rautt,“ sagði Kári í samtali við Fréttablaðið. „Ég ætlaði í raun bara að svara fyrir mig. Ég var kyldur í andlitið og var frekar tæpur á geði eftir það atvik. Ég fór síðan og ætlaði að fara svolítið harkalega í hann og láta hann finna fyrir því og ná boltanum. Ég var bara of seinn,“ sagði Kári sem

var ekki sammála dómaraþingunum að rautt spjald væri réttláttur dómur. „En það var náttúrulega ömurlæg tilfinning að láta reka sig út af og ég hugsaði með mér hvað ég væri að spá, að gefa svona færi á mér.“

Kári var nýkominn til síns heima í Svíþjóð og sagðist ekki vita til þess að fjölmiðlar þar í landi hefðu fjallað um málið. „Öll athygli er góð athygli sagði einhver, ég veit ekki hvort það á við hér,“ sagði Kári í léttu bragði. Þó svo að viðureignin hafi verið vináttulandsleikur má búast við því að Kári hljóti eins leiks bann fyrir athæfi sitt en hann sagðist litlar áhyggjur hafa af því. „Undirbúningur fyrir deildina hér er í fullum gangi en hún hefst eftir tvær vikur og maður vonast til að ná sæti í byrjunarliðinu,“ sagði Kári.



### > Við gleðjumst með ...

... FH-ingum sem komust í gegnum umspilið annað árið í röð þegar töpuðu með 2 mörkum fyrir Víkingum í seinni leik liðanna. FH vinnur því samanlagt og mætir þar með nágrönnum sínum í Haukum í 8 liða úrslitum sem hefjast í næstu viku.

### > Við hrósum ...

... enn og aftur varnarleik Keflvíkinga sem ætla að reynast Snæfellingum jafnerfitt viðureignar og ÍR-ingum á undan þeim. Pressuvörn Keflavíkurliðsins er ágeng en jafnframt frábærlega skipulögð og Snæfellingum gekk illa að komast í gegnum hana í fyrsta úrslitaleik liðanna í gær.



### LEIKIR GÆRDAGSINS

#### Intersportdeild karla í körfu

KEFLAVÍK-SNÆFELL 90-75  
Stig Keflavíkur: Magnús Þór Gunnarsson 27 (10 í 4. leikhlutu), Nick Bradford 21 (11 fráköst, 8 stoðsendingar), Anthony Glover 20 (11 fráköst), Jón Nordal Hafsteinsson 9, Sverrir Þór Sverrisson 6, Gunnar H. Stefánsson 3, Gunnar Einarsson 2, Arnar Freyr Jónsson 2.

Stig Snæfells: Mike Ames 15, Sigurður Þorvaldsson 13 (öll í fyrri hálfleik), Magni Hafsteinsson 12, Hlynur Bæringsson 10 (23 fráköst, 9 í sókn, 4 stoðsendingar), Calvin Clemmons 10, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 9 (7 stoðsendingar), Hlynur Reynir Guðmundsson 6.

#### 1. deild karla í körfu

VALUR-HÖTTUR 87-89  
Steingrímur Ingólfsson 22, Gjorgi Dzolev 12 - Eugene Christopher 35, Viðar Hafsteinsson 20, Bragi Bjarnason 14, Björgvin Karl Gunnarsson 10.

## Keflavík vann fyrsta leikinn öruggt

Keflavík vann 15 stiga sigur á Snæfelli í fyrsta úrslitaleik liðanna um Íslandsmeistaratiðilinn. Magnús Þór Gunnarsson skoraði 27 stig fyrir Keflavík sem endaði fimm leikja sigurgöngu Snæfells í úrslitakeppninni.

**KÖRFUBOLTI** Snæfell sótti Keflavík heim í lokaúrslitum Intersportdeildarinnar í körfuknattleik í gærkvöld. Keflavík náði forystu í einvíginu með öruggum sigri, 90-75, og leiðir því einvígið, 1-0. Þrjá sigra þarf til að hampa titlinum.

Jafnt var fyrstu mínútur leiksins en Snæfell komst mest 7 stigum yfir um miðvik fjórðungsins með skipulögðum og öguðum leik. Boltinn rúllaði vel manna á milli og það sætti furðu að skyttur Snæfells fengu að leika lausum hala og svaf vörn Keflvíkinga oft á verðin-

um. Pressuvörn þeirra gekk engan veginn upp og leystu Snæfellsmenn hana eftir bókinni.

Keflavík komst yfir í öðrum fjórðungi, mest 7 stigum. Magni Hafsteinsson átti flottustu tilþrif leiksins, tróð allhressilega yfir Anthony Glover sem stóð hálfvankaður eftir.

Það skemmdi mikið fyrir flæði leiksins að dómaramenn, Sigmundur Már Herbertsson og Erlingur Snær Erlingsson, flautuðu í tíma og ótíma og hefðu alveg mátt frekar láta leikinn tala sínu máli og



### TVÖ STIG Á LEIÐINI

Nick Bradford átti mjög góðan leik með Keflavík í gær, skoraði 21 stig, tók 11 fráköst og gaf 8 stoðsendingar. Hér skorar hann tvö stig án þess að Sigurður Þorvaldsson komi vörnum við.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

dæma á alvöru úrslitakeppnisvillur. Því voru innköst í hávegum höfð en ekki úrslitakeppnisstemning. Staðan í leikhléi var 53-47.

Leikurinn breyttist ekki mikið í byrjun seinni hálfleiks. Þá tók Nick Bradford til sinna ráða og heimamenn náðu 10 stiga forystu. Aldrei náðu þeir þó að hrista Snæfell almennilega af sér. Sjö stig skildu liðin að fyrir lokafjórðunginn.

Þriggja stiga karfa frá Magnús Gunnarssyni kom Keflavík í þægilegt 15 stiga forskot og reyndist það banabiti Snæfellinga. Ekki er hægt að segja að mikill meistara-bragur hafi verið til staðar í leik-

um en dómaramenn áttu stóran hlut að máli þar. Keflavík hefur oft spilað betur og verður fróðlegt að sjá hvernig þeir verða stemmdir í næsta leik.

„Sigur okkar á Keflavík á eftir að líta dagsins ljós, það er engin spurning. Þetta er samt massíft lið og við hefðum mátt vanda okkur miklu betur,“ sagði Hlynur Bæringsson, fyrirlíði Snæfells.

„Við erum ekki að spila vel og þeir ekki heldur. Þetta var svolítið dæmigerður úrslitaleikur en við gerðum útslagið með því að spila fantavörn í seinni hálfleik,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur.

smari@frettabladid.is

## TILBOÐSHELGI Í SMÁRALIND

VERÐ Í LÁGMARKI - GÆÐI Í HÁMARKI

**TEFAL**

25% afsláttur



Emile Henry

25% afsláttur



13.900 kr.

Safa pressa

Hollustan beint í æð



AEG

9.900 kr.

1800 W

Schönwald  
Glæsilegt, hágæða postulín frá Þýskalandi

25% afsláttur

Kynningartilboð



EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS

AEG Lavamat 1250 1200snúninga



Sérstakt tilboð þessa helgi:

59.900 kr.



AEG

Þvottavél og þurrkari - parið á tilboðsverði:

159.900 kr.

ORMSSON  
SMÁRALIND

Auglýsingastofa Guðmar Önnur

KARATE

ÍSLANDSMEISTARAMÓTIÐ Í

# KATA

Íþróttahúsi Breiðabliks Smáranum Kópavogi

Laugardaginn 2. apríl kl. 13

Úrslit hefjast kl. 16  
Aðgangur ókeypis



## HVAD? HVENÆR? HVAR?

APRIL

30 31 1 2 3 4 5

## Laugardagur

## LEIKIR

- 13.00 **FH** og **Keflavík** mætast á Stjörnuvelli í 2. riðli A-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 13.00 **Vikingur** og **ÍBV** mætast í Víkinni í úrslitakeppni DHL-deildar kvenna í handbolta.
- 16.15 **Stjarnan** og **Gróttu/KR** mætast í Ásgarði í úrslitakeppni DHL-deildar kvenna í handbolta.
- 16.15 **Valur** og **FH** mætast í Valsheimilínu í úrslitakeppni DHL-deildar kvenna í handbolta.
- 16.15 **Haukar** og **Fram** mætast á Ásvöllum í úrslitakeppni DHL-deildar kvenna í handbolta.
- 16.15 **Grindavík** og **Keflavík** mætast í Grindavík í lokaúrslitum 1. deildar kvenna í körfubolta.

## SJÓNVARP

- 10.45 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn. Sýnt frá **Players-meistaramótinu** á bandarísku mótaröðinni í golfi.
- 10.55 **Formúla 1** á RÚV. Bein útsending frá fyrri tímatökunni fyrir kappaksturinn í Barein.
- 11.10 **Upphitun** á Skjá einum. Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 11.40 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Charlton** og **Manchester City** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 12.30 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn.
- 12.55 **Motorworld** á Sýn.
- 13.00 **Íþróttir** á RÚV.
- 13.25 **Sterkastí maður heims** á Sýn.
- 13.40 **Á vellinum með Snorra Má** á Skjá einum.



- 14.00 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Liverpool** og **Bolton** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 14.15 **NBA – bestu leikirnir** á Sýn. Sýnt frá leik **Los Angeles Lakers** og **Boston Celtics** í NBA-deildinni í körfubolta frá árinu 1985.
- 14.20 **Skíðamót Íslands** á RÚV.
- 14.40 **Skíðamót Íslands** á RÚV.
- 15.00 **Skíðamót Íslands** á RÚV.
- 15.20 **Skíðamót Íslands** á RÚV.
- 15.45 **Handboltakvöld** á RÚV.
- 15.45 **Íslenskur körfubolti** á Sýn. Útsending frá leik **Keflavíkur** og **Snæfells** + í lokaúrslitum Intersportdeildar karla í körfubolta.
- 16.10 **Íslandsmótið í handbolta** á RÚV. Bein útsending frá leik **Víkings** og **ÍBV** í úrslitakeppni DHL-deildar kvenna í handbolta.
- 16.10 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Southampton** og **Chelsea** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 17.45 **Fótbolti um víða veröld** á Sýn.
- 18.20 **Ítalski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **AC Milan** og **Brescia** í ítölsku A-deildinni í fótbolta.
- 20.25 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Villarreal** og **A. Bilbao** í spænsku 1.deildinni í fótbolta.
- 22.10 **Hnefaleikar** á Sýn. Bein útsending frá bardaga **Fernando Vargas** og **Raymond Joval**.

Stefán Arnarson, landsliðsþjálfari kvenna í handbolta, spáir í leiki 8 liða úrslita:

## Vonandi fáum við tvo oddaleiki

**HANDBOLTI** Fréttablaðið heyrði í Stefáni Arnarsyni, landsliðsþjálfara kvenna í handbolta, og fékk hann til þess að spá í leiki dagsins en fjórir leikir fara fram í átta liða úrslitum úrslitakeppni DHL-deildar kvenna í dag. Tvö einvígi eru að hefjast í dag en hjá hinum er komið fram í aðra viðureign en það lið sem fyrr vinnur tvo leiki tryggir sér sæti í undanúrslitum.

„Þetta verður mjög erfitt hjá bæði liðum Fram og Gróttu/KR og ég sé ekkert annað í stöðunni en að Haukar og Stjarnan klári þetta 2-0. Stjarnan er búin að vinna tíu marka sigra í öllum leikjunum við

Gróttu/KR í vetur og það virðist henta Gróttu/KR-liðinu mjög illa að spila á móti Stjörnunni. Gróttu/KR-liðið hefur samt staðið sig mjög vel í vetur og á að sjálfsgöðu möguleika en hann er ekki mikill. Fram-liðið hefur líka bætt sig mikið í vetur en Haukaliðið er hinsvegar gríðarlega sterkt og klárar það einvígi örugglega 2-0,“ segir Stefán um leiki Stjörunnar og Gróttu/KR í Ásgarði og Hauka og Fram sem fram fer á Ásvöllum en þetta eru fyrstu leikir í báðum þessum einvígum.

Stefán spáir hinsvegar jafnari leikjum í hinum tveimur

einvígjunum sem hófust á fimmtudagskvöldið. „Ég held að Víkingisliðið vinni ÍBV og tryggi sér oddaleik. Víkingur var að spila mjög vel í Eyjum og það munaði litlu að þær lönduðu sigri en ég spái því að við fáum úrslitaleik í Eyjum. Ég vona líka handboltans vegna að FH-liðið vinni á Hlíðarenda og að við fáum að minnsta kosti tvo oddaleiki í átta liða úrslitunum. Það er samt ómögulegt að spá fyrir um úrslit þessa leiks enda eru þetta tvö jöfn lið og því eru jafnmiklar líkur í mínun huga að FH tryggi sér annan leik og að Valur klári þetta 2-0,“ segir Stefán að lokum. ■



**GÓÐ Í MARKINU** Berglind Íris Hansdóttir og félagar hennar í Val geta tryggt sér sæti í undanúrslitunum á Hlíðarenda í dag.

# THE SIMPSONS

## THE COMPLETE FIFTH SEASON

### 22 ÞÆTTIR Á 4 DISKUM!



THE SIMPSONS  
THE COMPLETE FIFTH SEASON  
DVD COLLECTOR'S EDITION

**4.699 kr.**



DVD

**KOMNIR Í VERSLANIR SKÍFUNNAR!**



...skemmtir þér ; )

## PRODERM

Frábær kuldavörn  
Skráð læknavara. CESkjótvirk hjálp við húðþurrk,  
roða í kinnnum, sviða og kláða.  
Lagar varapurrk, þolir munnvatn.Húðin verður mjúk og fær  
jafnan litarhátt. Engin fituáferð.Á börn og fullorðna.  
100 skammtar í brúsa.

Fæst í apótekum



MYND: HELGI SJÓREYSSON



Að undanförunu hefur verið mikið í umræðunni hvort almenningur sé að eyða um efni fram og hvort lítið megi út af bregða til að hann fari hreinlega á hausinn.

Unglingar fá hvert gylliboðið á fætur öðru um yfirdráttarlán og lán til tölvu-, bíla- eða jafnvel íbúðakaupa. Þeim er talið trú um að þetta sé ekkert mál og ekkert saki þótt þeir taki smá lán. Eldra fólk sem er komið á vinnnumarkaðinn fær einnig hauginn allan af

gylliboðum sem stundum getur verið erfitt að hafna. Hver þotan á fætur annarri fer til og frá Kanaríeyjum með Íslendinga sem vilja spóka sig í sólinni og um hver mánaðamót flykkist fólk í Kringluna og Smáralind til að eyða kaupinu sínu í nýjar vörur. Að auki flykkist hópur fólks á tónleika eða fótboltaleiki erlendis eins og ekkert sé án þess að pyngjan virðist léttast að nokkru ráði.

Ný kynslóð er að rísa upp sem getur keypt allt sem henni dettur í hug þótt hún eigi ekkert endilega fyrir því. Ég hef ekkert á móti því að fólk taki lán og eyði peningunum sínum, svo lengi sem það á einhvern afgang eða er fært um

að borga lánin. Það er því miður alls ekki alltaf raunin og margir leiðast út í freistingarnar án þess að vita út í hvað þeir eru að fara. Ef það er ekki þegar komin fjármálaráðgjöf í framhalds- eða jafnvel grunnskóla þá ætti hún að byrja núna til að undirbúa unglunga undir hvað þeir eru að fara út í og hvernig lán virka. Þá verða þeir betur í stakk búnir til að meta hvort þetta eða hitt gylliboðið sé eitthvað sem henti þeim eða ekki.

Reyndar fór ég í Kringluna um daginn og keypti svo dýra skó að svitaperlur voru farnar að leka af enninu í stríðum straumum á búðargólfid. Innst inni vissi ég þó að ég væri ekki á leiðinni á hausinn, hvað sem síðar verður. ■

TERHI  
Vatnabátar

www.velasalan.is

Skoðið úrvalið á heimasíðu okkar og tryggð ykkur bát fyrir sumarið.



VÉLASALAN

Ánanaust 1 - Sími 580 5300  
velasalan@velasalan.is

Kaffikanna 1 l ryðfritt stál

REKSTRARVÖRULISTINN  
KAFFISTOFUVÖRUR

Sími 520 6666 • www.rv.is • Réttarháls 2

## myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli



## GELGJAN

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman



## PÚ OG PA

Eftir SÖB



## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott

Opið í dag  
frá 10-14.30Stór Humar  
5.900,-Medium Humar  
3.900,-Risaráekjur  
2.000,-Fiskbúðin Vör  
— Fiskikóngurinn —

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

## TÓNLIST



**BILLY CORGAN** Fyrrum forsprakki Smashing Pumpkins er mættur með nýja sólóplötu.

## Fyrsta sólóplata Corgans

Fyrsta sólóplata Billy Corgan, fyrrum forsprakka Smashing Pumpkins og Swan, nefnist The Future Embrace og kemur út 21. júní.

Fyrsta smáskífulagið nefnist Walking Shade en á plötunni er meðal annars hans útgáfa á lagi Bee Gees, To Love Somebody, þar sem Robert Smith úr The Cure syngur bakraddir. Jimmy Chamberlin, fyrrum trommari Pumpkins, ber síðan húðirnar í laginu DIA. Corgan samdi ljóðabókina Blinking With Fists á sama tíma og hann gerði plötuna og komst hún m.a. á lista yfir vinsælustu bækur New York Times. ■

## TÓNLIST



**VINYL** Hljómsveitin Vinyl fær ekki góða dóma gagnrýnanda pittnews.com.

## Slæm útreið í Bandaríkjunum

Plata rokk sveitarinnar Vinyl, EP, fær slæma útreið á heimasíðu Pittsburgh-háskóla í Bandaríkjunum, pittnews.com. Fær hún aðeins hálfa stjörnu af fjórum mögulegum.

Þar segir gagnrýnandinn að bæði Björk og Sigur Rós hafi sett há viðmið fyrir þá tónlist sem kemur frá Íslandi og því miður náí Vinyl ekki að uppfylla þær væntingar. Hljómborðsleikur plötunnar er sagður alltof áberandi, bassaleikurinn leiðinlegur, auk þess sem söngurinn er gagnrýndur fyrir að vera þvingaður. Textagerðin er einnig sögð vera innihaldsrýr. ■

SONY

# 2005 árgerðin er komin!

- Carl Zeiss linsa
- 20x optical og 800x stafrænn aðdráttur
- Tengistöð fylgir!



### DCR-HC22 Stafræn MiniDV myndbandstökuvél.

- 800 þúsund pixla myndflaga
- 20x aðdráttur um Carl Zeiss linsu
- 800x stafrænn aðdráttur
- DV inn/út • Snertiskjár • Tengistöð fylgir

**Verð 5.980 krónur**  
vaxtalaust\* í 12 mán. eða  
71.760 krónur staðgreitt



**Carl Zeiss linsa**  
Linsumar frá Zeiss tryggja hámarks dýpt og lita-aðgreiningu myndarinnar.



**Snertiskjár**  
Allar aðgerðir er framkvæmdar á skjánum í stað hefðbundina hnappa.

## Kauptu Sony hjá Sony

You make it a Sony

\*Miðað við 12 jánar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Sony Center Kringlunni

www.sonycenter.is

# birta

» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ Á ÞRIÐJUDÖGUM

birta

## GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!

### DEKKJA LAGERINN

SPARADU  
PENINGA

EITT SÍMANÚMER  
UM LAND ALLT

**755 3355**



MICHELIN

BFGoodrich



## MÓÐUR VIKUNNAR

> MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN

# Rómantískt hárskraut á uppleið

Uppgreiðslur, flauel, silki, fjaðrir, borðar, hárskraut og fleira skemmtilegt einkenndi kvikmyndina Vanity Fair sem ég fór á í vikunni. Alveg magnað hvað búningarnir og hárgreiðslurnar náðu til mín. Leikkonan Reese Witherspoon geislaði af fegurð og hárpökka, en hárið á henni var ekki eins í neinum tveimur atriðum. Myndin gerist á tímum Napoleons og er rómantíkin allsráðandi á þessu tímabili þrátt fyrir styrjaldir. Á leið heim úr Laugarásbíói var ég við það að detta ofan í einhvern drullupytt vegna eftirsjár eftir löngum lokkum sem voru látnir fjúka á dögum. Ég hugsaði til þess hvað það hefði verið dásamlegt að geta fléttáð hárið í uppgreiðslur, bætt við fjöðrum, borðum og öðrum fínheitum. Þessar greiðslur eru kannski ekki sérlega Fréttablaðsvænar, allavega ekki svona dags daglega og væru út fyrir kjánamörk við gallabuxurnar og mussuna. Þegar árhátíðir eru annars vegar má hins vegar tjalda því sem til er og ef það er ekki til má kaupa það. Mér finnst kvenþjóðin eigi að leggja meira upp úr rómantískum viðhafnargreiðslum þegar haldið er á sparifagnaði. Hár og fördun skiptir oft mun meira máli en kjóllinn sjálfur. Íslenskar konur verða að fara að átta sig á því að tími fuglahræðugreiðslunnar er liðinn. Það er ekkert ljótara en þegar hárið er spenn frá andlitinu og endar í rytjulegu hreiðri í hnakkamum. Mætti ég frekar biðja um hárskraut í rókókóstíl, glitrandi gimsteinakamba og karmenrúllur. Í leit minni að fallegu hárskrauti hrasaði ég um gersemar í Hattabúð Reykjavíkur. Um er að ræða fjaðrahárskraut sem fest er á kamb. Það er auðvelt að koma þessu fineríu fyrir á höfðinu og gerir kraftaverk fyrir hárið. Ævintýrlegt hárskraut er líklega fánlegt í fleiri verslunum á landinu og heyrst hefur að oft meigi hnjóta um fagurt hárskraut í versluninni Debenhams í Smáralind. Einnig er hægt að kaupa fjaðrir í lausu og skella í hárið á sér við hátíðleg tækifæri og leyfa sköpunarkraftinum að njóta sín.



EIGENDUR LAKKRISBÚÐARINNAR Puriður Rós og Þór Sigurbórsbörn ásamt Andreu Maack.



# Frumleg jaðarhönnun

Lakkrisbúðin opnar á ný eftir breytingar.

Að Laugavegi 12b er lítil verslun sem selur fatnað eftir erlenda og íslenska fatahönnuði ásamt skartgripum eftir franska hönnuði. Hún ber nafnið Lakkrisbúðin. Eigendur verslunarinnar eru Þuriður Rós Sigurbórsdóttir, Andrea Maack og Þór Sigurbórsdóttir sem eru öll á kafi í listaheiminum ásamt því að reka verslunina. Þuriður Rós Sigurbórsdóttir er fatahönnuður en hún lærði í St. Martins í Lundúnum en það er sami skóli og Stella McCartney nam sín hönnunarfræði í. Þuriður kennir í hlutastarfi við hönnunardeild Listaháskóla Íslands en um þessar mundir stundar hann framhaldsnám í myndlist í borginni Vín í Austurríki. Andrea Maack er kærasta Þórs en hún stundar myndlistarnám við Listaháskólann. Andrea og Þuriður eru líka tengdar, því þær kynntust í Lundúnum en Andrea bjó þar um fimm ára skeið. Sökum mikils hönnunarhuga ákváðu þau að sameina krafta sína og flytja inn fatnað eftir uppháldahönnuðina sína. Þau segja það mikinn kost að reka Lakkrisbúðina þrjú saman, því þau hafi öll frelsi til að sinna öðrum verkefnum með verslunarrekstrinum.

„Við lögðum upp með að versla við unga hönnuði sem okkur þykja flottir. Einnig fannst okkur skipta miklu máli að hönnuðirnir væru komnir á þann stað að vera með tvær línur á ári,“ segir Þuriður. Aðalhönnuðirnir í Lakkrisbúðinni eru Emma Cook, Peter Jensen, Siv Stoldal og Henrik Vidkov. Hin breska Emma Cook er farin að selja hönnun sína í sínum verslunum í París og í Lundúnum. Hún leggur mikið upp úr gæðafnum og notar prenttæknina mikið. Allt sem kemur frá Emmu er yfirmáta kvenlegt og rómantískt. Í Lakkrisbúðinni er þó alls ekki bara að finna kvenmannsföt heldur leggja þau Þuriður, Andrea og Þór mikið upp úr því að vera með föt fyrir stráka.

„Peter Jensen gerir bæði stelpu- og strákaföt og hönnun hans er uppfull af húmor,“ segir Andrea og hin taka undir og segja að það

sé að verða mikil vakning hjá strákum og það smiti út frá sér.

### Sækja viðskiptavinum í Listaháskólann

Í gær opnaði Lakkrisbúðin aftur eftir breytingar en þremmingarnir voru að stækka verslunina. „Við ákváðum að nýta plássíð á bak við svo við kæmum fyrir meira af vörum. Ætlunin er að vera með sjónvarp á bak við svo við getum sýnt videolist,“ segir Þuriður og bætir við að þau leggi mikið upp úr því að glugginn sé ávallt áhugaverður. Til þess fá þau hjálp frá mismunandi fólki sem leggur sitt á vogarskálarnar til að hafa gluggann sem flottastan. Við opnunina í gær var gluggi franska tískuhönnuðarins Sebastians Lionel sýndur en hann er að kenna um þessar mundir í Listaháskólanum. Einnig var ný fatalína eftir Sebastian kynnt en hún er seld í Lakkrisbúðinni. Aðspurð um það hvernig þessi breska jaðarhönnun fari í landann segjast þau fá góðar undirtektir.

„Við erum með okkar fasta kunnahóp sem er að „fíla“ þessi föt. Stór hluti af þeim eru nemendur úr Listaháskólanum. Það er líka mikið um það að fólk komi inn af götunni og reki inn nefið. Það kemur mörgum á óvart að við séum að selja fatnað eftir þessa hönnuði,“ segir Þuriður. Hún segir jafnframt að þau vinni mjög faglega saman þótt þau séu öll tengd og taki engar stórar ákvarðanir nema hinir samþykki þær. „Í fjölskylduböðum reynum við að tala um eitthvað annað en Lakkrisbúðina.“ segir Þuriður og bætir við að þau hafi skemmtilegt viðhorf gagnvart búðinni og þau séu bara í þessum rekstri til að hafa gaman.“

martamaria@frettabladid.is

Í LAKKRISBÚÐINI eru seldar vandaðar flíkur sem standast tímans tönn. m.a. Gulrólarpeysu úr smíðju Peter Jensen.

# MCPLANET

VORLÍNAN ER KOMIN!

FRÍSKLEG OG FALLEG HÖNNUN

**MCPLANET VERSLUN**  
Austurhraun 3  
210 Garðabær  
s: 533 3805

**OPIÐ:**  
mán - fös 10 - 18  
lau 12 - 16

FRANSKT OG GLÆSILEGT

Ef þú kaupir **Séð og Heyrt** næstu vikurnar finnur þú lukkunúmer í miðopnu sem er bara í blaðinu þínu. Sendu okkur lukkunúmerið þitt með **SMS** og þú átt möguleika á því að komast frítt í glæsilega sólarlandaferð með **Sumarferðum** með alla fjölskylduna. Ekki nóg með það heldur geturðu líka fengið **ego** kort með 250 þúsund króna inneign og við færum þér vandað ferðatöskuset frá **Samsonite** undir farangurinn.

Frábær ferðaleikur!

SÓLSKINSBROS  
SÉÐ OG HEYRT

Láttu mömmu vita!

SÉÐ OG HEYRT

GERIR LÍFID SKEMMTILEGRA!



**INDVERSK MUSSA** úr versluninni Kultur í Kringlunni. Hún kostar 15.990 krónur.

## Indverskt og gegnsætt

Þjóðernistískan myndi hafa vinninginn ef tískustraumarnir yrðu verðlaunaðir eftir vinsældum. Í tískublöðum, sjónvarpinu og í verslunum víða um heim er fátt eins áberandi og hálfgegnsæjar mussur úr bómullarefni. Palliettum, perlum og öðru skrauti er jafnframt blandað inn í þessa tísku svo áhrifin verða svo sjarmerandi að það er ekki annað hægt en að taka upp veskið og fjárfesta. Mussurnar eru æðislegar við þröngar gallabuxur eða stutt pils og ekki er verra að vera í groddalegum stígvélum við.



## Mikið í fötum af ömmu og mömmu

**> SÓLEY KRISTJÁNSDÓTTIR SÁLFRÆÐINEMI, PLÖTUSNÚÐUR OG FYRIRSÆTA Á ÆVINTÝRALEGAN FATASKÁP. HÚN SEGIST ÞÓ VERA AÐ SPARA SIG Í FATAKAUPUM ÞESSA DAGANA ÞVÍ UM MIÐJAN MAÍ ÆTLAR HÚN TIL SUÐAUSTUR-ASÍU OG ÁSTRALÍU MEÐ SAMBYLISMANNI SÍNUM. ÞAU ÆTLA AÐ FERÐAST UM ÞESSI SVÆÐI Í FIMM VIKUR MEÐ BAKPOKA OG ÆVINTÝRAPRÁ AÐ VOPNI.**

>>>

**Uppáhaldshönnuðir?** Mér finnst stelpurnar í Aftur gera mjög flott fót ásamt **júniform**. Spaksmannspjarir eru líka mjög ofarlega á listanum þótt þær séu kannski ekki beint í mínum stíl en mér finnst fötin þeirra alltaf jafn falleg á öðrum. Hvað erlenda hönnuði varðar er ég mjög hrifin af Alex-

ander McQueen og Gucci. Prada er líka alltaf klassískt.

**Fallegustu litirnir?** Í augnablikinu er ég mest hrifin af brúnum, **appelsínugulum**, grænum og gylltum.

**Hverju ertu mest svag fyrir?** Mér finnst alltaf gaman að fá mér nýja skó sem er kannski ekki skrytið því ég er hinn mesti **skóböðull**. Einhverveginn næ ég alltaf að eyðileggja á þeim hælinn eða tána. Svo er ég alltaf svolítið veik fyrir handtöskum og efri pörtum. Ég legg meira upp úr því að eiga efri parta til skiptanna því þá kemst ég upp með að vera mikið í sömu buxunum.

**Hvaða flik keyptir þú þér síðast?** Ég keypti mér kjól og topp í Aftur systur í Danmörku. Kjöllinn er geðveikur en hann lítur úr eins og gardína frá Viktorítímanum úr **dimmfjólubláu** efni og hólkvíður. Það er því mjög flott að vera með belti við hann. Toppurinn er svartur og bleikur en hann er saumaður upp úr gömlum bolum.

**Hvað finnst þér mest sjarmerandi í vor- og sumartískunni?** Ætli það séu ekki kjólar og pils og öll þessi **viðu** föt.

Ég er líka hrifin af öllum þessum dempuðu litum sem eru svo heitir.

**Hvað ætlar þú að kaupa þér fyrir vorið?** Kannski fleiri **kjóla** og toppa, er samt lítið farin að spá í því.

**Uppáhaldsverslun?** Spútník.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í fót á mánuði?** Það fer allveg eftir launum hverju sinni og er því æði misjafnt. Ég eyði ekki miklu núna því ég er í skólanum og er að fara í **utanlandsferð**. Þessa stundina er ég meira í því að grafa upp gömul fót frá ömmu og mömmu og nota þau upp á nýtt.

**Hvaða flikur gætir þú ekki verið án?** Hettupeysu, því ég er alltaf í svartri, stuttri **hettupeysu** með rennilás undir jökkum svo mér verði ekki kalt.

**Uppáhaldsflik?** Nýi kjöllinn minn frá **Aftur** er í upphaldi í augnablikinu.

**Ljótasta flik sem þú hefur keypt þér?** Ætli það séu ekki fjólubláar **slönguskinnsbuxur** sem ég keypti í Kjallaranum fyrir sjö árum eða meira. Þær voru hrikalegar.

## Pólitísk naglatíska

Naglatíska fer oftast frekar hefðbundnar leiðir og miðast þá helst við það, hvaða litir af naglaklakki eru heitir hvenær og hverjir ekki. Af og til skjóta þó óvenjuleg fyrirbæri upp kollinum í naglatískunni og hafa þau hingað til falist í steinum, skrauti eða skarti sem límt er á neglurnar. Einnig hafa gelneglurnar svokölluðu verið gifurlega vinsælar en sem betur fer er sú tíska á undanhaldi.

Í Póllandi hefur vægast sagt furðuleg naglatíska skotið upp kollinum og það heitasta í dag er að skreyta neglurnar með portrettmyndum af þekktum stjórnmálamönnum.

Á myndinni sýnir stúlka frá borginni Czestochowa í suðurhluta Póllands þumla sína og skartar annar mynd af pólska stjórnmálamanninum Lech Walesa en hinn mynd af Bandaríkjaforseta, George W. Bush. Hver veit nema í sumar verði hægt að sjá íslenskar stúlkur með neglur sínar skreyttar myndum af Ingibjörgu Sólrúnu, Davíð Oddssyni, Þorgerði Katrínu eða öðrum stjórnmálamönnum.



**NAGLATÍSKA** Nýjasta naglatískan í Póllandi felst í því að neglurnar eru skreyttar með myndum af þekktum stjórnmálamönnum.

**15% TAX FREE**  
afsláttur af öllum vörum  
á laugavegi í dag  
opið 11-17



sautján  
j e a n s

eva

gs skór

galleri sautján

Kjallarinn  
merkjavara á 50% afslætti

LAUGAVEGI 89-91

## Ferill Vilborgar rakinn

Vilborg Dagbjartsdóttir verður á Ritþingi í dag í Gerðubergi. Vilborg hefur gefið frá sér fjölda rita fyrir börn, bæði barnabækur, sagnabækur og námsefni auk fjögurra ljóðabóka. Hún hefur starfað sem rithöfundur og barnakennari um árabil en hefur nú hætt kennslu. Hún varð fyrst manna til að fá verðlaun Jónasar Hallgrímssonar árið 1996 og hefur hún síðan hlotið fjölda annarra viðurkenninga og verðlauna. Í árána rás hefur Vilborg stundað nám í leiklist og bókasafnsfræðum auk þess sem hún er lærður kennari. Vilborg mun rekja feril sinn á Ritþinginu með aðstoð spyrna og áheyrenda. Spyrnar í dag eru Guðbergur Bergsson rithöfundur og Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur. Viðar Eggertsson og Steinunn Ólafsdóttir lesa einnig brot úr verkum Vilborgar. Ritþing Gerðubergs hófu göngu sína í mars árið 1999 og hefur fólk eins og Guðbergur Bergsson, Guðrún Helgadóttir, Steinunn Sig-



**VILBORG DAGBJARTSDÓTTIR** Hún fer yfir feril sinn á Ritþingi í Gerðubergi í dag með hjálp spyrna og áheyrenda.

urðardóttir, Árni Ibsen, Þórarinn Eldjárn og fleiri komið fram á slíkum ritþingum. Ritþingið í dag hefst klukkan hálfvö.

### EKKI MISSA AF...

... tónleikum **Gunnars Kvaran** sem flytur allar sex sellósvitur **Jóhannesar Sebastians Bach** á tvennum tónleikum í Salnum. Á fyrri tónleikunum flytur hann einleikssvitur númer 2, 4 og 3.

... sýningu **fyrsta árs nema** í grafískri hönnun **Listaháskóla Íslands** sem sýna tillögur sínar að plakati **Unglistar 2005** í Gallerí Tukt, Hinu Húsinu.

... endurflutningi **kórs Langholtskirkju** á **Jóhannesarpassi** eftir J.S. Bach ásamt einsöngvurunum **Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur**, **Dóru Steinunni Ármannsdóttur**, **Þorbirni Rúnarssyni**, **Ágústi Ólafssyni** og **Bergþóri Pálssyni**. Kammersveit Langholtskirkju leikur með, konsertmeistari er **Júlíana Elín Kjartansdóttir** og stjórnandi **Jón Stefánsson**.

# menning

menning@frettabladid.is

**H.C. ANDERSEN 200 ÁRA VEISLA Í DAG FRÁ 15-17 Í LEIKHÚSKJALLARANUM!**

**Stóra sviðið kl. 20.00**  
**EDITH PIAF** - Sigurður Pálsson  
 Í kvöld lau. 2/4 **uppselt**, sun. 3/4 **örfá sæti laus**, fim. 7/4 **uppselt**, fös. 8/4 **uppselt**, lau. 16/4 **uppselt**, lau. 23/4 **uppselt**, lau. 30/4 **örfá sæti laus**, lau. 7/5 **nokkur sæti laus**, fim. 12/5 **örfá sæti laus**, fös. 13/5 **nokkur sæti laus**.

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - Ævintýraheimur H.C. Andersen, Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.  
 Sun. 3/4 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 10/4 kl. 14:00 **uppselt**, sun. 17/4 **uppselt**, sun. 24/4 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**, sun. 1/5 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**.

**MÝRARLJÓS** - Marina Carr  
 Lau. 9/4 **nokkur sæti laus**, fös. 15/4 **nokkur sæti laus**, fim. 28/4.

**Smíðaverkstæðið kl. 20.00**  
**GRJÓTHARÐIR** - Hávar Sigurjónsson  
 Mið. 6/4 **örfá sæti laus**, lau. 9/4 **örfá sæti laus**, fim. 14/4 **uppselt**, fös. 15/4 **nokkur sæti laus**, fim. 21/4. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

**Litla sviðið kl. 20.00**  
**KODDAMAÐURINN** - Martin McDonagh  
 Frumsýning mið. 13/4 **uppselt**, fim. 14/4 **örfá sæti laus**, sun. 17/4, fös. 22/4, fös. 29/4. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasala er lokuð til þri. 29/3. Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is  
 Veffang: www.leikhusid.is Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.  
 Þjóðleikhúsið sími 551-1200

**Avxtakarfan**  
 Í AUSTURBÆ  
**Birgitta**  
 Gæddu Gættu

...Ef horft er á í réttu ljósi hve lífið er stutt og lukkan svo hverful og smá. Ef horft er á í réttu ljósi. Hver dagur er gjöf, svo margt sem að hægt er að sjá.

Við syngjum saman. Eitt fyrir alla-gengur fyrir einn. Einn fyrir alla og allir fyrir einn.....

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.14 til kl.18 pantanir í síma 551 4700 www.avxtakarfan.is

Sunudagur	3. Apríl	kl: 13:30
Sunudagur	10. Apríl	kl: 13:30
Sunudagur	17. Apríl	kl: 13:30
Sunudagur	24. Apríl	kl: 13:30

**H.C. Andersen**  
**200 ára í dag!**

Afmælisveisla í Leikhúskjallaranum frá 15-17  
 Tónlist, leikur, gleði!

Brynhildur Guðjónsdóttir, Gísli Marteinn Baldursson, Kristín Helga Gunnarsdóttir og Þórarinn Eldjárn lesa uppáhaldsævintýrið sitt - Klippimyndasamkeppni

**Ókeypis aðgangur**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



**BJARNI HINRIKSSON** Segir myndasögusýninguna í Hafnarhúsinu hafa gengið vel. „Ég veit að skólarnir hafa verið duglegir að bóka heimskórnir sem er mjög gott fyrir safnið sem fær inn fólk sem hefur ekki sótt söfn mikið.“

## Fleiri spurningar en svör

Myndasögur eru mál málanna um helgina en Listasafn Reykjavíkur, Borgarbókasafnið og verslunin Nexus efna til tveggja daga málþings um þetta fjölbreytta menningarfyribæri í dag og á morgun. Málþingið er haldið í tilefni af sýningunni Níán – Myndasögumessa sem opnuð var í Hafnarhúsinu í síðasta mánuði.

Málþingið skiptist í tvennt en á laugardaginn verður fjallað um myndasöguna og myndlistina en á sunnudaginn verður sjónum beint að sambandi myndasögunnar og bókmenntanna.

Fyrri hluti málþingsins hefst í Hafnarhúsinu klukkan 14 á morgun og stendur til 16 en frummælendur þar eru Bjarni Hinriksson, myndasöguhöfundur og sýningarstjóri Myndasögumessunnar, Inga María Brynjarsdóttir, grafískur hönnuður, og Þorbjörg Gunnarsdóttir, safnafræðingur og deildarstjóri safna-deildar Listasafns Reykjavíkur.

„Við þrjú munum hafa smá innangang að þessu og svo tekur pallborði við,“ segir Bjarni Hinriksson sem gerir ráð fyrir líflegum samræðum um myndasöguna og listina. „Ég mun taka sýninguna fyrir í minni framsögu og greina frá því hvernig við nálguðumst þetta viðfangsefni og hver markmið okkar með uppsetningu sýningarinnar voru. Þá mun ég einnig velta fyrir mér tengslum myndasögunnar og myndlistarinnar í aðeins víðara samhengi.“

Inga María mun fjalla um myndlistina í íslensku myndasögum og skoða þá tengingu í sögulegu samhengi og Þorbjörg, sem er sérfræðingur Listasafns Reykjavíkur í Erró, mun ræða um Erró og myndasögurnar.

„Við setjum þetta svona upp,“ segir Bjarni, „og svo verður talað áfram um þetta í pallborði.“

Bjarni segir að yfirskrift sýningarinnar, Níán, vísi til þess að

sumir vilji setja saman lista yfir listgreinar og flokka myndasöguna sem níundu greinina. „Mér finnst það ekki vera meginmálð hvernig þetta er flokkað og ég held að fólk þurfi ekki að velta því mikið fyrir sér. Þetta er samt ágætis útgangspunktur og það er sjálfsagt að fólk staldri við og líti á myndasöguna sem fullskapað tjáningarform sem ber að taka alvarlega enda rúmast allt innan hennar og hún nær frá hreinni afþreyingu til persónulegri höfundaverka.“

Málþingið heldur áfram klukkan 14 á sunnudaginn í Borgarbókasafninu en þar velta Úlfhildur Dagsdóttir, bókmenntafræðingur, Heimir Snorrason, gagnrýnandi og rithöfundurinn Sjón fyrir sér sambandi myndasögunnar við bókmenntirnar. „Þetta verður rætt vítt og breitt en ég held að það verði heldur meira um spurningar heldur en svör.“

thorarin@frettabladid.is

## Jóhannesarpassián

Johannes - Passion J.S. Bach



**Kór Langholtskirkju**  
 Kammersveit Langholtskirkju  
 Konsertmeistari:  
 Júlíana Elín Kjartansdóttir

Einsöngvarar:  
 Ólöf Kolbrún Harðardóttir  
 Dóra Steinunn Ármannsdóttir  
 Þorbjörn Rúnarsson  
 Ágúst Ólafsson  
 Bergþór Pálsson  
 Stjórnandi:  
 Jón Stefánsson

Langholtskirkju  
 Á föstudaginn langa 25. mars kl. 16.00  
 Laugardaginn 2. apríl kl. 18.00

Aðgangseyrir 3500 krónur en 2800 fyrir elliðfeyrisþega og nema Miðapantanir í síma 520 1300 og netfang klang@kirkjan.is



# Tónaflóð og fjörugt ævintýri í minningu H.C. Andersen

Fjör og ævintýri verða í hávegum höfð á fjölskyldutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói í dag. Dagskráin er helguð minningu H.C. Andersen en hann fæddist þennan dag fyrir 200 árum og verður fæðing hans minnst víða um heim.

„Ég á von á því að þetta verði ansi skemmtilegir tónleikar. Við byrjum á smá uppákomu í byrjun verks, sem er hálgert leyndarmál og má ekki upplýsa fyrr en á tónleikunum, og svo spilum við verkið Hljómsveitin kynnir sig eftir Benjamin Britten. Þá eru öll hljóðfærin stungin út og svo er spilað smá verk,“ segir Örn Árnason leikari sem verður kynnir og sögumaður á tónleikunum í dag en hljóm-sveitarstjóri er Guðmundur Óli Gunnarsson. „Síðan spilum við Forleik að Nýársnótt eftir Árna Björnsson fyrir hlé en eftir hlé er það ævintýrið Förunauturinn eftir H.C. Andersen við tónlist danska tónskáldsins Fuzzy.“

Örn hefur áður verið sögumaður hjá Sinfóníuhljómsveitinni meðal annars við Pétur og úlfinn og Fíl



**SINFÓ Á ÆFINGU** Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur fjölskyldutónleika í dag og heiðrar minningu H.C. Andersen.

inn Babar. „Ég er með hljóðnema og tala ofan í hljómveitina, sem gerir söguna miklu áhrifameiri,“ útskýrir Örn. Hann segir það allt annað að lesa upp með hljómveit en leika í hefðbundnu verki. „Með hljómveitinni þarf ég að lesa í ákveðnum takti til að passa við

hana – svo ég skauti ekki frá henni,“ segir Örn Árnason sögumaður og leikari.

Tónleikarnir hefjast klukkan 15.00 og er miðaverði stíllt í hof, þúsund krónur fyrir börn en fimmtán hundruð fyrir fullorðna. Miðasala hefst klukkan 13. ■

## HVAD? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

30 31 1 2 3 4 5

### Laugardagur

- **TÓNLEIKAR**
- 17.00 **Alliance française** býður á tónleika með **Elios** og **Boulou Ferré**, þekktum djasstónlistarmönnum á Nasa.
- 17.00 **Lúðrasveit Reykjavíkur** heldur tónleika í Valaskjálfi á Egilsstöðum.
- 17.00 **Maija Kovalevska** sópran-söngkona og **Dzintra Eriha** pianóleikari, margverðlaunaðar ungar og upprennandi stjórnur frá Lettlandi, halda tónleika á Ísafirði.
- 18.00 **Kór Langholtskirkju** flytur **Jóhannesarpassiuna** eftir J.S. Bach ásamt einsöngvurunum **Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur**, **Dóru Steinunni Ármannsdóttur**, **Þorbirni Rúnarsyni**, **Agústi Ólafssyni** og **Bergþóri Pálssyni**. Kammersveit Langholtskirkju leikur með, konsertmeistarari er **Júliana Elin Kjartansdóttir** og stjórnandi **Jón Stefánsson**.
- 20.00 **Gunnar Kvaran** flytur allar sex sellósvitur Jóhannesar Sebastians Bach á tvennum tónleikum í Salnum. Á fyrri tónleikunum flytur hann einleikssvitur númer 2, 4 og 3.
- 22.00 Rokkhljómssveit Rúnars Júlíussonar leikur fyrir dansi í Vélsmíðunni Akureyri.
- 23.00 **Shadow Parade**, **Lokbrá** og gestir leika á Grand Rokk.
- **OPNANIR**
- 14.00 **Regína Loftsdóttir** opnar sýningu í **Gallerí Sævars Karls**, Bankastræti.
- 14.00 **Regína Loftsdóttir** opnar sýningu í **Gallerí Sævars Karls**, Bankastræti.
- 15.00 **Nikulás Sigfússon** opnar sýningu á vatnslitamyndum í sýningarsal Íslenskrar Grafíkur, Tryggvögutu 17.
- 17.00 **Birgir Breiðdal** mun opna

málverkasýningu á Kaffi Solon. Sýningin stendur til 30. apríl.

- 20.00 Sýning **Baldurs Geirs Braganar**, „Vasamálverk“, verður opnuð í Gallerí Dvergi, Grundarstíg 21.

### SKEMMTANIR

- 22.00 Hljómsveitin **Hafrót** leikur á Ránni Keflavík.
- 22.00 Hljómsveitin **Úlfarnir** leikur í Klúbbnum við Gullinbrú.
- 23.00 Hljómsveitin **Sixties** heldur fjörinu uppi á **Kringlukránni** í kvöld. Stuðið hefst kl. 23.
- 23.30 **Svali** spilar á Kaffi Solon.
- Dúettinn **Halli** og **Kalli** skemmtir á Ara í Ögri.

### FYRIRLESTRAR

- 13.30 **Vilborg Dagbjartsdóttir** verður á Ritþingi í Gerðubergi. Stjórnandi er dr. **Dagný Kristjánsdóttir** prófessor. Spylar eru **Guðbergur Bergsson** rithöfundur og **Soffía Auður Birgisdóttir** bókmenntafræðingur. **Viðar Eggertsson** og **Steinunn Ólafsdóttir** lesa brot úr verkum Vilborgar.

### FUNDIR

- 11.30 **París**, félag þeirra sem eru einir, heldur félagsfund á Kringlukránni.

### SÝNINGAR

- 12.00 **Sigurður Hrafn Þórólfsson** gullsmíður heldur sýningu á silfurmunum í Norræna húsinu. Sýningin stendur til 17. apríl.
- 14.00 Myndlistarmaðurinn **Sigríður Erla Guðmundsdóttir** heldur sýningu á nýju verki að heimili sínu að Prastarási 3, Hafnarfirði. Verk Sigríðar liggur í 65 fermetra gólf og er það unnið úr íslenskum leir úr Dalasýslu. Sýningin verður aðeins opin þennan eina dag klukkan 14-20.
- 16.00 **Fyrsta árs nemar í grafískri hönnun** Listaháskóla Íslands sýna tilögur sínar að plakati **Unglistar 2005** í Gallerí Tukt, Hinu húsinu.

## Leikfélag Mosfellssveitar

**Ævintýrabókin**  
barnaleikrit eftir Pétur Eggertz í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ  
Leikstjóri Ingrid Jónsdóttir

- 4. sýning Sunnud. 03. apríl kl. 14:00
- 5. sýning Sunnud. 10. apríl kl. 14:00
- 6. sýning Sunnud. 17. apríl kl. 14:00
- 7. sýning Laugard. 23. apríl kl. 14:00

*Leikritið segir frá hinum ýmsu persónum ævintýranna sem allir þekkjast svo vel þó á annan hátt en í hinum rauverulegu ævintýrim. Persónur eru m.a. Mjallhvít, Raudhetta og úlfurinn, Prinsessan á bauninni, Óskubuska, Stigvélaló kötturinn og fl.*

Miðasala í síma 5 66 77 88  
Miðaverð kr. 1500,-

## GERÐUBERG



**RITPING**  
**VILBORG DAGBJARTSDÓTTIR**  
laugardaginn 2. apríl 13.30 - 16.00

Stjórnandi: dr. Dagný Kristjánsdóttir  
prófessor. Spylar: Guðbergur Bergsson rithöfundur og Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur

**MARÍA JÓNSDÓTTIR**  
Sýningin GULLPRÆÐIR í Boganum

Sýningin HRATT OG HÖMLULAUST - Rauveruleiki íslensku fjölskyldunnar?

www.gerduberg.is

**Sýnt í Borgarleikhúsinu!**

<b>Fimmtudagur</b>	<b>21. apríl</b>	<b>FRUMSÝNING</b>	<b>kl. 14.00</b>
- Sumardagurinn fyrsti			
Laugardagur	23. apríl	2. sýning	kl. 14.00
Sunnudagur	24. apríl	3. sýning	kl. 14.00
Sunnudagur	1. maí	4. sýning	kl. 17.00
Sunnudagur	1. maí	5. sýning	kl. 14.00
Fimmtudagur	5. maí	6. sýning	kl. 14.00
- Uppstigningardagur			
Laugardagur	8. maí	7. sýning	kl. 14.00
Sunnudagur	9. maí	8. sýning	kl. 14.00

**MÍÐASALAN ER HAFIN**  
á [www.borgarleikhus.is](http://www.borgarleikhus.is)  
og í síma 568 8000

Sveppi er **KALLI** A PAKINU  
Eftir Astrid Lindgren

Nemendafélag Fjölbrautaskólans í Garðabæ kynnir

# MULAN RÚS

Í leikstjórn Bjarkar Jakobsdóttur

„Fyrir svona sýningu er bara hægt að hrópa húrra.“ Mbl. 18. mars 2005

**Sýningar:**  
Í dag laugardag 2. apríl kl. 20  
Þriðjudaginn 5. apríl kl. 20 **LOKASÝNING**

**Miðasala á skrifstofu FG og í síma 520-1600 frá kl. 9 - 18 virka daga**

**ÖRFÁIR MIÐAR EFTIR Miðaverð 1500 kr.**

**BROADWAY** www.broadway.is  
Sími: 533-1100

Veislusalir fyrir öll tilefni

**medalltáhreinu**

Síðustu sýningar  
2. apríl og Brimbó  
3. apríl og Hunang  
16. apríl og Hunang  
23. apríl og Hunang

Þjóðin sá myndina - ekki missa af söngleiknum

**Tenórinn** Leikfélagið Snúður og Snældu sýnir:

**Ástandið**

**Vegna fjölda áskorana verða tvær aukasýningar**

Föstudaginn 15. apríl kl. 20  
Laugardaginn 23. apríl kl. 20

**Sögur kvenna frá hernámsárunum**

Kvöldsýning sunnudagskvöldið 3. apríl kl. 20  
Síðasta sýning miðvikudag 6. apríl kl. 15

**ÍÐNÓ** Miðasala í síma 562 9700 [www.idno.is](http://www.idno.is)

**Tjarnarbakkinn** RESTAURANT

# BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

**STÓRA SVIÐ**

**DRAUMLEIKUR**  
e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.  
Lau 9/4 kl 20, Su 10/4 kl 20, Fi 14/4 kl 20  
**Síðustu sýningar**

**HÍBÝLI VINDANNA**  
leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar  
Fi 7/4 kl 20, Fö 8/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20, Fi 21/4 kl 20, Fö 22/4 kl 20, Lau 30/4 kl 20

**HÉRI HÉASON**  
e. Coline Serreau  
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20

**LÍNA LANGSOKKUR**  
e. Astrid Lindgren  
Í dag kl 14 - Aukasýning  
Su 3/4 kl 14 - Aukasýning  
**Lokasýningar**

**LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA**  
- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI

Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin  
Kl 18:30 Kynniserfð um leikhúsið  
- kynning á verki kvöldsins  
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins  
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins  
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKID Í TÍMA

**NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/PRÍDJÁ HÆÐIN**

**SEGÐU MÉR ALLT**  
e. Kristínu Ómarsdóttur  
Lau 9/4 kl 20, Su 17/4 kl 20  
**AUSA eftir Lee Hall**  
Í samstarfi við LA.  
Su 3/4 kl 20  
Fi 21/4 kl 20 - **Síðasta sýning**  
- Ath: Miðaverð kr. 1.500

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**  
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.  
Í kvöld kl 20 - **UPPSELT**,  
Su 3/4 kl 20 - **UPPSELT**,  
Fi 14/4 kl 20 - **UPPSELT**,  
